Árbók Íslands 2008

Heimir Þorleifsson
tók saman

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Árferði	99
Brunar	103
Búnaður	105
Embætti og störf	109
Forseti Íslands	112
Iðnaður	115
Íbúar Íslands	116
Íþróttir	120
Kirkjan	133
Mannalát	134
Náttúra Íslands	141
Próf	144
Raforkumál	156
Samgöngur og ferðamál	158
Slys	160
Stjórnmál – Bankahrun	161
Tímamót	180
Útvegur	182
Verklegar framkvæmdir	185
Verslun	196
Vinnumarkaður	199
Vísitölur og verðlag	201
Ýmislegt	203

Myndir

Ljósmyndarar voru þessir:

Anton Brink: 120, 126, 168, 209, 179, 126.
Arnþór Birkisson: 114, 128.
Daníel Rúnarsson: 122, 139, 166.
Gunnar V. Andrésson: 100, 111, 113, 172, 195, 208, 211.
Heimir Þorleifsson: 101, 115, 117, 133, 147, 157, 159, 183, 189, 190, 191, 192, 193, 194, 196, 198.
Kristinn Ingvarsson: 145, 150, 153.
Pjetur Sigurðsson: 104, 124, 162, 163, 169, 181, 205, 206, 209, 212.
Siv Friðleifsdóttir: 175, 187, 188, 204, 214.
Stefán Karlsson: 142, 167, 170, 173.
Tjörvi Bjarnason: 107, 108.
Valgarður Gíslason: 143.
Vilhelm Gunnarsson: 111, 130, 131, 178, 200, 215.

Nokkrir heimildarmenn: Trausti Jónsson (árferði), Þór Jakobsson (hafís), Matthías Eggertsson (búnaður), Guðni Guðbergsson (laxveiði), Ingibjörg M. Pálsdóttir (vegamál), Magnús Guðmundsson (próf frá Háskóla Íslands), Svanhildur Kaaber (próf frá Kennaraháskóla Íslands), Markús Möller (vísitölur og verðlag). – Tölur um íbúa Íslands, aflabrögð, verslun o.fl. eru frá Hagstofu Íslands.

ÁRFERÐI

Árið 2008 var hiti vel yfir meðallagi og mældist árshitinn í Reykjavík hinn sautjándi hæsti frá því að mælingar hófust þar árið 1870. Úrkoma var ekki fjarri meðallagi á Norður- og Austurlandi en yfir meðallagi á Suður- og Vesturlandi.

Mestur hiti, sem mældist á árinu á veðurathugunarstöðvum, var á Hjarðarlandi í Biskupstungum 30. júlí, 28,8 stig, og á sjálfvirkri stöð á Þingvöllum, einnig 30. júlí, 29,7 stig. Mestur kuldi varð á Grímsstöðum á Fjöllum 14. desember, en þar mældist 22,7 stiga frost, og á sjálfvirkri stöð í Veiðivatnahrauni 2. febrúar, –30,3 stig. Mest sólarhringsúrkoma á mannaðri stöð mældist á Nesjavöllum 17. september 197 mm. Á sjálfvirkri stöð á Ölkelduhálsi mældist 201 mm einnig 17. september.

Í Reykjavík var meðalhiti ársins 5,3 stig, sem er 1,0 stigi yfir meðaltali áranna 1961-1990. Sólskinsstundir í Reykjavík voru 1.463, sem er 194,5 stundum meira en í meðalári. Mestur hiti í Reykjavík á árinu mældist 30. júlí, 25,7 stig á mannaðri stöð og 26,4 stig á sjálfvirkri stöð. Þetta er met, en hiti hefur verið mældur í Reykjavík samfellt frá 1870. Kaldast varð í bænum 2. febrúar en þá mældist 14,4 stiga frost. Mesta sólarhringsúrkoma í Reykjavík varð 17. september, 38,8 mm.

Á Akureyri var meðalhiti ársins 4,2 stig, sem er 0,9 stigum ofan við meðaltal áranna 1961-1990. Sólskinsstundir á Akureyri voru 1.089, sem er 44,1 stund ofan við meðallag. Úrkoma varð 507,7 mm. Mestur hiti á Akureyri á árinu mældist 30. júlí, 24,8 stig, en kaldast varð 2. febrúar, en þá mældist þar 13,1 stigs frost. Mest sólarhringsúrkoma á Akureyri varð 23. október, 25,9 mm.

Í *janúar* var umhleypingasöm veðrátta og illviðri tíð. Fyrsta illviðri ársins gekk yfir Vesturland á nýársnótt. Milljónatjón varð þá í sviptivindum í Hnífsdal. Þar var talað um að þetta væri með verstu svonefndu Gjögraveðrum. Aðfaranótt 14. janúar hlóð niður meiri snjó í Grindavík en menn töldu sig hafa áður séð þar um slóðir. Þessu olli kröpp lægð, sem rétt sleikti suðurströndina. 22. janúar gerði óveður um suðvestanvert landið. Bátur sökk í Keflavíkurhöfn og annar losnaði frá bryggju í

Hitamet var sett í Reykjavík 30. júlí. Sólbaðsgestir í Laugardalslaug.

Njarðvík og rak upp í fjöru. Skólahald féll niður í uppsveitum Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu. 27. janúar gekk enn ein óveðurslægðin yfir landið með mikilli veðurhæð. Tafir urðu í millilandaflugi og 40 feta gámur fauk til á Keflavíkurflugvelli. Þá urðu rafmagnstruflanir og þakplötur fuku á Akranesi. – Fyrstu daga í *febrúar* var mjög kalt á landinu og fór frost víða niður fyrir 20,0 stig. Kaldast varð við Veiðivötn 30,3 stig. Eftir kuldakastið var veðrátta stormasöm og töluvert snjóþungt sunnanlands og vestan. 7. febrúar féll snjóflóð á veginn milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Dagana 8. og 9. gekk síðan vonskuveður yfir landið með asahláku. Komst vindhraði yfir 50m/sek undir Hafnarfjalli, á Fróðárheiði og Vatnsskarði eystra. Dæmi voru um að farþegar yrðu að bíða klukkutímum saman í flugvélum á Keflavíkurflugvelli, því að ekki var unnt að opna dyr. – *Mars* var heldur kaldari og snjóþyngri víða um land en verið hafði árin á undan. Í Vestmannaeyjum mældist snjódýpt að morgni 3. mars 65 cm og er það mesta snjódýpt þar frá því árið 1968. Snjór var og gott skíðafæri um land allt um páskana, en páskadagur var 23. mars. – Í *apríl* var tíðarfar hagstætt um allt

Töluvert snjóaði í Reykjavík um haustið. Myndin er úr Grjótaþorpi.

land. Mánuðurinn var fremur úrkomulítill, og vindur blés mest úr austri. Í Stykkishólmi var þetta þurrasti apríl síðan 1951. 30. apríl snjóaði töluvert á Norður- og Austurlandi, og var jafnfallinn snjór á Grímsstöðum á Fjöllum um 40 cm. – *Maí* var hlýr og góðviðrasamur mánuður, t.d. var þetta hlýjasti maí í Reykjavík síðan 1960. – Í *júní* skipti nokkuð um, því að þá voru norðaustanáttir ríkjandi með björtu veðri sunnanlands og vestan en nokkuð köldu norðanlands, einkum í innsveitum. Sólskinsstundir í Reykjavík mældust 313 og hafa aðeins einu sinni mælst fleiri. – Í *júlí* var veðrátta mjög hlýviðrasöm, einkum í síðustu vikunni, og voru þá sett hitamet á mörgum veðurstöðvum. Sem dæmi má nefna Þingvelli en þar mældist 29,7 stiga hiti 30. júlí, og sama dag 28,8 stig á Hjarðarlandi í Biskupstungum og á Stórhöfða í Vestmannaeyjum 21,6 stig. – Í *ágúst* var veðrátta áfram hagstæð, en rok gerði þó á höfuðdaginn, 29. ágúst. Fyrrum varðskipið Þór, sem lá í Hvammsvík vegna kvikmyndagerðar, dró akkeri en strandaði ekki. – Í *september* var mjög úrkomusamt um sunnan- og vestanvert landið og voru sums staðar sett úrkomumet. Svo var um Stykkishólm en þar höfðu verið

úrkomumælingar síðan 1856. 16. september gekk óveður yfir sunnan- og vestanvert landið og var það einna verst í Ólafsvík og á Hellissandi. Skemmdir urðu á Djúpvegi og fyrir botni Patreksfjarðar. Skaflinn í Gunnlaugsskarði í Esju var talinn horfinn 18. september. – *Október* var heldur kaldur og snjór meiri en í meðalári. Í Reykjavík var meðalhiti 2,8, stig, sem er 1,6 stigum undir meðaltali. 2. október festi fyrst snjó í bænum. 23. október gerði óveður á Vesturlandi. Skip rak upp í fjöru í Kópavogi og snúa varð flugvélum frá Keflavíkurflugvelli. – Í *nóvember* var umhleypingasamt, en tíð taldist þó fremur hagstæð. – Í *desember* var töluvert um snjóalög á landinu fyrstu þrjár vikurnar, og var kominn 19 cm jafnfallinn snjór í Reykjavík og 15 cm á Akureyri. 21. desember kom hláka og var hlýtt til ársloka.

Hafís. Hafís var hvergi nærri landi í byrjun ársins, en upp úr miðjum janúar var hafísjaðar í Grænlandssundi nálægt miðlínu. – Í febrúar þokaðist ísinn nær landi í þrálátri vestanátt. 21. febrúar var hann á að giska 15 sjómílur frá Kögri og Horni, og ístunga teygði sig inn á Húnaflóa. Þremur dögum seinna var ísinn kominn álíka nálægt landi norður af Rifsnesi, en færðist síðan fjær í austlægri átt og var næst landi 26. febrúar, rúmar 25 sjómílur norðnorðvestur af Kögri og tæpar 30 sjómílur norðvestur af Straumnesi. – Í lok maí kannaði Landhelgisgæslan hafís úti fyrir Vestfjörðum, og var hann þá næst landi um 35 sjómílur norður af Kögri og um 45 sjómílur vestnorðvestur af Straumnesi.

Hinn 3. júní barst tilkynning frá skipi um ísjaðar 40 sjómílur norðvestur af Kögri, og það bar síðan til tíðinda að tveir hvítabirnir gengu á land á Skaga. Hinn fyrri birtist á Þverárfjalli 3. júní, en hinn síðari kom á land að Hrauni á Skaga 16. júní. Samkvæmt fyrrnefndri könnun Landhelgisgæslunnar í lok maí voru hafísbreiður ekki nálægt landi á þessum tíma. Birnirnir munu því annaðhvort hafa synt langar leiðir frá meginjaðrinum eða borist langleiðina frá jaðrinum með stökum jökum austur á bóginn og synt í land frá þeim. Hið síðarnefnda er líklegra.

Mánuðina júlí og ágúst bárust engar tilkynningar um hafís við Ísland, en í september spurðist til borgaríss í Grænlandssundi.

Í október var samkvæmt fjarkönnun með gervihnattamyndum hafísjaðar um 70 sjómílur frá Barða og vísbending um ísrastir um 50 sjómílur frá sama annnesi. Hafísinn færðist nær landi í nóvember og var seinni hluta mánaðarins næst landi um 45 sjómílur vestur og vestnorðvestur af Vestfjörðum. Hinn 9. desember var ísinn 25 sjómílur norður frá Horni en hörfaði síðan og var fjarri landi til ársloka.

BRUNAR

Aðfaranótt 7. janúar kom upp eldur á 4. hæð í húsi við Tungusel í Breiðholti. Karlmaður fórst, en kona með tvö ung börn bjargaðist út. Fólki af efstu hæð var bjargað af svölum með körfubíl. – 8. janúar varð eldur laus á jarðhæð fjölbýlishúss við Jórufell 4 í Breiðholti. Reykur fór um stigaganga hússins, en allir komust út án reykeitrunar. Þar varð líka að nota körfubíl. – 18. janúar kviknaði í húsinu Aðalgötu 16 á Sauðárkróki, sem er 120 ára gamalt. Þar var rekinn veitingastaðurinn Kaffi Krókur. Húsið skemmdist mikið og veitingareksturinn stöðvaðist.

16. mars kom upp eldur í fjölbýlishúsi við Hrafnhóla í Reykjavík. Íbúðin, þar sem eldurinn kom upp, skemmdist mikið. Grunur lék á að kveikt hefði verið í íbúðinni, en alls eru 50 íbúðir í þessu fjölbýlishúsi.

9. apríl kom upp eldur í hliðarbyggingu við Turninn í Kópavogi. Skemmdir urðu litlar, en nokkurn reyk lagði að Turninum og var hann rýmdur til öryggis. – 13. apríl lést maður í eldsvoða á Blönduósi. Eldsupptök voru ókunn. – 27. apríl kom upp eldur í einni af þjónustuíbúðum aldraðra við Dalbraut í Reykjavík. Kona, sem bjó í íbúðinni, brenndist illa og lést af völdum brunasáranna. Sex aðrir voru fluttir á slysadeild vegna reykeitrunar.

16. júní brann bæjarhúsið á Finnbogastöðum í Trékyllisvík til kaldra kola. Allt innbú eyðilagðist.

30. september kviknaði í útihúsum á bænum Vestara-Fíflholti í Landeyjum. 140 nautgripir drápust, en 60 gripir náðust út.

15. nóvember var kveikt í yfirgefnu húsi við Baldursgötu í Reykjavík. Það var talið ónýtt eftir brunann.

Fólki bjargað með körfubíl út úr húsi við Jórufell.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út 20.972 sinnum á árinu 2008 (25.746 árið áður). Brunaútköll hjá liðinu á árinu voru 1.648 (1.460) og sjúkraflutningar voru 19.324 (23.746). – Á

Akureyri fór slökkviliðið í 2.263 útköll (2.145), ýmist vegna bruna eða sjúkraflutninga. Af sjúkraflutningunum voru 494 með flugi (493).

BÚNAÐUR

Árið 2008 var fremur hagkvæmt til búskapar. Vorið var gott, en miklir þurrkar drógu úr grassprettu um mitt sumarið. Heyskapartíð var víðast hvar hagstæð.

Heyfengur o.fl.

Talið er að rúlluheyfengur, pakkaður í plast, hafi numið 1.924.421 rúmmetra (1.810.457 árið áður). Vothey var 33.498 rúmmetrar (38.920) og þurrhey 133.829 rúmmetrar (144.541). – Framleiðslu á grasköggum hefur nú verið hætt. – Frærækt nam 26,8 tonnum (39,9 tonnum árið áður) af óhúðuðu fræi. – Kornrækt var töluvert meiri en árið áður, og var nú sáð í 3.695 hektara, sem er 700 hekturum meira en árið áður. Kornuppskeran var 15.413 tonn (11.511 árið áður). – Nýting á kornhálmi hefur aukist verulega síðustu ár og féllu til 25.403 rúmmetrar á árinu (um 18.000 árið áður). Hálmurinn er einkum notaður til svepparæktar en einnig sem undirburður undir nautgripi og hross.

Uppskera

Kartöfluuppskera var nokkru minni en árið áður, og er talið að um 12.500 tonn af kartöflum hafi komið til nytja á árinu hjá þeim sem hafa kartöflur til sölu (13.000 árið áður). – Tómatauppskera var 1.621 tonn (1.603 árið áður), gúrkuuppskera 1.516 tonn (1.343), paprikuuppskera 170 tonn (147), blómkálsuppskera 107 tonn (112), gulrótauppskera 653 tonn (526), hvítkálsuppskera 434 tonn (340), kínakálsuppskera 229 tonn (222), spergilkálsuppskera 88 tonn (83), gulrófnauppskera 872 tonn (860), salatuppskera 98 tonn (90) og sveppauppskera 526 tonn (515).

Berjaspretta var víða meiri en elstu menn mundu. Svo var t.d. á Ströndum og við Ísafjarðardjúp.

Sláturafurðir, mjólk o.fl.

Slátrað var 545.986 fjár í sláturhúsum (546.841 árið áður). Af því voru 506.962 dilkar (506.141) og 36.267 fullorðið fé (37.000).

Meðalfallþungi dilka var 15,87 kg, sem er 0,56 kg meiri fallþungi en árið áður. Kindakjötsframleiðslan var 8.930 tonn (8.644 árið áður). – Slátrað var 19.830 nautgripum (19.671). Nautgripakjöt var 3.607 tonn (3.557). Slátrað var 8.582 hrossum (7.609), og hrossakjöt var 1.005 tonn (947). Slátrað var 85.301 svíni (81.321), og var svínakjötsframleiðslan 6.645 tonn (6.088). Alifuglakjötsframleiðsla var 7.402 tonn (7.597).

Útflutningur lifandi hrossa óx töluvert á árinu 2008. Út voru flutt 2.083 hross (1.497 árið áður). Mest var flutt út til Svíþjóðar, 677 hross (427).

Mjólkurframleiðsla var 126.051.629 lítrar (124.816.835 árið áður). Smjörframleiðsla var 1.692 tonn (1.723) og smjörvi 673 tonn (611). Framleidd voru 339 tonn af léttsmjöri (333).

Afurðahæsta kýr á landinu var Örk nr 0166 á Egg í Hegranesi. Hún mjólkaði 12.851 kg á árinu. Afurðahæsta kúabúið var á Akbraut í Holtum með nýtt Íslandsmet í afurðum, eða 8.159 kg á árskú. Það er einnig í fyrsta sinn sem einstakt bú fer yfir 8.000 kg í afurðum á árskú.

Afurðahæsta fjárbú landsins var á Sauðadalsá á Vatnsnesi. Þar voru 435 ær sem skiluðu 37,9 kg af kjöti hver.

Minkabú voru í árslok 21 (22 árið áður). Verð á minkaskinnum var mjög hátt og hærra en árið áður, sem var þó metár. Eina refabúið, sem eftir var, var lagt niður á árinu. Það var á Hrólfsstöðum austur á Jökuldal.

Lax- og silungsveiði

Metveiði var á laxi á árinu 2008. Alls veiddust 84.124 laxar á stöng úr ám landsins (53.703 árið áður). Af þeim var 17.178 sleppt aftur (9.691) eða 20,4%. 9.403 laxar veiddust í net í ám (6.826), en frá hafbeitarstöðvum komu engir laxar. Nær öll laxveiði í net er nú í jökulánum á Suðurlandi, Þjórsá, Ölfusá og Hvítá. – Mesta laxveiði á stöng þetta árið (miðað er við veidda laxa) var í Ytri-Rangá og Hólsá vesturbakka 14.315 (5.600 árið

Minkaskinn á landbúnaðarsýningunni á Hellu.

áður), Eystri-Rangá og Hólsá austurbakka var í öðru sæti, en þar veiddust 7.010 laxar (7.497 árið áður). Norðurá var í þriðja sæti með 3.307 laxa (1.447). Næst á eftir þessum þremur ám komu Langá 2.970, Þverá/Kjarrá 2.859 og Tungufljót í Biskupstungum með 2.854 laxa.

Veiði á urriða var mest í Veiðivötnum 16.409 (13.272 árið áður). Þá kom Laxá á Ásum með 5.456 urriða (4.549) og Laxá í Mývatnssveit var í þriðja sæti með 4.547 urriða (5.470). – Af bleikju veiddist mest í Veiðivötnum 8.484 (8.406) og í öðru sæti var Hlíðarvatn með 2.167 bleikjur (1.480). Í þriðja sæti var Vatnsdalsá með 1.478 bleikjur.

Ýmislegt

Þrettánda búnaðarþing eftir sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda hófst í Reykjavík 2. mars. Forseti Íslands ávarpaði þingið og talaði um „mataröyggi“ Íslendinga, sem bændur einir gætu tryggt. Ekki væri hægt að treysta á innflutning landbúnaðarvara. Ólafur Ragnar kynnti sig reyndar sem „bóndann á Bessastöðum“. Ábúendur á fjórum jörðum fengu viðurkenningu frá þinginu fyrir búskaparlag.

Frá landbúnaðarsýningunni á Hellu.

Þær voru Þórisholt, Árbær, Staður í Reykhólasveit og Möðrudalur.

Hinn 1. apríl varð veruleg verðhækkun á mjólk og hækkaði verð til bænda um 14%. Mjólkurlítrinn fór úr 87 kr. í 100 kr. í smásölu. Þetta var mesta hækkun á mjólk um árabil.

Landbúnaðarsýning var haldin á Hellu 22.-24. ágúst. Um 12.000 manns sóttu sýninguna og þótti hún heppnast hið besta.

Hveiti frá Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum var sett á markað í desember. Þar hefur verið ræktað hveiti í 5 ár.

Búfjáreign

Búfjáreign Íslendinga (bráðabirgðatölur) var í árslok 2008 (í svigum tölur frá 2007):

Nautgripir	72.012	(70.681)
Af þeim mjólkurkýr	26.211	(26.449)
Sauðfé	457.861	(451.846)
Hross	77.502	(77.052)
Svín	4.265	(4.182)

Varphænur	168.515	(184.265)
Minkar (fullorðin dýr)	33.806	(41.552)
Refir (fullorðin dýr)	5	(152)
Kanínur	193	(254)
Gæsir og endur	1.165	(1.173)
Kalkúnar	1.202	(526)
Geitur	563	(535)

Útflutningur

Á árinu 2008 óx útflutningur á landbúnaðarafurðum verulega, eða um 83,8%, og nam 6.426 milljónum króna (3.496 árið áður). Þessi vöxtur stafar að verulegu leyti af lækkun krónunnar, en miðað er við gengi hvors árs. Útflutningur landbúnaðarvara skiptist þannig í milljónum króna 2008 (í svigum tölur frá 2007):

Afurðir sláturdýra	2.367	(1.193)
Fiskeldi	1.836	(1.125)
Búfé	1.064	(483)
Aðrar land- og sjávarnytjar	606	(373)
Mjólk og mjólkurvörur	494	(264)
Aðrar landbúnaðarvörur	59	(58)

EMBÆTTI OG STÖRF

Embættis- og sýslunarmenn ríkisins (skipaðir eða settir frá nefndum degi)

1. janúar: Árni Kolbeinsson forseti Hæstaréttar og Ingibjörg Benediktsdóttir varaforseti, Páll E. Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri á Suðurnesjum, Þorsteinn Davíðsson héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra, Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri.

1. febrúar: Margrét Frímannsdóttir forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni.

1. mars: Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri, Olga Lísa Garðarsdóttir skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands.

15. mars: Gréta Gunnarsdóttir og Þórir Ibsen sendiherrar.

1. maí: Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

15. maí: Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness.

1. júní: Guðgeir Eyjólfsson sýslumaður í Kópavogi.

1. júlí: Sigríður Anna Þórðardóttir sendiherra, Þórólfur Halldórsson sýslumaður í Keflavík.

15. júlí: Úlfar Lúðvíksson sýslumaður á Patreksfirði.

1. ágúst: Árni Snorrason forstjóri Veðurstofu Íslands.

1. september: Halldór Björnsson héraðsdómari við Héraðsdóm Austurlands.

1. nóvember: Magnús Pétursson sáttasemjari ríkisins, Steingrímur Ari Arason forstjóri Sjúkratryggingastofnunar.

Embættismenn sem fengu lausn

Jón Rögnvaldsson frá embætti vegamálastjóra frá 1. maí. – Séra Brynjólfur Gíslason frá embætti sóknarprests í Stafholtsprestakalli frá 1. september. – Séra Úlfar Guðmundsson frá embætti sóknarprests í Eyrarbakkaprestakalli frá 1. september. – Séra Ólafur Þ. Hallgrímsson frá embætti sóknarprests í Mælifellsprestakalli frá 1. október. – Séra Jón Þorsteinsson frá embætti sóknarprests í Mosfellsprestakalli frá 15. október. – Séra Stína Gísladóttir frá embætti sóknarprests í Holtsprestakalli frá 1. nóvember. – Ásmundur Stefánsson frá embætti sáttasemjara ríkisins frá 1. nóvember.

Embættismenn sveitarfélaga

Jón Þórðarson sveitarstjóri á Borgarfirði eystra frá 1. mars. – Guðmundur Jóhannsson sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit frá 1. apríl. – Tryggvi Harðarson sveitarstjóri í Þingeyjarsveit frá 1. september. – 24. janúar tók Ólafur F. Magnússon við borgarstjóraembætti í Reykjavík af Degi B. Eggertssyni og 21. ágúst varð Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri í stað Ólafs.

Borgarstjóraskipti 21. ágúst. Hanna Birna Kristjánsdóttir tekur við lyklum af Ólafi F. Magnússyni.

Ýmis störf

1. janúar varð Stefán Ólafsson formaður stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins. – Í janúar var Magnús Geir Þórðarson ráðinn leikhússtjóri Borgarleikhússins frá 1. ágúst. – Guðmundur Örn Gunnarsson tók við starfi sem forstjóri VÍS frá 1. janúar.

Í febrúar varð Finnbogi Baldvinsson forstjóri Icelandic group í stað Björgólfs Jóhannessonar. – Í sama mánuði var Halldór Sævar Guðbergsson kjörinn formaður Öryrkjabandalagsins.

Í mars varð Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

Í apríl var Margrét Sverrisdóttir valin formaður Kvenréttindafélags Íslands í stað Þorbjargar Ingu Jónsdóttur. – Í sama mánuði var Þór Sigfússon kosinn formaður Samtaka atvinnulífsins og Ingimundur Sigurpálsson formaður stjórnar Landsvirkjunar í stað Páls Magnússonar.

Í maí var Anna Stefánsdóttir kjörin formaður Rauða kross Íslands. Hún tók við af Ómari H. Kristmundssyni. – Í sama mánuði var Gylfi Sigfússon ráðinn forstjóri hf. Eimskipafélags

Íslands. – Í lok maí lét Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, af störfum. – Sveinn Arason var í maí ráðinn ríkisendurskoðandi í stað Sigurðar Þórðarsonar.

Ellisif Tinna Víðisdóttir var frá 1. júní skipuð forstjóri Varnarmálastofnunar. – Í lok júní var Karl Björnsson ráðinn framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þórður Skúlason hætti eftir 18 ár.

Tryggvi Þór Herbertsson varð efnahagsráðgjafi forsætisráðherra frá 1. ágúst. – Í byrjun ágúst tók Sigurður Óli Ólafsson við starfi forstjóra Actavis group af Róbert Wessmann.

1. september tók Markús Örn Antonsson við af Guðríði Sigurðardóttur sem forstöðumaður Þjóðmenningarhúss.

Í október var Elín Sigfúsdóttir ráðin forstjóri Nýja Landsbankans, Birna Einarsdóttir Nýja Glitnis og Finnur Sveinbjörnsson Nýja Kaupþings. – Hulda Gunnlaugsdóttir var í sama mánuði ráðin forstjóri Landspítala.

FORSETI ÍSLANDS

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti Sameinuðu arabísku furstadæmin í janúar. Með honum voru Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra og 25 manna viðskiptasendinefnd. Ólafur Ragnar flutti ræðu á heimsráðstefnu um framtíð orkumála í Abu Dhabi. – Forsetinn fór í opinbera heimsókn til Mexíkó um miðjan mars ásamt frú sinni í boði Filipe de Jesus Calderon, forseta Mexíkó. Mikið var rætt um nýtingu jarðhita. Calderon lýsti yfir stuðningi Mexíkóa við framboð Íslands til Öryggisráðsins.

Hinn 7. apríl var tilkynnt að Ólafi Ragnari Grímssyni hefðu verið veitt hin svonefndu Nehru-verðlaun á Indlandi. – Forsetinn sótti Ólympíuleikana í Peking og átti þá fund með Hu Jintao, forseta Kína.

Forseti Íslands bauð Al Gore, fyrrum varaforseta Bandaríkjanna, að koma til Íslands og ræða um loftslagsmál. Hann kom 8. apríl og flutti m.a. fyrirlestur í Háskólabíói. – Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, kom til Íslands 22. apríl í boði forseta Íslands. Með Abbas var fjölmenn sendinefnd, þ. á m.

Friðrik krónprins Dana og Mary kona hans með forsetahjónunum á Bessastöðum.

Saeb Erekat, aðalsamningamaður Palestínumanna. Abbas átti fund með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra, og við það tækifæri tilkynnti Ingibjörg að skipaður hefði verið í fyrsta sinn sérstakur sendifulltrúi í málefnum Palestínu. Það er Þórður Ægir Óskarsson. – Friðrik krónprins Dana og kona hans, Mary Donaldsson, komu til Íslands 5. maí í boði forseta Íslands. Þau dvöldust hérlendis í fjóra daga. – Forseti Uganda, Yoweri Kaguta Museveni, kom til Íslands í september. Hann kynnti sér jarðhitarannsóknir, upplýsingatækni og fiskvinnslu.

Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff voru í opinberri heimsókn í Skagafirði dagana 14. og 15. apríl. Þau heimsóttu m.a. Hólaskóla, og tekin var fyrsta skóflustunga að sundlaug á Hofsósi.

Endurkjör.

Framboðsfrestur til forsetakjörs, sem átti að vera 28. júní, rann út 23. maí. Aðeins Ólafur Ragnar Grímsson skilaði inn

Ólafur Ragnar Grímsson tók við embætti í fjórða sinn 1. ágúst. Forsetahjónin á svölum Alþingishússins.

framboði og var hann því sjálfkjörinn. – Forsetinn var settur inn í embætti í fjórða sinn hinn 1. ágúst við hátíðlega athöfn í Alþingishúsinu.

Álverið á Reyðarfirði.

IÐNAÐUR

Hagur íslenskra iðnfyrirtækja annarra en stóriðjufyrirtækjanna var heldur slakur á árinu 2008. Stöfuðu erfiðleikarnir einkum af háu gengi krónunnar framan af ári.

Álframleiðsla o.fl.

Starfsemi álfyrirtækjanna Alcan á Íslandi hf. í Straumsvík og Norðuráls hf. á Grundartanga gekk áfram mjög vel á árinu. Framleiðslan var í hámarki, þ.e. um 180.000 tonn í Straumsvík og 260.000 tonn á Grundartanga. Framleiðsla hjá Alcoa-Fjarðaáli var komin í gang í ársbyrjun en fór síðan smám saman vaxandi. Starfsemi hjá Sementsverksmiðjunni á Akranesi og Járnblendifélaginu á Grundartanga gekk áfram vel.

Ýmislegt

Orkuveita Reykjavíkur ákvað 20. maí að hætta við Bitruvirkjun við Hveragerði í kjölfar álits Skipulagsstofnunar, sem sagði virkjunina „óviðunandi m.a. vegna verulegra neikvæðra og óafturkræfra áhrifa á landslag og ferðaþjónustu“. – Össur

Skarphéðinsson iðnaðarráðherra undirritaði 26. júní viljayfirlýsingu með Alcoamönnum um nýtt álver á Bakka við Húsavík. Þetta var framhald yfirlýsingar frá því í maí 2006. Í júlí tilkynnti svo Alcoa að fyrirtækið vildi helst reisa 346.000 tonna álver á Bakka í stað 250.000 tonna eins áður var talað um.

Útflutningur á iðnaðarvörum nam á árinu 243.147 milljónum króna, og er það 106,5% aukning frá árinu áður (93.020). Þessi mikla aukning kemur fram þar sem miðað er við gengi hvors árs. Útflutningur í helstu tegundum (meira en 5.000 millj.) af iðnvarningi árið 2008 í milljónum króna (í svigum tölur frá 2007):

Ál	182.036	(80.267)
Kísiljárn	11.460	(7.949)
Lyfjavörur	9.680	(5.882)
Tæki og vörur til lækninga	5.792	(3.809)

ÍBÚAR ÍSLANDS

Hinn 1. janúar 2009 var íbúatala Íslands 319.368 (315.459 árið áður). Af þeim voru karlar 160.896 (159.488) og konur 154.563 (153.888). Fjölgun Íslendinga á árinu var 3.909, eða 1,24% (1,90% árið áður). Fólksfjölgun síðustu ára má öðru fremur rekja til fólksflutninga til landsins. Aðfluttir umfram brottflutta á árinu 2008 voru 1.144, sem er mun færra en árið áður (3.097).

Á árinu fæddust 4.835 lifandi börn (4.560). Af þeim voru sveinbörn 2.470 (2.359) og 2.365 meybörn (2.201). Skilgetin börn, þ.e. börn foreldra í hjónabandi, voru 1.734 (1.652) en óskilgetin 3.101 (2.908). Af þeim sem talin eru óskilgetin voru 2.457 börn þar sem móðir var í sambúð (2.250) en 644 án sambúðar (658). Á árinu voru 1.642 pör gefin saman í hjónaband og 18 pör samkynhneigðra staðfestu samvist sína, tólf pör karla og sex pör kvenna. Þá skráðu 1.877 gagnkynhneigð pör sig í óvígða sambúð. Lögskilnaðir á árinu voru 549 (515) og 634 pör skráðu sig úr sambúð. Dánir á árinu voru 1.986 (1.942).

Frá Flatey á Breiðafirði.

Af íbúum landsins voru 252.948 í Þjóðkirkjunni hinn 1. desember 2008 (252.461 árið áður), í Fríkirkjunni í Reykjavík 7.911 (7.498), í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 5.232 (5.024), í Óháða söfnuðinum í Reykjavík 2.856 (2.768).

Önnur skráð trúfélög:		
Rómversk-kaþólskir	9.351	(7.977)
Hvítasunnumenn	2.040	(1.963)
Ásatrúar	1.270	(1.149)
Búddistafélag Íslands	838	(758)
Aðventistar	781	(757)
Vegurinn	734	(734)
Vottar Jehóva	683	(682)
Krossinn	648	(669)
Baháísamfélag	412	(399)
Félag Múslima á Íslandi	402	(371)
Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins	293	(200)
Íslenska Kristskirkjan	260	(249)
Kirkja Jesú Krists h.s.d.h.	180	(178)
Fæðing heilagrar guðsmóður	170	(167)

Betanía	167	(155)
Kefas-kristið samfélag	156	(158)
SGI á Íslandi	96	
Boðunarkirkjan	90	(94)
Zen á Íslandi – Nátthagi	69	(68)
Sjónarhæðarsöfnuður	61	(59)
Baptistakirkjan	36	(28)
Samfélag trúaðra	33	(33)
Reykjavíkurgoðorð	20	(20)
Heimakirkja	11	(11)
Heimsfriðarsamtök fjölskyldna	4	(4)

Í öðrum trúfélögum og ótilgreindir voru 22.726 (19.524), utan trúfélaga voru 9.265 (8.714).

Íbúatala íslenskra kaupstaða og bæja var 1. janúar 2009 sem hér segir (í svigum eru tölur frá 1. janúar 2008):

Reykjavík	119.547	(117.898)
Mosfellsbær	8.403	(8.166)
Akranes	6.609	(6.359)
Borgarbyggð	3.744	(3.747)
Snæfellsbær	1.717	(1.703)
Stykkishólmur	1.111	(1.102)
Vesturbyggð	900	(921)
Bolungarvík	966	(905)
Ísafjarðarbær	3.972	(3.955)
Blönduósbær	907	(897)
Sveitarfél. Skagafjörður	4.078	(4.028)
Fjallabyggð	2.127	(2.188)
Dalvíkurbyggð	1.947	(1.948)
Akureyri	17.541	(17.278)
Norðurþing	3.001	(2.973)
Seyðisfjörður	717	(713)
Fljótsdalshérað	3.695	(4.075)
Fjarðabyggð	4.723	(5.133)
Sveitarfél. Hornafjörður	2.112	(2.122)

Vestmannaeyjar	4.086	(4.036)
Sveitarfélagið Árborg	7.922	(7.590)
Hveragerði	2.315	(2.284)
Grindavík	2.850	(2.762)
Sandgerði	1.754	(1.726)
Reykjanesbær	14.172	(13.282)
Hafnarfjörður	28.850	(24.895)
Garðabær	10.358	(9.931)
Kópavogur	29.976	(28.665)
Seltjarnarnes	4.403	(4.446)

Þessi sveitarfélög önnur en kaupstaðir og bæir (kauptún eða byggðarkjarnar og sveit) höfðu fleiri en 500 íbúa hinn 1. janúar 2009 (í svigum eru tölur frá 1. janúar 2008):

Sveitarfél. Álftanes	2.518	(2.372)
Sveitarfél. Ölfus	1.997	(1.931)
Rangárþing eystra	1.762	(1.739)
Rangárþing ytra	1.604	(1.544)
Sveitarfél. Garður	1.550	(1.449)
Sveitarfél. Vogar	1.218	(1.127)
Húnaþing vestra	1.147	(1.150)
Eyjafjarðarsveit	1.039	(1.007)
Bláskógabyggð	986	(972)
Þingeyjarsveit	948	(681)
Grundarfjarðarbær	925	(913)
Hrunamannahreppur	793	(792)
Dalabyggð	714	(708)
Vopnafjarðarhreppur	674	(700)
Hvalfjarðarsveit	641	(683)
Flóahreppur	596	(581)
Sveitarfél. Skagaströnd	521	(529)
Skeiða- og Gnúpverjahr.	515	(535)
Langanesbyggð	508	

Aðeins einn hreppur, Árneshreppur á Ströndum, hafði færri íbúa en 50 hinn 1. janúar 2009. Þeir voru 49.

Lilja Rós Jóhannesdóttir og Guðmundur E. Stephensen Íslandsmeistarar í borðtennis.

ÍÞRÓTTIR

Badminton. Meistaramót Íslands fór fram í Reykjavík í byrjun apríl. Í einliðaleik varð Helgi Jóhannesson (TBR) Íslandsmeistari í karlaflokki en Ragna Ingólfsdóttir (TBR) í kvennaflokki. Ragna varð Íslandsmeistari sjötta árið í röð. Magnús Ingi Helgason (TBR) og Helgi Jóhannesson sigruðu í tvíliðaleik karla en Katrín Atladóttir (TBR) og Ragna Ingólfsdóttir í tvíliðaleik kvenna.

Blak. Stjarnan varð Íslandsmeistari í karlaflokki eftir úrslitakeppni við Þrótt Reykjavík 2-1. Þetta var fjórði Íslandsmeistaratitill Stjörnunnar í röð. – Þróttur Neskaupstað varð Íslandsmeistari í kvennaflokki eftir baráttu við Þrótt úr Reykjavík 3-1. – Stjarnan varð bikarmeistari í karlaflokki sjötta árið í röð, vann KA í úrslitaleik 3-1, en í kvennaflokki sigraði Þróttur Neskaupstað HK 3-0.

Borðtennis. Íslandsmótið fór fram í Reykjavík 8.-9. mars. Í einliðaleik varð Guðmundur E. Stephensen (Víkingi) Íslandsmeistari í karlaflokki, fimmtánda árið í röð, en Lilja Rós

Jóhannesdóttir (Víkingi) í kvennaflokki. Í tvíliðaleik karla sigruðu Guðmundur E. Stephensen og Magnús K. Magnússon (Víkingi) og í tvíliðaleik kvenna Ragnhildur Sigurðardóttir (Víkingi) og Guðrún G. Björnsdóttir (KR). Guðmundur E. Stephensen sigraði í tvenndarleik ásamt Magneu J. Ólafs (Víkingi).

Bridds. Íslandsmót í sveitakeppni í opnum flokki var haldið í Reykjavík í lok apríl. Sveit Breka jarðverks ehf. sigraði og hlaut 238 stig. Sveit Grants Thorntons varð í öðru sæti með 230 stig og sveit Enorma í því þriðja með 224 stig. Í sigursveitinni voru Símon Símonarson sveitarforingi, Júlíus Sigurjónsson, Páll Valdimarsson, Ragnar Magnússon, Rúnar Magnússon og Sigurður Vilhjálmsson.

Evrópumeistaramót fór fram í Pau í Frakklandi í júní. Íslenska karlasveitin varð í 8. sæti og komst því ekki nógu langt til að keppa um Bermudaskálina, en ná þurfti 6. sæti til þess. Norðmenn urðu Evrópumeistarar. Kvennasveitin varð í 18. sæti af 25 þjóðum. Frakkar sigruðu í kvennaflokki.

Fimleikar. Íslandsmót var haldið í Kópavogi dagana 15. og 16. mars. Íslandsmeistarar í fjölþraut urðu Thelma Rut Hermannsdóttir (Gerplu) í kvennaflokki og Viktor Kristmannsson (Gerplu) í karlaflokki, en hann sigraði fimmta árið í röð. Thelma sigraði í öllum æfingunum, þ.e. á tvíslá og slá, í æfingum á gólfi og í stökki. Viktor Kristmannsson sigraði í æfingum á svifrá, á gólfi, í hringjum, á tvíslá og á bogahesti, en Ingvar Jochumsson (Gerplu) sigraði í stökki.

Norður-Evrópumót í áhaldafimleikum var haldið í Kópavogi í nóvember. Viktor Kristmannsson náði bestum árangri Íslendinga og varð þriðji í fjölþraut. Ísland varð í 5. sæti í karlaflokki og 6. sæti í kvennaflokki af 9 þjóðum.

Frjálsíþróttir. Meistaramót Íslands innanhúss var haldið í Laugardalshöll 9. og 10. febrúar. Tvö Íslandsmet voru sett á mótinu. Sveinn Elías Elíasson (Fjölni) setti Íslandsmet í 400 m hlaupi, 48,33, og sveit ÍR setti met í 4x400 m boðhlaupi karla, 3.22,91. Sveinn Elías sló 36 ára gamalt met Bjarna Stefánssonar. Silja Úlfarsdóttir (FH) sigraði í þremur spretthlaupum og Björn Margeirsson (FH) í tveimur millivegalengdahlaupum.

Helga M. Þorsteinsdóttir og Silja Úlfarsdóttir voru sigursælar á innanhússmeistaramótinu í frjálsum íþróttum.

ÍR sigraði í stigakeppni mótsins og hlaut 27.774 stig. FH varð í öðru sæti með 26.190 stig. – Víðavangshlaup ÍR var haldið í 93. sinn á sumardaginn fyrsta. Þátttakendur voru 250 og hlaupnir voru 5 km. Sigurvegari í karlaflokki var Þorbergur Ingi Jónsson (Breiðabliki) á 15,29 mín, en Arndís Ýr Hafþórsdóttir (Fjölni) sigraði í kvennaflokki á 18,19 mín.

Meistaramót Íslands var haldið í 82. sinn á Laugardalsvelli dagana 26. og 27. júlí. Silja Úlfarsdóttir (FH) sigraði í þremur einstaklingsgreinum, 100 m hlaupi, 200 m hlaupi og 400 m hlaupi. Sveinn Elías Elíasson (Fjölni) sigraði í 100, 200 og 400 m hlaupum. Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir (FH) setti Íslandsmet í sleggjukasti kvenna, 51,86 m. FH sigraði í stigakeppni mótsins og hlaut 46.772 stig. ÍR varð í öðru sæti með 27.482 stig og Breiðablik í 3. sæti með 23.861 stig. – Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands var haldin á Kópavogsvelli 5. og 6. ágúst. FH-ingar sigruðu bæði í keppni karla og kvenna og unnu bikarmeistaratitilinn í 18. sinn með 180,5 stig. ÍR fékk 156 stig og Breiðablik 141,5 stig. UMSS féll niður í 2. deild.

Reykjavíkurmaraþon var haldið í 25. sinn laugardaginn 23.

ágúst í allgóðu veðri. Skráðir þátttakendur voru 10.722. Bretinn David Kirkland sigraði í maraþonhlaupinu sjálfu á tímanum 2:32,48 og Rozalynn Alexander, einnig frá Bretlandi, í kvennaflokki á tímanum 3:00,58. Stefán Viðar Sigtryggsson hljóp maraþonhlaupið á skemmstum tíma Íslendinga, 2:26,40. Af konum fékk Björg Árnadóttir bestan tíma Íslendinga, 3:20,11.

Kári Steinn Karlsson (Breiðabliki) setti tvö Íslandsmet í langhlaupum á mótum hjá Stanford-háskóla í Kaliforníu í apríl. Hann sló 25 ára gamalt met Jóns Diðrikssonar í 5 km hlaupi og hlóp á tímanum 14:07,13. Þá sló hann 32 ára gamalt met Sigfúsar Jónssonar í 10 km hlaupi og hljóp á 29:28,05. Gamla metið í 10 km var 30:10,0. – Bergur Ingi Pétursson (FH) setti Íslandsmet í sleggjukasti á móti í Hafnarfirði í maí og kastaði 74,48 m. – Ásdís Hjálmsdóttir (Ármanni) setti Íslandsmet í spjótkasti í Tallinn 20. júlí. Hún kastaði 59,80 m.

Glíma. Íslandsglíman var háð á Akureyri 29. mars. Pétur Þórir Gunnarsson (HSÞ) sigraði, hlaut Grettisbeltið og varð glímukóngur Íslands í fyrsta sinn. Svana Hrönn Jónsdóttir (GFD) sigraði í svokallaðri Freyjuglímu, sem háð var í áttunda sinn, og hlaut Freyjumenið. Svana Hrönn sigraði þriðja árið í röð. Sveitaglíma Íslands fór fram í glímuhúsi Ármenninga í Reykjavík í apríl. KR sigraði í karlaflokki en Glímufélag Dalamanna í kvennaflokki.

Golf. Íslandsmótið í höggleik var haldið í Vestmannaeyjum í lok júlí. Kristján Þór Einarsson (Kili í Mosfellsbæ) varð Íslandsmeistari í karlaflokki og Helena Árnadóttir (GR) í kvennaflokki. – Í september urðu þau Hlynur Geir Hjartarson (GK) og Ásta Birna Magnúsdóttir (GK) Íslandsmeistarar í holukeppni á Korpúlfsstaðavelli.

Handknattleikur. Haukar urðu Íslandsmeistarar í handknattleik karla 2008 með 46 stig. HK varð í öðru sæti með 37 stig og Valur í þriðja sæti með 36 stig. – HK sigraði í deildarbikarkeppninni í karlaflokki, en liðið vann Stjörnuna í úrslitaleik 29-28. – Stjarnan varð Íslandsmeistari í kvennaflokki með 41 stig. Fram varð í öðru sæti, einnig með 41 stig, og Valur í þriðja sæti með 36 stig. – Í bikarkeppni karla sigraði Valur Fram í úrslitaleik með 30 mörkum gegn 26. – Í bikarkeppni kvenna

Guðjón Valur Sigurðsson í harðri baráttu í landsleik.

sigraði Stjarnan Fylki með 25 mörkum gegn 20 í úrslitaleiknum.

Á Evrópumeistaramóti í handknattleik karla í Noregi í janúar lentu Íslendingar í 11. sæti. Í riðlakeppninni töpuðu Íslendingar fyrir Svíum 19-24 og Frökkum 21-30, en þeir unnu Slóvaka 28-22. Í milliriðli töpuðu Íslendingar fyrir Þjóðverjum 27-35 og Spánverjum 26-33, en leikurinn gegn Ungverjum vannst 36-28. Þessi niðurstaða tryggði ekki þátttökurétt Íslendinga á Ólympíuleikunum, en í sérstakri forkeppni í Wroclaw í Póllandi um þátttökurétt á Ólympíuleikunum náðu Íslendingar öðru sæti í sínum riðli og fengu með því þátttökuréttinn. Úrslitum réð góður sigur á Svíum 29-25 hinn 1. júní.

Á Ólympíuleikunum í Peking í ágúst byrjuðu Íslendingar með því að vinna Rússa 33-31 og Þjóðverja 32-29, en töpuðu síðan fyrir Suður-Kóreu 21-22. Næst kom jafntefli við Dani 32-32 og aftur jafntefli við Egypta með sömu markatölu, 32-32. Með leiknum við Egypta lauk riðlakeppninni og urðu Íslendingar í þriðja sæti í sínum riðli. Þar með voru þeir komnir í 8 liða úrslit. Þar kepptu Íslendingar við Pólverja og unnu þá 32-30. Nú var komið að undanúrslitum og þar með keppni um verðlaunasæti.

Andstæðingarnir voru Spánverjar og vannst leikurinn við þá 36-30. Var þá komið að úrslitaleiknum við Frakka um gullið, en hann tapaðist 23-28 og urðu Íslendingar því silfurverðlaunamenn á Ólympíuleikunum í Peking 2008. Úrslitaleikurinn var háður 24. ágúst.

Íshokkí. Skautafélag Akureyrar varð Íslandsmeistari í karlaflokki í íshokkí. Félagið sigraði Skautafélag Reykjavíkur í úrslitakeppni 4-1.

Íþróttamaður ársins. Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður var kjörinn íþróttamaður ársins 2008. Hann hlaut 480 stig, sem er fullt hús stiga

Íþróttir fatlaðra. Fimm Íslendingar fóru á Ólympíumót fatlaðra í Peking í september. Tveir kepptu í sundi, tveir í frjálsum íþróttum og einn í lyftingum. Jón Oddur Halldórsson náði bestum árangri og varð í 5. sæti í 100 m hlaupi. Eyþór Þrastarson komst í úrslit í 400 m skriðsundi. – Íslandsmót í sundi fatlaðra fór fram í Laugardalslaug í lok nóvember. Um 80 manns tóku þátt í mótinu og sett voru 11 Íslandsmet.

Júdó. Íslandsmót var haldið í Reykjavík 26. apríl. Þormóður Á. Jónsson (Júdófélagi Reykjavíkur) sigraði í opnum flokki karla og einnig í +100 kg flokki. Anna Soffía Víkingsdóttir (Ármanni) sigraði í opnum flokki kvenna og einnig í 70 kg flokki. Ármann sigraði í sveitakeppni karla.

Knattspyrna. FH varð Íslandsmeistari í knattspyrnu utanhúss í karlaflokki. FH-ingar hlutu 47 stig og markatöluna 50-25, Keflavík varð í öðru sæti með 46 stig og Fram í þriðja sæti með 40 stig. Fjölgað var í úrvalsdeildinni og voru tólf lið þar að þessu sinni. HK og ÍA féllu úr úrvalsdeild. ÍBV sigraði í 1. deild með 50 stig, en Stjarnan í Garðabæ varð í öðru sæti með 47 stig. Þessi tvö félög fluttust upp um deild. Njarðvík og KS/Leiftur féllu í 2. deild. – Í úrvalsdeild kvenna sigraði Valur þriðja árið í röð. Liðið hlaut 51 stig og markatöluna 91-15. KR varð í 2. sæti með 48 stig. HK/Víkingur og Fjölnir féllu í 1. deild. ÍR og GRV sigruðu í 1. deild og flytjast í úrvalsdeild.

Guðmundur Steinarsson (Keflavík) varð markahæstur í úrvalsdeild karla með 16 mörk. Björgólfur Takefusa (KR) varð í öðru sæti með 14 mörk og Tryggvi Guðmundsson (FH) í

KR-ingar fagna sigri í bikarkeppni KSÍ.

þriðja sæti með 12 mörk. – Í úrvalsdeild kvenna varð Margrét Lára Viðarsdóttir (Val) markahæst með 32 mörk og Rakel Hönnudóttir (Þór/KA) í öðru sæti með 20 mörk. – Guðmundur Steinarsson og Dóra María Lárusdóttir (Val) voru valin leikmenn ársins, en Jóhann Berg Guðmundsson (Breiðabliki) og Hlín Gunnlaugsdóttir (Breiðabliki) efnilegustu knattspyrnumennirnir.

KR sigraði í bikarkeppni karla í ellefta sinn, vann Fjölni í úrslitaleik 1-0. Markið var sjálfsmark Fjölnismanna, sem léku til úrslita í þessari keppni annað árið í röð og töpuðu öðru sinni. – KR sigraði einnig í bikarkeppni kvenna annað árið í röð, vann Val 4-0. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði þrjú mörk og Hrefna Jóhannesdóttir eitt.

Aðalverkefni íslenska karlalandsliðsins á árinu 2008 var undankeppni heimsmeistaramótsins, sem verður í Suður-Afríku 2010. Íslendingar fóru vel af stað og gerðu jafntefi 2-2 við Norðmenn í Ósló 6. september. Mörkin skoruðu Heiðar Helguson og Eiður Smári Guðjohnsen. Ekki gekk eins vel í næsta leik, sem var á Laugardalsvelli 10. september. Þá töpuðu Íslendingar fyrir Skotum 1-2. Eiður Smári skoraði markið úr

víti. – 11. október léku Íslendingar við Hollendinga í Rotterdam og töpuðu 0-2. Næst var leikið á Laugardalsvellinum 15. október og þá gegn Makedóníu. Sá leikur vannst 1-0 með marki Veigars Páls Gunnarssonar. Íslendingar fengu þannig fjögur stig út úr þessum fjórum fyrstu leikjum.

Íslenska kvennalandsliðið hélt áfram þátttöku í undankeppni Evrópumeistaramótsins 2008 með sigri á Serbum í Kragujevac 28. maí 4-0. Margrét Lára Viðarsdóttir (2), Sara Björk Gunnarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir skoruðu mörkin. Næsti leikur var á Laugardalsvelli 21. júní, og þá unnu Íslendingar stóran sigur á Slóvenum 5-0. Margrét Lára Viðarsdóttir (3), Katrín Ómarsdóttir og Katrín Jónsdóttir skoruðu mörkin. Aftur var leikið á Laugardalsvelli 26. júní og nú gegn Grikkjum. Sá leikur vannst 7-0 og skoruðu þær Hólmfríður Magnúsdóttir (3), Margrét Lára Viðarsdóttir (2), Katrín Ómarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir mörkin. – Úrslitaleikur um efsta sætið í riðlinum, og þar með farseðil á Evrópumótið í Finnlandi 2009, fór fram á La Roche-sur-yon í Frakklandi 7. september. Íslandi dugði jafntefli til þess að sigra í riðlinum, en leikurinn tapaðist 2-1. Katrín Jónsdóttir skoraði mark Íslendinga. Eftir þennan leik fór fram umspil um 5 EM-sæti milli liða sem lentu í 2. og 3. sæti í sínum riðlum. Ísland dróst gegn Írlandi og voru leiknir tveir leikir. Fyrri leikurinn var í Dublin 26. október og endaði hann með jafntefli 1-1. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði markið. Síðari leikurinn var svo á frosnum Laugardalsvelli 30. október. Íslendingar unnu þann leik 3-0. Mörkin skoruðu Dóra María Lárusdóttir (2) og Margrét Lára Viðarsdóttir. Ísland leikur því í úrslitakeppni á Evrópumóti kvenna í Finnlandi í ágúst 2009.

Íslandsmeistarar Vals léku í 1. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu við hvítrússneska liðið Bate Borisov og töpuðu báðum leikjunum, 2-0 á útivelli og 0-1 á heimavelli. – FH-ingar kepptu við Grevenmacher í Lúxemborg í 1. umferð í UEFA-bikarkeppninni og unnu þá 3-2 heima og 1-5 úti. Í 2. umferð lentu svo FH-ingar á móti enska úrvalsdeildarliðinu Aston Villa og töpuðu fyrir þeim 1-4 á heimavelli, en náðu síðan þeim ágæta árangri að gera jafntefli úti 1-1. – Akurnesingar kepptu við finnska liðið Honka, einnig í UEFA-bikarnum, og voru slegnir

Körfuboltakonan Hildur Sigurðardóttir í leik gegn Haukum.

út í 1. umferð, 3-0 í Finnlandi og 2-1 heima. – Fylkir keppti við lettneska liðið FK Riga í Intertoto-keppninni og tapaði heimaleiknum 0-2 eftir að hafa unnið 1-2 í Lettlandi.

Í meistarakeppni kvenna, undanriðli, unnu Valsstúlkur sinn riðil auðveldlega. Þær unnu Cardiff City frá Wales 8-1, Slovan

Duslo Sala frá Slóvakíu 6-2 og Maccabi Holon frá Ísrael 9-0. Keppt var í Slóvakíu. Í milliriðlinum var leikið í Umeå í Svíþjóð og þar töpuðu Valsstúlkur 1-5 fyrir gestgjöfunum og 2-3 fyrir Bardolino frá Ítalíu en unnu Alma frá Kasakstan 8-0. Valur varð í 3. sæti í riðlinum og komst ekki lengra.

Margir íslenskir knattspyrnumenn léku erlendis á árinu og náði Veigar Páll Gunnarsson þeim árangri að verða norskur meistari með liði sínu Stabæk. – Hermann Hreiðarsson varð enskur bikarmeistari með Portsmouth eftir að liðið sigraði Cardiff í úrslitaleik á Wembley. – Grétar Rafn Steinsson fór frá AZ Alkmaar í Hollandi til Bolton í ensku úrvalsdeildinni. Þar náði hann góðum árangri og var fastamaður í liðinu.

Ásgeir Sigurvinsson var valinn besti knattspyrnumaður Íslands eftir 1946. Valið stóð á milli tíu manna á vegum KSÍ og Stöðvar 2 Sport. Ásgeir lék 17 tímabil í Belgíu 1973-1981 og Þýskalandi 1981-1990. Hann varð þýskur meistari með Stuttgart 1984.

Körfuknattleikur. Keflvíkingar urðu deildarmeistarar í karlaflokki og hlutu 36 stig, KR-ingar urðu í 2. sæti með 34 stig og Grindavík í því þriðja með 30 stig. – Keflvíkingar urðu síðan Íslandsmeistarar eftir sigur á Snæfelli í úrslitakeppni úrvalsdeildarinnar, 3-0. – Í kvennaflokki urðu Keflvíkingar deildarmeistarar með 40 stig, en KR-ingar urðu í 2. sæti með 32 stig og Grindvíkingar í því þriðja einnig með 32 stig. – Keflvíkingar urðu síðan Íslandsmeistarar með því að vinna KR í úrslitakeppni 3-0. – Snæfellingar urðu bikarmeistarar í karlaflokki og unnu Fjölni í úrslitaleik 109-86. Í kvennaflokki unnu Grindvíkingar bikarinn með sigri á Haukum 77-67.

Ólympíuleikar. Þeir voru haldnir í Peking dagana 8.-24. ágúst. Keppendur Íslands voru 27, en auk þeirra var fjöldi fylgdarmanna og meðal þeirra forseti Íslands og menntamálaráðherra. Fánaberi við setningarathöfn var sundmaðurinn Örn Arnarson. 14 Íslendingar voru í handboltaliðinu, 8 kepptu í sundi, 3 í frjálsum íþróttum, 1 í badminton og 1 í júdó. Handboltaliðið náði öðru sæti og hreppti silfurverðlaun, en aðrir keppendur náðu ekki langt. Af sundfólkinu náðu Örn Arnarson og Ragnheiður Ragnarsdóttir bestum árangri, en þau urðu í 35.

Íslenska liðið gengur inn á leikvanginn í Peking. Fánaberi er Örn Arnarson.

sæti af 45/49 keppendum í þeirra greinum. Þá setti Árni Már Árnason Íslandsmet í sinni grein, 50 m skriðsundi. Þormóður Árni Jónsson komst í 32 manna úrslit í júdó eftir einn sigur. Hann tapaði síðan naumlega fyrir Íraka. Þórey Edda Elísdóttir stökk aðeins 4,15 í stangarstökki og komst ekki áfram.

Rall. Ísak Guðjónsson og Sigurður Bragi Guðmundsson urðu Íslandsmeistarar í ralli. Þeir óku á Mitsubishi Lancer bifreið.

Skák. Skákþing Íslands var haldið í september. Hannes Hlífar Stefánsson sigraði í landsliðsflokki og varð Íslandsmeistari áttunda árið í röð. Þetta var í tíunda sinn sem hann sigraði á 11 árum. Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í skák. Hún var aðeins 17 ára.

Reykjavíkurskákmótið var haldið snemma í mars. Hannes Hlífar Stefánsson og Kínverjarnir Wang Hao og Wang Yau urðu efstir og jafnir með sjö vinninga.

Ólympíumót var haldið í Dresden í nóvember. Íslenska karlasveitin varð í 64. sæti og kvennasveitin í 60. sæti. Þetta er lakasti árangur Íslendinga á Ólympíumóti frá upphafi.

Skíðaíþróttir. Skíðamót Íslands var haldið á Ísafirði í lok mars.

Ólafur Ragnar, Dorrit og Guðmundur landsliðsþjálfari fagna sigri á Spánverjum á Ólympíuleikunum.

Skíðagöngukappinn Sævar Birgisson frá Sauðárkróki sigraði í 10 km göngu karla, en Stella Hjaltadóttir frá Ísafirði hlaut flest verðlaun í skíðagöngu kvenna. Björgvin Björgvinsson frá Dalvík sigraði í svigi og stórsvigi karla sem og í alpatvíkeppni, en Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri gerði slíkt hið sama í kvennaflokki. Ísfirðingar sigruðu í boðgöngu kvenna en Akureyringar í boðgöngu karla. Brynjar Leó Gunnarsson hlaut fern gullverðlaun fyrir göngu í 17-19 ára flokki.

Skvass. Íslandsmót var haldið í lok apríl. Kim Magnús Nielsen varð Íslandsmeistari í karlaflokki í 13. sinn og Rósa Jónsdóttir í kvennaflokki. Rósa sigraði sjötta árið í röð.

Skylmingar. Íslandsmót í skylmingum með höggsverðum fór fram í skylmingamiðstöðinni í Laugardal 22. nóvember. Ragnar Ingi Sigurðsson (FH) sigraði í opnum flokki karla og

Þorbjörg Ágústsdóttir (SFR) í opnum flokki kvenna. FH sigraði í liðakeppni.

Sund. Sundmeistaramót Íslands innanhúss í 50 m laug var haldið í Laugardalslaug 3.-6. apríl. Erla Dögg Haraldsdóttir (IRB) sigraði sexfalt og setti fjögur Íslandsmet. Þar á meðal var nýtt met í 100 m bringusundi, 1.11,0, og bætti hún 17 ára gamalt met Ragnheiðar Runólfsdóttur. Jakob Jóhann Sveinsson og Örn Arnarson sigruðu í tveimur greinum hvor.

Bikarkeppni 1. deildar fór fram í Reykjanesbæ 5.-6. júlí. Í 1. deild kvenna sigraði Íþróttabandalag Reykjanesbæjar og hlaut 15.966 stig. Sunddeild KR varð í öðru sæti með 15.060 stig og sundfélagið Ægir í þriðja sæti með 14.993 stig. Í 1. deild karla sigraði Íþróttabandalag Reykjanesbæjar einnig og hlaut 16.069 stig. Sundfélag Hafnarfjarðar varð í öðru sæti með 15.106 stig, en í þriðja sæti varð sundfélagið Ægir með 13.651 stig.

Íslandsmót í 25 m laug var haldið í Laugardalslaug 21.-22. nóvember. Jakob Jóhann Sveinsson (Ægi) fjórbætti eigin Íslandsmet í 50 m (27,86) og 100 m bringusundi (1.00,18). Þá setti Sarah Blake Bateman (Ægi) Íslandsmet í 50 m baksundi 28,91 og Hrafnhildur Lúthersdóttir (SH) í 50 m bringusundi 32,24. Kvennasveitir Ægis settu Íslandsmet í 4x50 m skriðsundi og 4x100 m skriðsundi.

Fjórir íslenskir sundmenn kepptu á Evrópumeistaramóti, sem haldið var í Eindhoven í Hollandi um miðjan mars. Örn Arnarson náði bestum árangri og varð áttundi í 50 m baksundi á tímanum 25,88. Í undanrásum synti hann á 25,86 sem er Norðurlandamet. Aðrir keppendur Íslands voru Jakob Jóhann Sveinsson, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Sigrún Brá Sverrisdóttir. Sigrún náði Ólympíulágmarki með því að synda á 57,07 í 100 m skriðsundi.

Tennis. Íslandsmót í tennis var haldið um miðjan ágúst í Kópavogi. Arnar Sigurðsson varð Íslandsmeistari í karlaflokki tólfta árið í röð. Í kvennaflokki varð Sandra Dís Kristjánsdóttir Íslandsmeistari.

Stykkishólmskirkja.

KIRKJAN

Prestastefnan var haldin í Reykjavík í byrjun júní. Helsta verkefni prestastefnunnar var að ræða drög að reglum um innri málefni kirkjunnar, þ.á m. reglur um skírn og fermingar. Um sumt er nú farið eftir gömlum reglum, jafnvel frá 18. öld, t.d. um fermingar. Biskup lagði fram form fyrir presta um blessun staðfestrar sambúðar m.a. samkynhneigðra.

Kirkjuþing, hið 39. í röðinni, var haldið í Grensáskirkju 25.-27. október. Í setningarræðu sinni vék biskup að efnahagsástandinu í landinu og sagði m.a.: „Á snöggu augabragði hrundi svo margt sem keikast stóð í hinni hraustu, nýju, veröld hnattvæðingarinnar.“ Nú þyrfti að nota tækifærið til endurmats og endurskipulagningar, sem síðan gæti leitt til frekari trúrækni. Þá sagði biskup að erfiðleikar Íslendinga væru auðsældarkreppa en ekki örbirgðar og mikilvægt væri að gleyma ekki þeim sem byggju við örbirgð.

Þessir guðfræðingar tóku vígslu á árinu: Aðalsteinn Þorvaldsson til prestsþjónustu í Setbergsprestakalli, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi (5. október), Jóna Lovísa Jónsdóttir

til prestsþjónustu sem skólaprestur í Akureyrarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi (5. október), Jón Ómar Gunnarsson til prestsþjónustu hjá Kristilegu skólahreyfingunni og KFUM og KFUK á Íslandi (5. október), Árni Svanur Daníelsson til prestsþjónustu á Biskupsstofu að trúfræðslu á vefnum með sérstakar skyldur við Dómkirkjuna (2. nóvember), Elína Hrund Kristjánsdóttir til afleysingaþjónustu í Reykhólaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi (2. nóvember), Hjörtur Pálsson til prestsþjónustu á Biskupsstofu og afleysingaþjónustu með sérstakar skyldur við Hólabiskupsdæmi (2. nóvember), Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir til prestsþjónustu á Biskupsstofu að samkirkjumálum með sérstakar skyldur við Dómkirkjuna í Reykjavík (2. nóvember) og Úrsúla Árnadóttir til prestsþjónustu í Skagastrandarprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi (1. desember).

MANNALÁT

Nokkur úr hópi látinna (getið er starfs sem hinn látni er einkum þekktur fyrir).

2. jan.: Stefan J. Stefansson bóndi og fógeti í Manitoba
f. 13. febrúar l915.

8. jan.: Bjarni Jónsson listmálari
f. 15. september 1934.

8. jan.: Kristín Guðmundsdóttir húsfreyja (elsti Íslendingurinn)
f. 11. maí 1902.

10. jan.: Úlfur Ragnarsson læknir
f. 29. september 1923.

29. jan.: Haukur Hafstað framkv.stj. Landverndar
f. 23. desember 1920.

30. jan.: Gunnar Reynir Sveinsson tónskáld
f. 28. júlí 1933.

3. febr.: Páll V. Daníelsson viðskiptafræðingur
f. 3. apríl 1915.

3. febr.: Sigurveig Jónsdóttir leikkona
f. 10. janúar 1931.

5. febr.: Skúli Skúlason ættfræðingur
f. 31. október 1918.
8. febr.: Frank Ponzi listsagnfræðingur
f. 18. maí 1929.
15. febr.: Ármann Halldórsson kennari og fræðim.
f. 8. maí 1916.
17. febr.: Þórhallur Tryggvason bankastjóri
f. 21. maí 1917.
20. febr.: Sif Þórz Þórðardóttir danskennari
f. 16. júní 1924.
24. febr.: Rigmor S. Hanson danskennari
f. 31. maí 1913.
27. febr.: Árni Helgason póst- og símastjóri
f. 14. mars 1914.
1. mars: Elfa Björk Gunnarsdóttir borgarbókavörður
f. 29. september 1943.
3. mars: Árni Jónsson landnámsstjóri
f. 19. janúar 1914.
7. mars: Stefán J. Guðjohnsen briddsmeistari
f. 27. maí 1931.
13. mars: Sæmundur Valdimarsson myndhöggvari
f. 2. ágúst 1918.
15. mars: Helgi Hallvarðsson skipherra
f. 12. júní 1931.
17. mars: Margrét Auðunsdóttir form. Sóknar
f. 20. júní 1906.
20. mars: Ólöf Pétursdóttir dómstjóri
f. 8. júlí 1948.
22. mars: Guðjón Sv. Sigurðsson form. Iðju
f. 17. október 1925.
27. mars: Bolli Þ. Gústafsson vígslubiskup
f. 17. nóvember 1935.
27. mars: Ólafur Ragnarsson bókaútgefandi
f. 8. september 1944.
28. mars: Tómas Tómasson sparisjóðsst. í Keflavík
f. 7. júlí 1924.
30. mars: Eggert Thorarensen forstjóri BSR
f. 26. maí 1921.

31. mars: Séra Gunnar Gíslason sóknarpr. og alþm.
f. 5. apríl 1914.
2. apríl: Valdimar Ólafsson flugumferðarstjóri
f. 13. ágúst 1926.
5. apríl: Geir Gunnarsson alþingismaður
f. 12. apríl 1930.
8. apríl: Jón S. Guðmundsson menntaskólakennari
f. 11. október 1918.
8. apríl: Páll Lýðsson bóndi og sagnfræðingur
f. 7. október 1936.
8. apríl: Séra Kristinn Hóseasson sóknarpr. í Heydölum
f. 17. febrúar 1916.
10. apríl: Sigurður Björnsson bóndi og fræðimaður á Kvískerjum
f. 24. apríl 1917.
17. apríl: Bogi Pétursson forst.m. sumarb. við Ástjörn
f. 3. febrúar 1925.
18. apríl: Sigríður Schiöth organisti
f. 3. febrúar 1914.
19. apríl: Ragnhildur Sveinbjarnard. húsfr. í Lambey
f. 25. mars 1927.
21. apríl: Þorsteinn Auðunsson skipstjóri
f. 22. febrúar 1920.
23. apríl: Elsa Guðbjörg Vilmundardóttir jarðfræðingur
f. 27. nóvember 1932.
23. apríl: Hjalti Þórarinsson yfirlæknir
f. 23. mars 1920.
28. apríl: Sigríður Ingimarsdóttir ritst. Húsfreyjunnar
f. 1. október 1923.
30. apríl: Aðalsteinn Jónsson útgerðarm. á Eskifirði
f. 30. janúar 1922.
2. maí: Helga Þórarinsdóttir sagnfr. og þýðandi
f. 3. nóvember 1943.
7. maí: Þórir Daníelsson framkv.st. Verkamannasamb.
f. 25. apríl 1923.
9. maí: Björn Björnsson prófessor í guðfræði
f. 9. apríl 1937.

22. maí: Bergur G. Gíslason framkvæmdastjóri
f. 6. nóvember 1907.
28. maí: Alexander Stefánsson ráðherra og alþm.
f. 6. október 1922.
28. maí: Guðmundur Arason hnefaleikaþjálfari
f. 17. mars 1919.
29. maí: Kristinn P. Michelsen varaoddviti á Seltj.nesi
f. 5. mars 1926.
2. júní: Kristján Kristjánsson tónlistarmaður
f. 5. september 1925.
4. júní: Jóhanna Kristjánsdóttir frá Kirkjubóli
f. 7. maí 1908.
6. júní: Sigurgestur Guðjónsson frm. Fél. bifvélavirkja
f. 5. júní 1912.
9. júní: Lena Bergmann deildarmeinatæknir
f. 13. júní 1935.
9. júní: Ólafur Skúlason biskup
f. 29. desember 1929.
11. júní: Vigdís Jónsdóttir skólastj. á Varmalandi
f. 6. mars 1917.
17. júní: Sverrir Norðfjörð arkitekt
f. 17. júní 1941.
20. júní: Jón Þ. Björnsson organisti
f. 2. apríl 1936.
21. júní: Brynja Benediktsdóttir leikstjóri
f. 20. febrúar 1938.
4. júlí: Indriði Indriðason ættfræðingur
f. 17. apríl 1908.
4. júlí: Karl Bergmann Guðmundsson forseti bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi
f. 12. nóvember 1919.
6. júlí: Jón Hauksson lögfræðingur
f. 8. maí 1943.
8. júlí: Séra Kristján Róbertsson sóknarprestur
f. 29. apríl 1925.
9. júlí: Bergsteinn Gizurarson brunamálastjóri
f. 29. nóvember 1936.

11. júlí: Eiríkur Alexandersson bæjarst. í Grindavík
f. 13. júní 1936.
12. júlí: Egill Jónsson bóndi á Seljavöllum og alþm.
f. 14. desember 1930.
12. júlí: Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri
f. 4. mars 1942.
13. júlí: Jósafat Arngrímsson athafnamaður
f. 12. maí 1933.
17. júlí: Séra Birgir Snæbjörnsson sóknarprestur
f. 20. ágúst 1929.
24. júlí: Hjörtur Hjartarson tölvutæknifræðingur
f. 23. desember 1929.
29. júlí: Árni Jónsson söngvari
f. 12. maí 1926.
30. júlí: Símon S. Sigurjónsson barþjónn á Naustinu
f. 4. ágúst 1930.
2. ágúst: Þuríður Samúelsdóttir húsfreyja (hún var elst Íslendinga frá 8. janúar)
f. 19. júní 1903.
4. ágúst: Jón Gauti Jónsson bæjarstj. í Garðabæ
f. 29. desember 1945.
5. ágúst: Teitur Benediktsson menntaskólakennari
f. 13. mars 1931.
14. ágúst: Óskar V. Friðriksson fulltrúi
f. 14. ágúst 1931.
24. ágúst: Hörður Óskarsson prentari og KR-ingur
f. 26. mars 1923.
28. ágúst: Sigurbjörn Einarsson biskup
f. 30. júní 1911.
30. ágúst: Haukur Benediktsson framkv.st. Borgarspítalans
f. 29. febrúar 1924.
31. ágúst: Björn Helgason hæstaréttarritari
f. 12. október 1927.
31. ágúst: Egill Gunnlaugsson héraðsdýralæknir
f. 29. september 1936.
6. sept.: Kristmundur Helgi Jónsson flugkennari
f. 11. febrúar 1938.

Frá útför Sigurbjörns Einarssonar biskups. Séra Jón Dalbú Hróbjartsson kastar rekunum.

7. sept.: Kristín Jónsdóttir læknir
f. 28. janúar 1927.
8. sept.: Sverrir Haraldsson læknir
f. 8. júlí 1930.
9. sept.: Elís Kjaran Friðfinnsson jarðýtustjóri
f. 19. nóvember 1928.
11. sept.: Sveinn K. Sveinsson forstjóri Völundar
f. 1. júní 1924.
14. sept.: Einar J. Egilsson leiðsögumaður
f. 17. janúar 1930.
19. sept.: Sævar Halldórsson barnalæknir
f. 25. júní 1934.
23. sept.: Jósef H. Þorgeirsson lögfræðingur
f. 16. júlí 1936.
26. sept.: Agnar Gústafsson lögfræðingur
f. 28. október 1926.
22. okt.: Sigurður Hjaltason sveitarstjóri á Höfn
f. 12. maí 1923.
23. okt.: Gunnar Bergsteinsson forstj. Landhelgisg.
f. 29. ágúst 1923.
23. okt.: Sigurður Helgason deildarstj. í menntamálar.
f. 2. mars 1930.
7. nóv.: Baldur Jónsson vallarstjóri
f. 3. nóvember 1916.
9. nóv.: Úlfur Hjörvar rithöfundur
f. 22. apríl 1935.
10. nóv.: Halldór B. Jakobsson forstjóri
f. 1. janúar 1917.
21. nóv.: Jórunn Brynjólfsdóttir kaupmaður
f. 20. júní 1910.
22. nóv.: Helgi Magnús Arngrímsson leiðsögumaður
f. 12. júní 1951.
27. nóv.: Einar Sigurðsson viðskfr. og handboltamaður
f. 1. maí 1936.
2. des.: Tómas Þorvaldsson útgerðarmaður
f. 26. desember 1919.
5. des.: Guðmundur Rúnar Júlíusson tónlistarmaður
f. 13. apríl 1945.

11. des.: Örn Clausen hrl. og tugþrautarkappi
f. 8. nóvember 1928.
13. des.: Sigrún Ögmundsdóttir, fyrsta þula Ríkisútv.
f. 2. september 1911.
21. des.: Halldóra Eldjárn forsetafrú
f. 24. nóvember 1923.
24. des.: Þórunn Magnúsdóttir sagnfræðingur
f. 12. desember 1920.
26. des.: Halldór Þorbjörnsson hæstaréttardómari
f. 6. apríl 1921.
29. des.: Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur
f. 4. júní 1941.
29. des.: Ólöf Benediktsdóttir menntaskólakennari
f. 10. október 1919.

NÁTTÚRA ÍSLANDS

Jarðskjálftar

Jarðskjálfti, 3,1 á Richter, varð í mynni Hvalvatnsfjarðar í Fjörðum 17. maí. Upptökin voru talin vera á Húsavík-Flatey misgenginu.

Suðurlandsskjálfti brast á kl. 15.45 fimmtudaginn 29. maí. Þetta voru tveir samliggjandi skjálftar, 6,3 stig á Richter. Upptökin voru talin vera milli Hveragerðis og Selfoss. Töluverðar skemmdir urðu á u.þ.b. 20 íbúðarhúsum í þessum kaupstöðum, og útihús hrundi á bænum Krossi í Ölfusi. Mjög mikil eyðilegging varð á innanstokksmunum, þ.e. húsgögnum, leirmunum o.fl. Fáeinir tugir manna meiddust en allir smávægilega. Talið er að fjöldi fólks hafi orðið fyrir sálrænum áföllum í skjálftanum. Breytingar í landslagi voru ekki miklar, en þó myndaðist leirhver í Hveragerði. Þá varð nokkurt grjóthrun úr Ingólfsfjalli og fjallið hvarf í rykmekki. Allmiklir eftirskjálftar komu á næstu vikum.

Um hádegi 23. júlí hófst jarðskjálftahrina 16 km austur frá Grímsey. Fyrsti skjálftinn kom kl. 12.36 og var 4,1 á Richter en sá stærsti kom kl. 18.35 og var 4,7 á Richter. Hundruð smærri skjálfta komu næstu daga. – 18. ágúst fundust tveir jarðskjálftar

Heimili í Hveragerði illa leikið eftir jarðskjálftann mikla 29. maí.

austsuðaustur af Grímsey, 3,7 og 3,8 á Richter. – 4. nóvember varð jarðskjálfti vestur af Grindavík. Hann var 4,0 stig á Richter.

Hlaup, flóð og skriður

Um miðjan október kom hlaup í Skaftá. Það óx hratt og varð með stærstu hlaupum, um 1.500 rúmmetrar á sekúndu við Sunnutind þegar mest var. Sandburður var mikill í hlaupinu.

Dýraríkið

Í júnímánuði urðu þeir fágætu atburðir að tvo hvítabirni bar að landinu. Hinn fyrri sást á Þverárfjalli eigi langt frá Sauðárkróki að morgni 3. júní. Fólk dreif að til þess að sjá dýrið, en hvítabirnir höfðu ekki verið á ferðinni á Íslandi í marga áratugi. Yfirvöldum þótti hætta stafa af dýrinu, og var það skotið á færi eftir stutta landvist á Íslandi. Síðari hvítabjörninn gekk á land við bæinn Hraun á Skaga og sást hann fyrst að morgni 16. júní. Nú var ákveðið að reyna að bjarga þessu dýri og koma því til Grænlands. Umhverfisráðuneytið hafði forgöngu um þetta, og var yfirdýralæknir við dýragarðinn í

Hvítabjörninn á Skaga var skotinn á færi.

Kaupmannahöfn fenginn til þess að koma til Íslands með búr svo flytja mætti björninn með varðskipi til Grænlands. Gerð var tilraun til þess að skjóta deyfilyfi í björninn, en það tókst ekki og var dýrið skotið þegar það hugðist leggjast til sunds. – Rostungur kom á land í Ófeigsfirði á Ströndum í byrjun ágúst. Hann virtist vera veikur og drapst fljótlega eftir landtökuna. Síðast kom rostungur á land árið 2005. – Tvær til fjórar andarnefjur héldu til á Akureyrarpolli í nokkrar vikur í ágúst og fram í október.

Talið er að grágæsastofninn íslenski sé 150-160 þúsund fuglar að hausti. 35-40 þúsund gæsir eru veiddar hér á landi og 25-30 þúsund í Bretlandi úr þessum stofni. Heiðargæsastofninn er talinn vera um 300.000 fuglar, og fer hann stækkandi. Þá er talið að blesgæsum fari fjölgandi. – Kornhæna hafði aðsetur í Önundarfirði í júlí. Er þetta í annað sinn sem þessi fugl sést hér á landi. – Fjölgað hefur í rjúpnastofninum einkum á Suðausturlandi. Veiðar voru leyfðar 1.-30. nóvember en aðeins frá fimmtudegi til sunnudags í viku hverri. Álitið er að skotnar hafi verið um 35.000 rjúpur. – Fjallvákur sást á Siglufirði í september, en hann er mjög sjaldgæfur fugl hér á landi.

Hvalreki

Allstóran búrhval rak á fjörur í Álftaveri í lok ágúst. – 18-20 m langa langreyðarkú rak á land við Dyrhólaós í lok nóvember. Virtist hún hafa rekist á skip og slasast.

PRÓF

Lokapróf við Háskóla Íslands

Á árinu 2008 var skipulagi Háskóla Íslands gerbreytt. Í stað 11 deilda komu 5 svið, sem síðan skiptust í deildir. Auk þessa var Kennaraháskóli Íslands sameinaður Háskólanum. Alls brautskráðust 2.395 kandídatar frá H.Í. á árinu 2008, en árið á undan brautskráðust 1.648 frá H.Í og 550 frá KHÍ eða samtals 2.198 kandídatar. Árið 2008 voru brautskráðar konur 1.700 en karlar 695.

Eftir sviðum og deildum skiptust kandídatar þannig:

1. *Félagsvísindasvið* (835), sem skiptist þanng á deildir: Félags- og mannvísindadeild 256, félagsráðgjafadeild 85, hagfræðideild 57, lagadeild 138, stjórnmálafræðideild 119, viðskiptafræðideild 180. Fjölmennustu námsbrautirnar voru til B.A.-prófs í félagsráðgjöf 64, B.A.-prófs í lögfræði 42 og B.A.-prófs í félagsfræði 33.

2. *Heilbrigðisvísindasvið (*373), sem skiptist þannig á deildir: Hjúkrunarfræðideild 109, lyfjafræðideild 51, læknadeild 92, matvæla- og næringarfræðideild 13, sálfræðideild 102, tannlæknadeild 6. Fjölmennustu námsbrautirnar voru til B.S.-prófs í sálfræði 85, B.S.-prófs í hjúkrunarfræði 68 og og kandídatsprófs í læknisfræði 49.

3. *Hugvísindasvið* (286), sem skiptist þannig á deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 81, guðfræði- og trúarbragðafræðideild 29, íslensku- og menningardeild 105, sagnfræði- og heimspekideild 71. Fjölmennasta námsbrautin var til B.A-prófs í sagnfræði 22.

4. *Menntavísindasvið* (550), sem skiptist þannig á deildir: Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild 96, kennaradeild 389, uppeldis- og menntunarfræðideild 65. Fjölmennustu námsbrautirnar voru til B.A.-prófs í grunnskólakennarafræði 184 og

Forsetar fræðasviða H.Í. frá 9. september. F.v: Ólafur Þ. Harðarson forseti félagsvísindasviðs, Ástráður Eysteinsson forseti hugvísindasviðs, Kristín Ingólfsdóttir rektor, Jón Torfi Jónasson forseti menntavísindasviðs og Sigurður Guðmundsson forseti heilbrigðisvísindasviðs. Forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs, Kristín Vala Ragnarsdóttir, er ekki á myndinni.

til B.A.-prófs í leikskólakennarafræði 54, B.S.-prófs í þroskaþjálfafræði 34 og B.S.-prófs í íþróttafræði 32.

5. *Verkfræði- og náttúruvísindasvið* (351), sem skiptist þannig á deildir: Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 119, jarðvísindadeild 21, líf- og umhverfisvísindadeild 105, rafmagns- og tölvuverkfræðideild 18, raunvísindadeild 55, umhverfis- og byggingaverkfræðideild 33. Fjölmennustu námsbrautirnar voru til B.S.-prófs í ferðamálafræði 45, B.S.-prófs í iðnaðarverkfræði 30 og B.S.-prófs í líffræði 28.

Lokapróf við Háskólann á Akureyri

Háskólinn á Akureyri brautskráði 328 nemendur árið 2008 (373 árið áður).

Heilbrigðisdeild (52): Dipl.Sc. í heilbrigðisvísindum 2, M.S.-

próf heilbrigðisvísindum 2, B.S.-próf í hjúkrunarfræði 37, B.S.-próf í iðjuþjálfunarfræði 11.

Kennaradeild (140): B.Ed.-próf í leikskólakennarafræði 49, B.Ed.-próf í grunnskólakennarafræði 51, Dipl.Ed.-próf í menntunarfræði 14, M.Ed.-próf í menntunarfræði 6, kennslufræði til kennsluréttinda 20.

Viðskipta- og raunvísindadeild (67): B.S.-próf í líftækni 9, B.S.-próf í sjávarútvegsfræði 3, B.S.-próf í umhverfisfræði 2, M.S.-próf í auðlindafræði 4, B.S.-próf í tölvunarfræði 3, B.S.-próf í viðskiptafræði 46.

Félagsvísinda- og lagadeild (69): B.A.-próf í nútímafræði 5, B.A.-próf í fjölmiðlafræði 7, B.A.-próf í samfélags- og hagþróunarfræði 5, B.A.-próf í sálfræði 23, B.A.-próf í lögfræði 19, M.L.-próf í lögfræði 10.

Lokapróf við Háskólann í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík brautskráði 798 nemendur árið 2008 (678 árið áður).

Frumgreinapróf: 51

Kennslufræði- og lýðheilsudeild (64): B.Sc.-próf í íþróttafræði 22, diplóma í kennslufræði 4, M.Ed.-próf í stærðfræði/raungreinum og kennslufræði 11, meistaranám í lýðheilsu- og kennslufræðum 6, meistaranám í lýðheilsufræðum 21.

Lagadeild (104): B.A.-próf í lögfræði 54, meistarapróf í lögfræði 50.

Viðskiptadeild (298): MBA-próf 54, M.Sc.-próf í fjármálum fyrirtækja 15, B.Sc.-próf í viðskiptafræði 181, diplóma í fjármálum og rekstri 4, diplóma í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum 5, diplóma í stjórnun og starfsmannamálum 10, meistarapróf í fjárfestingarstjórnun 13, meistarapróf í reikningshaldi og endurskoðun 16.

Tækni- og verkfræðideild (210): Diplóma í byggingaiðnfræði 16, B.Sc. í byggingatæknifræði 21, B.Sc. í fjármálaverkfræði 19, B.Sc. í geislafræði 11, B.Sc. í iðnaðartæknifræði 2, B.Sc. í iðnaðartæknifræði, þróunar-sjálfvirknisvið 9, B.Sc. í líf-eindafræði 12, M.Sc. í framkvæmdastjórnun 1, M.Sc. í framkvæmdastjórnun/byggingarverkfræði 1, M.Sc. í mannvirkja-

Framkvæmdir við hús Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð gengu vel á árinu.

hönnun/byggingarverkfræði 1, diplóma í rafiðnfræði 30, B.Sc. í rafmagnstæknifræði 8, B.Sc. í tölvu- og upplýsingatæknifræði 7, B.Sc. í vél- og orkutæknifræði 14, diplóma í véliðnfræði 7, diplóma í rekstrariðnfræði 17, diplóma í véliðnfræði 1, B.Sc. í véliðnfræði 7, B.Sc. í hátækniverkfræði 9, B.Sc. í heilbrigðisverkfræði 7, B.Sc í rekstrarverkfræði 16.

Tölvunarfræðideild (*71*): B.Sc. í tölvunarfræði 52, diplóma í kerfisfræði 15, meistaranám í tölvunarfræði 4.

Lokapróf frá Háskólanum á Bifröst

Háskólinn á Bifröst brautskráði 388 nemendur á árinu 2008.

Frumgreinapróf: 55.

Lögfræðideild: B.S.-próf í viðskiptalögfræði 39, M.S.-próf í lögfræði 28.

Félagsvísindadeild: B.A.-próf í félagsvísindum 22, M.S.-próf í félagsvísindum 15.

Viðskiptafræðideild: B.S.-próf í viðskiptafræðum 47, M.S.-próf í viðskiptafræðum 16, diplóma í fjármálum og stjórnun 3, diplóma í verslunarstjórnun 1.

Símenntun: Máttur kvenna 124, máttur kvenna-2 14, rekstur smærri fyrirtækja 16, diplóma í verslunarstjórnun 8.

Lokapróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri

Landbúnaðarháskólinn brautskráði 22 nemendur á háskólastigi á árinu, en auk þess 25 á framhaldsskólastigi.

B.S.-próf í umhverfisskipulagi 9, M.S.-próf í umhverfisskipulagi 1, B.S.-próf í búvísindum 5, M.S.-próf í búvísindum 1, B.S.-próf í náttúru og umhverfi 2, M.S.-próf í náttúru og umhverfi 1, B.S.-próf í skógfræði og landgræðslu 3.

Lokapróf frá Hólaskóla, háskólanum á Hólum

Hólaskóli, háskólinn á Hólum brautskáði 79 nemendur á árinu (67 árið áður).

B.A.-próf í ferðamálafræði 7, Diplóma í ferðamálafræði 10, Diplóma í viðburðastjórnun 2, Diplóma í fiskeldisfræði 5, hestafræðingar og leiðbeinendur 23, tamningamenn 23, þjálfarar og reiðkennarar 9.

Doktorspróf

Austurríki

Eyjólfur Magnússon í jarðeðlisfræði í Innsbruck.

Bandaríkin

Brynja Örlygsdóttir í hjúkrunarfræði við Iowa-háskóla. Fjallað er um þróun mælitækis, sem nefnist Heilsuefling 10-12 ára barna, og hvernig hægt er að nota það til þess að lýsa og spá um heilsueflingu íslenskra barna.

Gústav Sigurðsson í hagfræði við Princeton-háskóla í New Jersey.

Jóhanna Árnadóttir í líffræði við Columbia-háskóla í New York (2. maí). Ritgerðin nefnist: The Role of MEC-10 in the Sensation of Gentle Touch in Caenorhabditis elegans. Rannsakað var snertiskyn C. elegans-orma.

Kristín Briem í sjúkraþjálfun við Delaware-háskóla. Verkefni hennar nefnist: Ganga og starfræn færni fólks með slitgigt í hné – áhrif hýalúrónsýru sprautumeðferðar í lið.

Kristín Þorleifsdóttir í umhverfishönnun við ríkisháskólann í Raleigh í Norður-Karólínu.

Ragnar Ólafsson í lífverkfræði við Michigan-háskóla í Ann Arbor (21. apríl). Ritgerðin nefnist: Cardiac Activation Mapping Using Ultrasound Current Source Density Imaging. Þróuð var ný aðferð við að greina og staðsetja virkjunarbylgju hjartans með úthljóðsmyndatöku og rafskautum. Þetta kann að flýta fyrir greiningu hjartsláttartruflana.

Rán Jóhanna Einarsdóttir í sálfræði við háskólann í Norður-Colorado. Ritgerðin nefnist: Tourette's Syndrome in the Family: The Parents' Experience. Fjallað er um áhrif Tourettesjúkdómsins á fjölskyldur Tourette-sjúkra barna.

Stefán Hrafn Jónsson í félagsfræði við ríkisháskólann í Pennsylvaníu.

Danmörk

Árdís Elíasdóttir í stjarneðlisfræði frá Dark Cosmology Centre við Niels Bohr-stofnun Kaupmannahafnarháskóla (8. febrúar). Ritgerðin nefnist: Exploring the Dark and Dusty Universe with Gravitational Lensing. Kannaður var hinn huldi og rykugi alheimur með þyngdarlinsum.

Bjarki Valtýsson í menningarfræði við háskólann í Hróarskeldu. Ritgerðin nefnist: Access Culture: The Remixable Culture of Prosumers and the Cultural Policy of the European Union. Fjallað er um einn þátt í menningarstefnu Evrópusambandsins.

Bjarki Þór Haraldsson í heilsuvísindum við Íþróttalækningastofnunina á Bispebjerg-spítala í Kaupmannahöfn. Fjallað er um uppbyggingu og efnislega eiginleika kollagen-sinaþráða úr hnéskelssininni, tilfærslu álags milli sinaþráða og áhrif kortisón-stera á efnislega eiginleika kollagen-sinaþáða.

Guðmundur Valur Oddsson í verkfræði við Tækniháskóla Danmerkur í Lyngby (24. september). Ritgerðin nefnist: Knowledge Engineering for Embedded Configuration. Fjallað er um gerð módela fyrir notkun gervigreindar í viðskiptalífinu.

Gunnar Hilmar Gíslason í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla (16. maí). Ritgerðin nefnist: Long-term Com-

Frá útskriftarhátíð í Háskóla Íslands, Ingjaldur Hannibalsson í ræðustól.

pliance with Pharmacotherapy in Patients with Acute Myocardial Infarction and Chronic Heart Failure.

Ómar Gústafsson í efnafræði við Tækniháskóla Danmerkur í Lyngby (23. maí). Ritgerðin nefnist: Microchip Electrochromatography. Fjallað er um þróun, smíði og prófanir á örflögum, sem notaðar eru til efnagreiningar með vökvaskiljum.

Páll Ísólfur Ólason í lífupplýsingatækni frá Tækniháskóla Danmerkur í Lyngby. Ritgerðin nefnist: Data Mining and Data Integration in Biology. Fjallað er um rannsóknir í tengslum við samþættingu gagna í líffræði og erfðafræði.

England

Eggert Claessen í viðskiptafræði við Brunel-háskóla í London (24. maí). Ritgerðin nefnist: A Resource Based View on the Relationship between Organizational Learning and Excellence in Business in SMEs in IT. Fjallað er um auðlindarýni á tengsl lærdóms og rekstrarárangurs í litlum og meðalstórum fyrirtækjum í upplýsingatækni.

Gunnar Einarsson í opinberri stjórnun við háskólann í Reading (15. september). Fjallað er um stjórnun og forystu í menntamálum.

Gunnþóra Ólafsdóttir í landfræði við háskólann í Bristol (5. desember). Ritgerðin nefnist: Relating to Nature. The Performative Spaces of Icelandic Tourism. Fjallað er um heilunaráhrif ferðalaga um náttúru Íslands.

Steinunn Helga Lárusdóttir í menntastjórnun við Lundúnaháskóla (8. apríl). Ritgerðin nefnist: Leadership, Values and Gender. A study of Icelandic Headteachers.

Unnur Guðrún Óttarsdóttir í listmeðferð við Hertfordshireháskóla. Ritgerðin nefnist: Art Therapy in Education for Children with Specific Learning Difficulties who have Experienced Stress and/or Emotional Trauma. Fjallað er um listmeðferð í skólum fyrir börn með námsörðugleika vegna álags eða áfalla.

Þóra Másdóttir í talmeinafræði við háskólann í Newcastle. Ritgerðin nefnist: Phonological Development and Disorders in Icelandic-Speaking Children. Rannsóknin segir til um það hvaða hljóðferli eru einstök fyrir íslenska tungu og skipta máli þegar verið er að kanna framburð barna með frávik.

Írland

Daníel Ómar Frímannsson í efnafræði við Trinity College í Dyflinni.

Ísland

Anna Helgadóttir í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands (29. ágúst). Ritgerðin nefnist: Erfðir kransæðastíflu: Breytileiki í genum sem stjórna levkótríenframleiðslu og algengur breytileiki á litningi 9p21, sem eykur áhættu á kransæðastíflu.

Árún Kristín Sigurðardóttir í heilbrigðisvísindum við læknadeild Háskóla Íslands (4. apríl). Ritgerðin nefnist: Sjálfsumönnun í sykursýki: eflandi fræðslumeðferð sem notar kvarða til að bæta umönnun fólks með sykursýki.

Benedikt Helgason í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands (9. apríl). Ritgerðin nefnist: Einstaklingsbundin

greining á beinum með einingaaðferðinni með sérstaka áherslu á tengingu gervifótar við lærlegg.

Evald Sæmundsen í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands (18. janúar). Ritgerðin nefnist: Autism in Iceland. Prevalence, Diagnostic Instruments, Development and Association of Autism with Seizures in Infancy. Fjallað er um einhverfu ungbarna á Íslandi.

Guðrún Geirsdóttir í menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands (8. maí). Ritgerðin nefnist: „We are caught up in our own world". Conceptions of Curriculum within Three Different Disciplines at the University of Iceland. Skoðaðar voru hugmyndir háskólakennara um námskrárgerð svo og frelsi og svigrúm kennara til að taka ákvarðanir um nám og kennslu.

Guðrún V. Stefánsdóttir í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands (6. júní). Ritgerðin nefnist: „Ég hef svo mikið að segja". Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld.

Halldór Pálmar Halldórsson í líffræði við Háskóla Íslands (18. apríl). Ritgerðin nefnist: Cellular and Physiological Biomarker Responses to Pollutants in Native and Transplanted Mussels (Mytilus edulis L.) in Iceland. Nokkrir líffræðilegir mælikvarðar voru metnir í kræklingi nærri íslenskum hafnarsvæðum. Þessir mælikvarðar gefa til kynna almennt mengunarálag.

Haukur Arnþórsson í stjórnsýslufræði við Háskóla Íslands.

Hilmar Hilmarsson í líffræði við Háskóla Íslands (28. nóvember). Ritgerðin nefnist: Fituefni: Örverudrepandi áhrif og þróun á lyfjaformum til meðferðar á sýkingum í dýrum og til sótthreinsunar.

Jón Þór Bergþórsson í erfðafaraldsfræði við læknadeild Háskóla Íslands (22. febrúar). Ritgerðin nefnist: Fjölskyldusaga, erfðaþættir og litningaójafnvægi í þróun eistna- og blöðruhálskirtilskrabbameins hjá íslenskum körlum.

Lena Rós Ásmundsdóttir í læknisfræði við Háskóla Íslands.

Marina Candi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík (25. mars). Ritgerðin nefnist: Notkun fagurfræðilegrar hönnunar við þjónustunýsköpun í nýjum tæknifyrirtækjum.

Frá sameiningarhátíð H.Í. og K.H.Í. 1. júní. Sameining tók gildi 1. júlí. F.v.: Kristín Ingólfsdóttir rektor H.Í., Ólafur Proppé rektor K.H.Í. og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

María Ragnarsdóttir í sjúkraþjálfun við læknadeild Háskóla Íslands (5. september). Ritgerðin nefnist: Öndunarhreyfingamælirinn ÖHM-Andri. Áreiðanleiki, viðmiðunargildi og gagnsemi í klínískri vinnu. Öndunarhreyfingar tveggja hópa heilbrigðra einstaklinga voru mældar með ÖHM-Andra í þeim tilgangi að safna viðmiðunargildum og prófa áreiðanleika tækisins.

Rúnar Sigþórsson í menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands (9. maí). Ritgerðin nefnist: Mat í þágu náms eða nám í þágu mats. Fjallað er um samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennslu og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum.

Rúnar Unnþórsson í verkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Notkun hljóðþrýstibylgna til að fylgjast með koltrefjastyrktum fjölliðublöndum, sem verða fyrir lotubundnu margása álagi.

Sigríður Klara Böðvarsdóttir í líffræði við Háskóla Íslands.

Sigurður Pálsson í kirkjusögu við Kennaraháskóla Íslands (7. maí). Ritgerðin nefnist: Kirkja og skóli á 20. öld. Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð.

Sveinn Margeirsson í iðnaðarverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin nefnist: Vinnsluspá þorskafla. Fjallað er um það hvernig hámarka má afrakstur fiskveiða. Safnað var gögnum um þorskveiðar og vinnslu fjögurra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Voru þau greind á tölfræðilegan hátt og sett upp bestunarlíkön fyrir þau.

Kanada

Bjarni Kristófer Kristjánsson í dýrafræði við Guelph-háskóla í Ontario (12. desember). Ritgerðin nefnist: Fine Scale Phenotypic Diversity of Arctic Charr (Salvelinus alpinus) in Relation to Ecological Characters. Fjallað er um svipfarsbreytileika bleikju á fínum skala í tengslum við vistfræðilega þætti.

Noregur

Stefán Hjörleifsson í erfðafræði við háskólann í Björgvin. Ritgerðin nefnist: Genetics, Risk and Medicalization – A Case Study of Preventive Genetic Technologies in Iceland. Rannsóknin fólst í viðtölum við starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar og þátttakendur í rannsóknum sama fyrirtækis. Þá er rætt um umfjöllun fjölmiðla um erfðavísindi á árunum 2000 og 2004.

Ýrr Ásbjörg Mörch í efnaverkfræði við tækniháskóla Noregs í Þrándheimi (7. mars). Ritgerðin nefnist: Novel Alginate Microcapsules for Cell Therapy – A Study of the Structure-Function Relationships in Native and Structurally Engineered Alginates. Fjallað er um sykursameindina algínat, sem unnin er úr þangi og hefur þann eiginleika að mynda hlaup þegar hún blandast kalsíumjónum. Úr hlaupinu má gera algínatkúlur, sem insúlínframleiðandi frumum er komið fyrir í, en þær nýtast sykursýkisjúklingum.

Svíþjóð

Auður Heiða Guðjónsdóttir í læknisfræði við háskólann í Gautaborg.

Elísabet Hjörleifsdóttir í hjúkrunarfræði við háskólann í Lundi. Ritgerðin nefnist: Íslenskir krabbameinssjúklingar í meðferð á göngudeild: Andlegt álag, bjargráð og ánægja með þjónustu við læknadeild Háskólans í Lundi.

Finnur Friðriksson í almennum málvísindum við háskólann í Gautaborg. Ritgerðin nefnist: Language Change vs. Stability in Conservative Language Communities: A Case Study of Icelandic. Rannsökuð voru valin málfræðileg atriði íslensks nútímamáls og hversu stöðug þau eru eða hve hætt þeim er við breytingum. Frávik frá staðli málsins eru mun sjaldgæfari en almennt er talið. Þanng virðast þágufallshneigð og eignarfallsflótti ekki vaxandi vandamál.

Guðrún Jónasdóttir í tölfræði við Karolinska Institutet í Stokkhólmi (16. maí). Ritgerðin nefnist: Statistical Methodology for Testing Genetic Association in Family-based Studies. Fjallað er um fjölskyldurannsóknir á sambandi erfðamarka og tvíundareiginleika.

Helgi Valur Friðriksson í viðskiptafræði við háskólann í Jönköping (23. maí). Ritgerðin nefnist: Learning Processes in an Inter-Organizational Context. A study of krAft Project.

Hrefna Róbertsdóttir í sagnfræði við háskólann í Lundi (18. október). Ritgerðin nefnist Wool and Society. Manufacturing Policy, Economic Thought and Local Production in 18th Century Iceland. Fjallað er um Innréttingarnar í Reykjavík, en með þeim þróaðist vefsmiðjuvinnsla ullar á Íslandi, en einnig um ullarframleiðslu í sveitum á Norðaustur- og Suðvesturlandi. Sýnt er fram á að efling handiðnaðar á seinni hluta 18. aldar var hluti af hagrænum nýjungum innan dansk-norska ríkisins.

Hrönn Ólína Jörundsdóttir í efnafræði við háskólann í Stokkhólmi (6. desember). Ritgerðin nefnist: Temporal and Spatial Trends of Organohalogens in Guillemot (Uria aalge) in North Western Europe. Fjallað er um þrávirka lífræna mengun á Norðurlöndum, t.d. PCB og skordýraeitrið DDT ásamt niðurbrotsefnum þeirra, sem mæld voru einkum í langvíueggjum.

Steingerður Anna Gunnarsdóttir í læknisfræði við háskólann í Gautaborg.

Teitur Arnarson í stærðfræði við tækniháskólann í Stokkhólmi. Ritgerðin nefnist: PDE Methods for Free Boundary Problems in Financial Mathematics. Um er að ræða notkun á hlutafleiðujöfnum við lausn á frírandarþrautum í fjármálastærðfræði.

Valgeir Þorvaldsson í sálfræði við háskólann í Gautaborg.

Stúdentspróf

Stúdentafjöldi frá stærstu framhaldsskólunum á árinu 2008 var sem hér segir: Frá Menntaskólanum í Reykjavík 203 (182), Menntaskólanum á Akureyri 159 (135), Verzlunarskóla Íslands 263 (233), Menntaskólanum við Hamrahlíð 147 um vorið, Menntaskólanum við Sund 143 (149), Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 99 um vorið og Kvennaskólanum í Reykjavík 141 (144).

RAFORKUMÁL

Framkvæmdum við Kárahnjúkastíflu var að mestu lokið þegar árið 2008 gekk í garð, en þær höfðu staðið frá árinu 2002. Unnið var þó að ýmisskonar frágangi á árinu 2008, svo sem við hrunvarnir í Kárahnjúki ofan við veginn að stíflunni vestanverðri og grjótvörn með lóninu neðan vegarins, svo og við handrið á stíflunni. Neðan við stífluna var gerð djúp gryfja og útbúinn hylur til þess að taka við afli yfirfallsfossins. Gert er ráð fyrir að úr Hálslóni renni um yfirfall flest haust. Verður þá til 90 metra hár foss, sem nefndur hefur verið Hverfandi. Aðrar framkvæmdir á Kárahnjúkasvæðinu voru við Jökulsárveitu og Hraunaveitu. Borun Jökulsárganga lauk 9. apríl, en þau voru gerð með jarðgangaborvél. Inntakslónið í Jökulsá í Fljótsdal, Ufsárlón, var fyllt í september.

Í Fljótsdalsstöð var unnið að margs konar frágangi. Þá voru allar vélarnar sex prófaðar, og stóðust þær vel allar prófanir. Svonefnt málafl á hverri vél er 115 megavött.

Í undirbúningi voru sem fyrr þrjár virkjanir í neðri hluta

Urriðafoss í Þjórsá.

Þjórsár, en þær eru Urriðafossvirkjun, sem mun gefa af sér 130 megavött, Hvammsvirkjun með 82 megavött og Holtsvirkjun með 53 megavött. Þá var að nýju hafinn undirbúningur að Búðarhálsvirkjun í Tungnaá með 80 megavatta afl. – Landsvirkjun og Þeistareykir ehf. unnu áfram að rannsóknum og mati á umhverfisáhrifum til undirbúnings virkjun háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

Vatnsbúskapur Landsvirkjunar var í góðu meðallagi á árinu. Seinni hluta júlímánaðar gerði mikla hitabylgju og fylgdi henni rennslisaukning í jökulám. Miðlunarrými Landsvirkjunar er nú 4.530 gígalítrar og skiptist þannig að Hálslón er með 47% af miðlunargetunni, Þórisvatn 33%, Blöndulón 9%, Hágöngulón 7%, Sultartangalón 2% og Sigöldulón einnig 2%.

Raforkuframleiðsla Landsvirkjunar inn á flutningskerfi Landsnets á árinu óx um 46% og var 12.346 gígavattstundir (8.480 árið áður). Hlutur vatnsafls í framleiðslu var um 96,0% en jarðgufustöðva um 4,0%. Landsvirkjun keypti 402 gígavattstundir af raforku frá Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Þessi orka fór í endursölu til stóriðju. Heildarorkusala Landsvirkjunar á árinu var 12.748 gígavatt-

stundir. Helstu kaupendur raforku á árinu voru sem fyrr stóriðjufyrirtækin og fengu þau alls um 10.330 gígavattstundir og er það 65% aukning frá fyrra ári. Munaði þar auðvitað fyrst og fremst um sölu til Fjarðaáls á Reyðarfirði. Sala á forgangsrafmagni til almenningsveitna dróst saman um 14% og var 2.418 gígavattstundir.

Tap af af rekstri Landsvirkjunar á árinu 2008 nam 344,5 milljónum bandaríkjadala, en í árslok töldust eignir fyrirtækisins nema 1.377 milljónum bandaríkjadala. Eiginfjárhlutfall var 29,8% í árslok.

SAMGÖNGUR OG FERÐAMÁL

Erlendir ferðamenn

Árið 2008 fjölgaði erlendum ferðamönnum sem komu um Leifsstöð um 3,0% og urðu þeir 472.535 (458.889 árið áður). Fjölgun ferðamanna var mest frá Þýskalandi, Frakklandi og Hollandi. Hins vegar var fækkaði komum Bandaríkjamanna og Breta, en frá öðrum helstu löndunum var ferðamannastraumurinn í svipuðum skorðum og árið á undan. Flestir ferðamenn komu frá eftirtöldum tíu löndum:

1.	Bretland	69.936	(73.324)
2.	Þýskaland	45.111	(40.555)
3.	Danmörk	41.012	(41.386)
4.	Bandaríkin	40.491	(51.906)
5.	Noregur	35.121	(34.779)
6.	Svíþjóð	32.255	(33.353)
7.	Frakkland	26.161	(22.670)
8.	Holland	18.756	(14.404)
9.	Finnland	10.792	(9.870)
10.	Ítalía	10.113	(10.475)

Farþegar um Leifsstöð voru alls á árinu 1.990.476 (2.182.232 árið áður). Þetta er fækkun um 8,8% á árinu. Farþegum sem fóru um stöðina tók að fækka í apríl og síðan var fækkun í öllum mánuðum. – Farþegar með Norrænu til Íslands árið

Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Þingvöllum.

2008 voru 16.039 (17.374 árið áður) og frá Íslandi fóru 16.382 (17.038). Samtals ferðuðust því með skipinu til og frá Íslandi 32.421 (34.412). Til Íslands komu með skipinu 5.126 farartæki og frá Íslandi fóru 5.530. Þjóðverjar voru flestir meðal farþega Norrænu, 3.856 til Íslands og 5.530 frá Íslandi. Norðmenn komu næstir, 1.803 til Íslands og 1.794 frá landinu. Íslendingar voru síðan í þriðja sæti, 1.638 til landsins og 1.890 frá landinu. – Farþegar sem komu til Reykjavíkur með skemmtiferðaskipum voru 59.308 í 83 ferðum.

Flug

Nokkuð dró úr sætaframboði flugfélaga í millilandaflugi seinni hluta ársins og farþegum fækkaði. – Í innanlandsflugi hjá Flugfélagi Íslands var fækkun farþega um 2,0% og þá einkum í ferðum til Egilsstaða. Farþegar félagsins voru um 420.000, og þar af voru 22.000 í Færeyja- og Grænlandsferðum. Flugfélag Íslands heldur uppi áætlunarflugi til Ísafjarðar, Akureyrar og Egilsstaða. Frá Akureyri er flogið til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Siglingar

Eimskip var eins og árin á undan rekið á alþjóðamarkaði og var mikið tap á þeim rekstri, einkum á síðasta ársfjórðungi, en þá nam tapið um 40 milljónum evra. Í árslokin var stefnt að því selja þrjú til fimm skip sem og frysti- og kæligeymslur erlendis. Eimskip sá um rekstur Herjólfs á árinu. – Umsvif Samskipa fóru minnkandi á árinu, en félagið rekur margar starfsstöðvar erlendis.

Nýja Grímseyjarferjan var tekin í notkun 11. apríl, en þá fór hún frá Dalvík til Grímseyjar. Verða ferðir þar á milli a.m.k. þrisvar í viku yfir sumartímann.

Samgöngur á landi

Innflutningur bifreiða fór mjög mikið minnkandi á árinu. Fluttir voru inn til landsins alls 9.033 nýir fólksbílar (15.942 árið áður). Mikið var flutt inn af bílum fyrstu mánuði ársins, en síðan datt innflutningur niður og í desember voru aðeins 46 bílar fluttir inn. Japanskir bílar voru sem fyrr vinsælastir en þýskir bílar komu næstir þeim.

SLYS

Árið 2008 voru banaslys í landinu 32 og létust 12 manns í umferðarslysum, 11 í heima- eða frístundaslysum og 6 í vinnuslysum. Einn maður drukknaði og tveir létust í öðrum slysum. Af þessum 32 voru karlar 27 og konur 5. Engin börn eru talin hafa farist á árinu. Tveir Íslendingar létust af slysförum erlendis, annar í Danmörku og hinn í Færeyjum. Sjóslys voru engin á árinu, og má jafnvel telja að árið 2008 hafi verið fyrsta árið frá upphafi sjósóknar við Ísland sem enginn sjómaður drukknaði.

Umferðarslys

26. ágúst fór rúta út af veginum í Bessastaðabrekku í Fljótsdal. Fimmtán manns slösuðust og þar af tveir alvarlega.

Ýmis slys og óhöpp

Hinn 2. apríl fundust tvær refaskyttur látnar í skothúsi á Auðkúluheiði. Mennirnir voru taldir hafa látist af gaseitrun.

– Tveir rúmenskir járnsmiðir létust í vinnuslysi við Hellisheiðarvirkjun 20. ágúst. Þeir fóru inn í rör til hreinsunarstarfa og dóu af súrefnisskorti eða vegna eiturgufa. – Gassprenging varð í vinnuskúr við Grundargerði í Reykjavík að kvöldi 27. október. Sex unglingar voru í skúrnum og brenndust þau öll, þar af eitt alvarlega. Þau voru að sniffa gas.

STJÓRNMÁL – BANKAHRUN

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, sem kom til valda 24. maí 2007, sat óbreytt allt árið 2008. Í henni voru eftirtaldir ráðherrar: Geir H. Haarde forsætisráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Guðlaugur Þ. Þórðarson heilbrigðisráðherra frá Sjálfstæðisflokknum, en frá Samfylkingunni: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra, Kristján L. Möller samgönguráðherra, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.

Í skoðanakönnun í byrjun febrúar sögðust 68,5% styðja ríkisstjórnina. Samfylkingin var þá í sókn og mældist með 34,8% og var því nær jafnstór Sjálfstæðisflokknum, sem hafði 36,7% fylgi. Vinstri grænir voru með 15,4%, Framsóknarflokkurinn 8,9% og Frjálslyndi flokkurinn 3,6%. Seint í júní hafði fylgi við ríkisstjórnina dalað í 51,5% en yfir 60,0% studdu samt ríkisstjórnarflokkana, þ.e. um 32,0% hvorn flokk. Vinstri grænir voru farnir að eflast og voru með 17,1%, Framsóknarflokkurinn stóð í stað með 8,9% og Frjálslyndir höfðu 8,0%. – 25. október hafði fylgi við ríkisstjórnina enn minnkað og var komið niður í 41,0%. Fylgi stjórnarflokkanna var þó ennþá traust og hafði Samfylkingin 36,0% en Sjálfstæðisflokkurinn 29,2%. Fylgi við Vinstri græna var enn að aukast og var komið í 23,0% í októberlok. Framsókn hafði 6,6% og Frjálslyndir 4,1%. – Þessar fylgistölur endurspegla stjórnmálastöðuna í landinu

Flutningabílstjórar stöðva umferð á Miklubraut. Mótmæli 27. mars vegna verðhækkana á bensíni.

fram eftir ári. Samlyndi með stjórnarflokkunum var gott og engin alvarleg ágreiningsmál komu upp. Helst var núningur milli flokkanna um væntanleg álver í Helguvík og á Bakka við Húsavík. Bankahrunið í byrjun október og mótmælaaðgerðir gegn ríkisstjórninni áttu síðan eftir að draga úr fylgi ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna, en stjórnarandstaðan bætti við sig fylgi. Þá virtist sem þorri manna á mótmælafundum væri á móti öllum stjórnmálamönnum nema e.t.v. Vinstri grænum. Svarti litur stjórnleysingja (anarkista) sást jafnvel á fundum.

Í lok október hafði fylgi Vinstri grænna aukist svo, að þeir voru orðnir stærri en Sjálfstæðisflokkurinn. Þá mældust Vinstri grænir með 27,0% en Sjálfstæðisflokkurinn með 26,0%. Samfylkingin var stærst með 31,0%, Framsókn hafði 10,0% og Frjálslyndi flokkurinn 3,0%. – Í þjóðarpúlsi Gallups fyrir nóvember kom svo í ljós að Vinstri grænir voru orðnir stærsti flokkur þjóðarinnar með 32,0% fylgi, Samfylkingin fékk 31,0%, Sjálfstæðisflokkurinn 21,0%, Framsókn 8,0% og Frjálslyndir 3,0%. Stuðningur við ríkisstjórnina var þá kominn niður í 32,0%. – Fram eftir ári nutu foringjar ríkisstjórnar-

Lögreglan hrópar „gas, gas“ á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt 23. apríl.

innar mikils trausts. Geir H. Haarde var efstur á blaði með 40,7% traust, Ingibjörg Sólrún hafði 16,3% en Steingrímur J. Sigfússon var í þriðja sæti með 9,1%. Af ráðherrunum naut Össur Skarphéðinsson minnsts trausts, en 18,5% voru andvígir honum, Árni M. Mathiesen kom næstur með 9,0%.

Stjórnmál fram að bankahruni

Hinn 1. janúar komu til framkvæmda breytingar á Stjórnarráðinu. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti runnu saman í eitt ráðuneyti og Hagstofan breyttist úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun. Eftir þetta voru ráðuneytin 12 í stað 14. Þá voru tryggingamál lögð undir félagsmálaráðuneytið, sem nú heitir félags- og tryggingamálaráðuneyti. – Í janúar var lagt fram stjórnarfrumvarp um varnarmál. Allir flokkar studdu það nema Vinstri grænir. – Seinni hluta mars hafði gengisfall krónunnar haft þau áhrif að bensín og olía hækkuðu mjög í verði. Atvinnubílstjórar fundu mest fyrir þessu og kröfðust þess af fjármálaráðherra að álögur ríkisins á eldsneyti yrðu minnkaðar. Þá vildu þeir einnig breytta skipan vinnutíma. Ráðherrar

neituðu þessu. 27. mars tóku bílstjórar stórra ökutækja til við að hindra umferð með því að stöðva ökutækin á vegum út úr Reykjavík, svo sem í Ártúnsbrekku og við Suðurlandsveg. Þessar aðgerðir héldu áfram í nokkrar vikur, og að morgni 23. apríl sauð upp úr við Norðlingaholt, þegar bílstjórar hindruðu þar umferð. Lögreglan beitti piparúða og kylfum til þess að dreifa mannfjölda, en kastað var í hana eggjum og jafnvel grjóti. Einn lögreglumaður meiddist. Segja má að þessi mótmæli bílstjóra hafi koðnað niður þegar eldsneytisverð fór að lækka.

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra staðfesti 3. apríl ákvörðun Skipulagsstofnunar um að leyfa framkvæmdir við álver í Helguvík. Landvernd kærði og vildi fá umhverfismat á alla þætti málsins samtímis. Umhverfisráðherra taldi sig ekki hafa lagaheimild til þess að úrskurða Landvernd í vil. Vinstri grænir gagnrýndu þessa ráðstöfun harðlega. – Hinn 31. júlí ákvað umhverfisráðherra hins vegar að fram skyldi fara heildarmat á umhverfisáhrifum af væntanlegu álveri á Bakka. Meta skyldi sameiginlega álverið og tengdar virkjanir. Áhugamenn um álvinnslu, einkum Húsvíkingar sem og sjálfstæðismenn, voru á móti þessu, en Vinstri grænir voru því hlynntir.

Í skoðanakönnun Fréttablaðsins í apríl var spurt: „Á ríkisstjórnin að hefja undirbúning að aðildarviðræðum við Evrópusambandið?“ Meirihluti var samþykkur þessu í öllum flokkum nema Frjálslyndum og sögðu alls 67,8% já en 32,2% nei. Í könnun sama blaðs seint í nóvember vildu 59,6% að Ísland sækti um aðild að ESB og 68,0% vildu að Íslendingar tækju upp evru.

Ríkisstjórnin kynnti breytingar á Íbúðalánasjóði 19. júní. Ákveðið var að veita allt að 80% lán af kaupverði íbúðar. Hún mátti ekki vera dýrari en 20 milljónir að brunabótamatsverði.

Bankahrunið

Á fyrri hluta ársins komu fram viðvaranir frá ýmsum aðilum, innlendum sem erlendum, þess efnis að íslenskir bankar stæðu höllum fæti. Bankamenn báru á móti þessu og sögðu bankana vera trausta. Í síðustu viku september kom í ljós að bankarnir væru verr staddir en almennt var talið. Fyrstu opinberu

merki þess komu fram 26. september, þegar Þorsteinn Már Baldvinsson stjórnarformaður Glitnis hf. og Lárus Welding forstjóri bankans báðu Seðlabankann um 650 milljóna evra lán til þess að geta endurfjármagnað erlent lán þremur vikum seinna. Eftir stíf fundahöld bankamanna og stjórnmálamanna úr öllum flokkum, 27.-28. september, var ákveðið að í stað þess að lána Glitni skyldi Ríkissjóður eignast 75% hlut í bankanum og leggja honum til 650 milljónir evra í nýtt hlutafé. Þetta var tilkynnt að morgni mánudagsins 29. september. Ríkisstjórnin sagði þetta gert til þess „að viðhalda stöðugleika í fjármálakerfinu“ og til þess að tryggja að bankinn færi ekki í þrot. Einn helsti eigandi Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson, kallaði þessa yfirtöku ríkisins hins vegar „stærsta bankarán Íslandssögunnar“. Ekki fór svo að stöðugleiki kæmist á, og erlendir aðilar töldu allt íslenskt fjármálakerfi illa á vegi statt. Matsfyrirtækið Fitch lækkaði lánshæfismat allra íslensku bankanna og ríkisins um tvo flokka. Horfur voru nú taldar mjög slæmar, hvort sem litið var til lengri eða skemmri tíma.

Hinn 6. október urðu þau tíðindi að Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarpaði þjóðina í útvarpi og sjónvarpi og tilkynnti að sett yrðu neyðarlög, sem heimiluðu Fjármálaeftirlitinu og þar með ríkisvaldinu að taka yfir starfsemi banka á innlendum vettvangi. Alþingi samþykkti neyðarlögin með 50 atkvæðum ríkisstjórnarflokkanna og Framsóknarflokksins. Vinstri grænir og Frjálslyndir sátu hjá. Með þessum lögum átti að sjá til þess að allar innlendar innstæður í bönkum, að meðtöldum séreignasparnaði, væru tryggðar þó að bankarnir féllu. Strax daginn eftir, 7. október, greip Fjármálaeftirlitið á grundvelli neyðarlaganna inn í starfsemi Landsbankans hf. og Glitnis hf. Stofnaðir voru nýir bankar, Nýi Landsbankinn hf. og Nýi Glitnir hf., utan um innlenda starfsemi þessara banka, en skilanefndir skyldu taka yfir gömlu bankana. Talið var að Kaupþing banki hf. gæti komist af, og í trausti þess lánaði Seðlabankinn honum 500 milljarða króna. Að kvöldi 7. október kom Davíð Oddsson seðlabankastjóri fram í viðtali í Ríkissjónvarpinu og sagði þá að íslenska ríkið mundi ekki greiða skuldir „óreiðumanna“ sem stofnað hefði verið til erlendis.

Björgólfur Thor Björgólfsson og Landsbankastjórarnir Halldór Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason ganga fram hjá banka sínum á fund með ráðherrum. Hrun bankans er framundan.

Landsbankinn hafði frá árinu 2006 verið með innlánsreikninga í Bretlandi, svonefnda Icesave-reikninga. Var þetta gert í samræmi við reglur á Evrópska efnahagssvæðinu um flæði fjármagns milli landa. Boðnir voru góðir vextir og varð þetta innlánsform því vinsælt meðal einstaklinga, stofnana, líknarfélaga, sveitarfélaga o.fl. Samskonar reikningar voru boðnir í Hollandi frá því um vorið 2008. Alls urðu eigendur Icesave-reikninganna í Bretlandi um 350.000. Þegar það spurðist til Bretlands að sett hefðu verið neyðarlög á Íslandi til þess að tryggja innlendar innstæður í íslenskum bönkum, greip þar um sig mikill ótti um að Icesave-innstæðurnar væru glataðar. Viðræður áttu sér stað í síma milli Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra og Alastair Darling fjármálaráðherra Breta, og hefur þeim ekki borið saman um hvað þeim fór á milli. Greip breska stjórnin síðan til þess ráðs að beita svokölluðum hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum og með þeim frysta inneignir hans í Bretlandi. Gordon Brown forsætisráðherra hélt því fram á Sky-fréttastöðinni, að réttlætanlegt væri að beita þessum lögum vegna þess að

Geir H. Haarde á fundi 8. október með erlendum fréttamönnum, sem sóttu hart að honum vegna Icesave-málsins.

verið væri að ræna breska sparifjáreigendur og flytja peninga þeirra úr landi. Það var 8. október sem andúðarbylgjan gegn íslenskum fjármálamönnum reis í Bretlandi. Hún brotnaði ekki bara á Landsbankanum heldur líka á Kaupþingi, sem var með mikil viðskipti í Bretlandi í gegnum Kaupthing Singer & Friedlander-bankann sem taldist breskur banki en var í eigu Kaupþings. Breska fjármálaeftirlitið hafði krafist þess daginn áður að Kaupþing uppfyllti kröfur um aukið laust fé í Bretlandi. Kaupþing gat ekki orðið við því og þess vegna setti breska fjármálaeftirlitið Kaupthing Singer & Friedlander í greiðslustöðvun og tók við stjórn bankans. Allt þetta varð til þess að íslenska Fjármálaeftirlitið yfirtók Kaupþing og voru því allir þrír íslensku bankarnir komnir í forsjá ríkisins. Nú mátti fara að tala um meira en bankahrun. Þetta var kerfishrun.

Þar sem enginn íslensku bankanna varð formlega gjaldþrota voru þeim ekki skipaðir skiptastjórar. Þess í stað voru þeim 6. nóvember skipuð bankaráð, sem valin voru af stjórnmálaflokkunum. Þau réðu síðan bankastjóra og fleiri stjórnendur, sem

Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson á útleið úr Fjármálaeftirlitinu 9. október, eftir að ríkið hafði yfirtekið Kaupþing.

voru yfirleitt úr hópi fyrri starfsmanna bankanna. Birna Einarsdóttir varð bankastjóri Nýja Glitnis, Finnur Sveinbjörnsson Nýja Kaupþings og Elín Sigfúsdóttir Nýja Landsbankans. Jafnhliða þessum nýju bankastjórnum voru skilanefndir að störfum, sem ráðstafa áttu eignum gömlu bankanna og gera upp við lánveitendur þeirra og lánþega. Í meginatriðum hélt starfsemi íslensku bankanna áfram, greiðslukort virkuðu og einhver lánafyrirgreiðsla var veitt. Stýrivextir voru mjög háir, en þeir voru hækkaðir úr 12% í 18% í lok október. Krónan hélt áfram að lækka og voru sett á gjaldeyrishöft. Þannig varð fólk að sýna farseðla til þess að fá gjaldeyri til ferðalaga. Erfitt var líka um gjaldeyri til vöruinnflutnings.

Í nóvember varð ljóst að peningamarkaðssjóðir, sem margir höfðu verið hvattir til að leggja sparifé sitt í, rýrnuðu töluvert við fall bankanna. Eftir athugun á eignum sjóðanna var tilkynnt að 68% stæðu eftir af sjóðum Landsbankans en 85% af sjóðum Glitnis og Kaupþings. Þessi töp bættust því ofan á mikil töp þeirra sem átt höfðu hlutafé í bönkunum, en það glataðist

Davíð Oddsson seðlabankastjóri tilkynnir vaxtahækkun.

allt við yfirtöku ríkisins á þeim. Síðustu mánuði ársins ákváðu stjórnvöld að ráðast í sértækar aðgerðir fyrir heimilin í landinu og fyrirtækin. Þessar aðgerðir voru að mestu framkvæmdar í nýju bönkunum, en þóttu ekki allar ná tilgangi sínum.

Stjórnmál í bankahruni – vaxandi ólga í landinu

Stjórnarandstaðan var ekki ánægð með það hvernig ríkisstjórnin brást við bankahruninu og þótti seint og illa að verki staðið, einkum við að leysa skuldavanda heimila og fyrirtækja. Því lögðu stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina, og var hún tekin til afgreiðslu 24. nóvember. Hún var felld 42-18. Atkvæði skiptust eftir línum stjórnar og stjórnarandstöðu að öðru leyti en því að Kristinn H. Gunnarsson í Frjálslynda flokknum greiddi atkvæði með ríkisstjórninni. Eins og sjá má af atkvæðagreiðslunni um vantraustið var enn alger samstaða á yfirborðinu með stjórnarflokkunum. Hins vegar var óánægja undir niðri og þá einkum út af stjórn Seðlabankans. Samfylkingin sagðist ekki geta treyst Davíð Oddssyni og vildi að hann hætti. Taldi flokkurinn að hann sæti eingöngu á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins. Í

Átök við Alþingishúsið 8. nóvember.

desember var eitthvað rætt um uppstokkun í ríkisstjórninni, en af henni varð ekki. – Hinn 14. nóvember tilkynnti ríkisstjórnin aðgerðapakka til hjálpar heimilunum í landinu. Helstu atriðin voru að minnkuð skyldi greiðslubyrði verðtryggðra lána, dráttarvextir lækkaðir, barnabætur greiddar út mánaðarlega o.fl. – 2. desember var tilkynnt um aðgerðir í 12 liðum til hjálpar fyrirtækjum. Meðal annars var talað um stofnun Endurreisnarsjóðs atvinnulífsins og veitt var leyfi handa fyrirtækjum til þess að gera upp í erlendri mynt. Gilti þetta leyfi frá 1. janúar 2008 og var þannig afturvirkt.

Seinni hluta október fór að bera á mótmælum gegn bönkum, stjórnmálamönnum og Fjármálaeftirlitinu. 25. október safnaðist fólk saman á Austurvelli undir yfirskriftinni „rjúfum þögn ráðamanna og göngum til lýðræðis“. Síðan var farið að Ráðherrabústaðnum og þar var brenndur fáni merktur Landsbankanum. – 8. nóvember var á fjórða þúsund manns á Austurvelli og gerði aðsúg að lögreglunni við Alþingishúsið. Krafist var aðgerða vegna efnahagsvandans. – Viku seinna, 15. nóvember, voru mótmælendur orðnir um 8.000 og kröfðust þeir afsagnar bankastjóra Seðlabankans og forstjóra

Fjármálaeftirlitsins og kosninga sem fyrst. Nú var skyri og eggjum kastað í þinghúsið. – Eftir samkomu á Austurvelli 22. nóvember hélt hópur fólks að lögreglustöðinni við Hverfisgötu til þess að frelsa ungan mann, „aðgerðasinnann“ Hauk Hilmarsson, sem handtekinn hafði verið vegna ógoldinnar sektar. Sú sekt var fyrir gamalt brot. Lögreglan viðurkenndi að þetta hefði verið „illa tímasett handtaka“. Mannfjöldinn braust inn í stöðina og varð lögreglan að nota piparúða til þess að hrekja fólkið á brott. Aðgerðasinninn var látinn laus eftir að sekt hafði verið greidd. – Hinn 8. desember kom til átaka á þingpöllum vegna óláta þar. Þingverðir voru ofurliði bornir og meiddust einhverjir þeirra lítillega. Hlé varð að gera á þingstörfum. Sjö voru handteknir. – 16. desember safnaðist manngrúi að Ráðherrabústaðnum og hindraði fólkið aðgang að húsinu, þar sem haldinn var ríkisstjórnarfundur. Enginn var handtekinn. – 17. desember hafði fólk uppi háreysti í Landsbankanum. – Hætta varð útsendingum á „Kryddsíldinni“ á Stöð 2 á gamlársdag vegna óeirða við Hótel Borg, en þaðan var þátturinn sendur út. Klippt var á kapla stöðvarinnar.

Samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Icesave-deilan

24. október tilkynntu Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir að formlega hefði verið sótt um samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) um að koma á efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Áður hafði verið unnið að undirbúningi þessa máls með viðræðum fulltrúa AGS og íslenskra stjórnvalda. Gert var ráð fyrir að AGS lánaði Íslendingum 2,1 milljarð dollara og um leið fengist lán frá Norðurlandaþjóðunum, Pólverjum og Rússum upp á 3,0 milljarða dollara. Áður höfðu Færeyingar lofað að lána Íslendingum 300 milljónir danskra króna. Það kom þó fljótlega í ljós að peningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lágu ekki á lausu, og ástæða þess var sú að Bretar og Hollendingar heimtuðu að fyrst yrði gengið frá greiðsluskuldbindingum, sem þeir töldu að hvíldu á Íslendingum vegna Icesave-reikninganna.

Ríkisstjórn Íslands og ýmsir lögfræðingar héldu því fram að innstæðutryggingakerfi Evrópu hefði aldrei verið ætlað að

Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segja frá því á blaðamannafundi 24. október, að ríkisstjórnin hafi formlega óskað eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

bregðast við kerfishruni. Réttaróvissa væri uppi um skyldu íslenska ríkisins til að ábyrgjast íslenska innstæðutryggingasjóðinn. Ísland fór fram á að ágreiningur yrði leystur fyrir dómstólum, en því var hafnað af öðrum ríkjum sem báru ekki skyldu að alþjóðarétti til að mæta fyrir dómstól. Á reglulegum fundi fjármálráðherra ESB og EFTA, sem haldinn var í Brussel 4. nóvember, var mjög þjarmað að fjármálaráðherra Íslands að fallast á greiðsluskyldu Íslands. Því var jafnvel haldið fram að hætta væri á áhlaupi á alla banka í Evrópu ef innstæðueigendur Icesave-reikninganna fengju ekki sitt, og þá myndi traust á innstæðutryggingakerfi Evrópu gufa upp. Ráðherrar á fundinum vildu skipa fimm manna bindandi úrskurðarnefnd, þar sem aðeins einn fulltrúi Íslands sæti. Aðkrepptur samþykkti Árni M. Mathiesen þetta. Ríkisstjórnin hafnaði hins vegar ferlinu og dró sinn mann út á þeim forsendum að ferlið væri hlutdrægt og Íslendingar gætu því alls ekki viðurkennt bindandi niðurstöðu. Nefndin kom engu að síður saman og úrskurðaði að Íslendingar yrðu að borga. Nú var málið komið í algera sjálfheldu. Engir

Ráðherrar sitja fyrir svörum fundargesta í Háskólabíói 24. nóvember.

peningar fengust frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og jafnvel Norðurlöndin vildu ekkert fyrir Íslendinga gera. Þeir voru vinalausir.

Forsætisráðherra og forseti Íslands héldu fram harðri stefnu hér heima. Geir H. Haarde sagðist ekki trúa því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn léti misnota sig svona, og Ólafur Ragnar Grímsson skammaði alla erlenda sendiherra í Reykjavík í boði hjá danska sendiherranum. Á meðan leitaði ríkisstjórnin leiða út úr sjálfheldunni og utanríkisþjónustunni tókst í Brussel að fá Frakkland, sem formennskuríki í ESB, til að taka að sér miðlunarhlutverk. Viðræður stóðu frá 10. til 14. nóvember með þátttöku Bretlands, Hollands, Frakklands og Íslands. Niðurstaðan voru svonefnd Brussel-viðmið sem lægju til grundvallar pólitískri samningaleið í málinu. Þau fólu í sér að efnahagsáætlun Íslands kæmist til afgreiðslu stjórnar AGS án þess að Ísland afsalaði réttarstöðu í málinu, að tekið skyldi sérstakt tillit til erfiðra og fordæmislausra aðstæðna á Íslandi og nauðsynjar þess að endurreisa íslenskt efnahagslíf og að ESB sem þriðji aðili ætti hlut að lausn deilunnar. Kostnaður Íslands af lágmarkstrygg-

ingu, sem var 20.887 evrur á hvern innstæðureikning, myndi ráðast af því hversu mikið kæmi til með að greiðast af eignum bankanna upp í þetta og hvernig tillit yrði tekið til réttaróvissunnar og fordæmislausra aðstæðna. Bretar og Hollendingar höfðu að eigin frumkvæði gert lánveitingu vegna greiðslna til innstæðueigenda í hvoru landi, umfram lágmarkstryggingu, að þætti í efnahagsáætlun AGS. Fimm dögum eftir að Brussel-viðmiðin voru samþykkt gekk stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá afgreiðslu efnahagsáætlunar Íslands og lánsloforði. Það var 19. nóvember.

Flokksstarf

Miklar væringar voru innan Framsóknarflokksins fyrstu mánuði ársins, bæði manna á milli og um hugsanlega inngöngu í ESB. Á miðstjórnarfundi flokksins 15. nóvember var samþykkt að leggja fram tillögu um aðildarviðræður við ESB á flokksþingi í janúar 2009. Guðni Ágústsson, formaður flokksins, var mjög óánægður með þessa samþykkt og gagnrýni sem kom fram á hann á fundinum. Hann sagði því af sér formennsku 17. nóvember og hvarf jafnframt af þingi. Valgerður Sverrisdóttir varaformaður tók við formennskunni en Eygló Harðardóttir við þingsætinu. – 11. nóvember hafði Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins í suðurkjördæmi, sagt af sér þingmennsku vegna nafnlausrar gagnrýni á Valgerði Sverrisdóttur. Hann hafði setið á Alþingi í 520 daga. Varamaður hans var Helga Sigrún Harðardóttir.

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar hófst 19. október. Formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sneri þá aftur til starfa eftir erfið veikindi og ávarpaði hún fundinn.

Ákveðið var í nóvember að Landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem halda átti um haustið 2009, yrði flýtt til loka janúarmánaðar. Skipuð var nefnd til þess að fjalla um hugsanlega aðild að ESB. Formaður hennar var Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi

Fyrsti fundur 135. löggjafarþings Íslendinga hófst 1. október 2007. Þingið var síðan að störfum til 14. desember og svo frá

Þingflokksformenn á haustþingi 2008. F.v.: Jón Magnússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir og Ögmundur Jónasson.

15. janúar 2008 til 30. maí. Þing kom enn saman 2. september til svokallaðra septemberfunda, sem var nýmæli í þingstörfum. Þessi lota stóð aðeins í tvær vikur. – Þingmál á 135. löggjafarþinginu urðu alls 665 og tala prentaðra þingskjala varð 1.362. Fram voru lögð 215 frumvörp og urðu 120 þeirra að lögum. Þá komu fram 95 þingsályktanir, en aðeins 24 voru samþykktar. Fyrirspurnir urðu 318 og var þeim nær öllum svarað.

Sturla Böðvarsson var kosinn þingforseti og þessir þingflokksformenn: Arnbjörg Sveinsdóttir hjá Sjálfstæðisflokki, Lúðvík Bergvinsson hjá Samfylkingunni, Ögmumdur Jónasson hjá Vinstri grænum, Siv Friðleifsdóttir hjá Framsóknarflokknum og Kristinn H. Gunnarsson hjá Frjálslynda flokknum.

Á septemberþinginu hóf forsætisráðherra umræður um efnahagsmál. Hann greindi frá því að tekið hefði verið lán upp á 250 milljónir evra til þess að efla stöðu Seðlabankans. Þá var aðeins mánuður í bankahrunið.

136. löggjafarþingið kom saman 1. október. Sturla Böðvarsson var áfram forseti Alþingis og þingflokksformenn voru hinir

sömu nema með þeirri breytingu hjá Frjálslynda flokknum að Jón Magnússon kom í stað Kristins H. Gunnarssonar.

Opinberar heimsóknir erlendra ráðherra

Högni Hoydal, fyrsti utanríkisráðherra Færeyja, kom til Íslands 9. mars. Hann ræddi við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra, m.a. um hugsanlega inngöngu Færeyinga í EFTA. – Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finna, kom til Íslands í lok apríl og ræddi við Geir H. Haarde. – Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafði stutta viðkomu í Reykjavík 30. maí og ræddi við Ingibjörgu Sólrúnu. – Miguel Angel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar, kom í opinbera heimsókn til Íslands 3. september, þá fyrstu af hálfu spænsks utanríkisráðherra. – Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Norðmanna, kom til Íslands 3. nóvember í boði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hann tilkynnti um fjögurra milljarða lán frá Norðmönnum. Störe talaði á tveimur fundum í Reykjavík.

Ferðir innlendra ráðherra vegna framboðs til Öryggisráðsins og opinberar heimsóknir

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fór í opinbera heimsókn til Egyptalands í janúar. Hún átti viðræður við utanríkisráðherra Egypta og aðalritara Arababandalagsins. – Geir H. Haarde forsætisráðherra var í opinberri heimsókn hjá Evrópusambandinu í Brussel í febrúar. José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Sambandsins, sagði Geir að upptaka evru væri aðeins fær með inngöngu í ESB. – Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var í opinberri heimsókn í Danmörku 11.-12. mars. Hún hitti Margréti Danadrottningu og ræddi m.a. við utanríkisráðherra Dana, Per Stig Möller. – Ingibjörg Sólrún heimsótti Afganistan um miðjan mars og var með sérsveitarmenn með sér. Hún hitti Karsai forseta og kynnti sér ástand mála í landinu. – Geir H. Haarde hitti Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, í Downingstræti 10 hinn 24. apríl. Þeir ræddu alþjóðleg efnahagsmál, en fregnum bar ekki saman um það hvort þeir hefðu rætt um málefni ESB og hugsanlega inngöngu Íslands í það. – Geir H. Haarde var í opinberri heimsókn

í Albaníu dagana 26.-27. ágúst. Hann hitti Bamir Topi forseta og Sali Beriska forsætisráðherra. Frá Albaníu fór Geir til Grikklands og hitti þar Kostas Karamanlis forsætisráðherra.

Sveitarstjórnarmál

Meirihlutaskipti í Reykjavík

Í skoðanakönnun um fylgi flokka í borgarstjórn Reykjavíkur í byrjun janúar kom í ljós að sjálfstæðismenn höfðu 43,7%, Samfylkingin 35,3%, Vinstri grænir 13,2%, Framsóknarflokkur 4,6% og Frjálslyndi flokkurinn 3,0%.

Hinn 21. janúar tilkynnti Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, á blaðamannafundi á Kjarvalsstöðum, að hann ætlaði að hverfa úr meirihluta með Samfylkingu, Vinstri grænum og Framsóknarflokknum og ganga til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Hefði um það samist með honum og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni að Ólafur yrði borgarstjóri til vors 2009, en þá tæki Vilhjálmur við og yrði út kjörtímabilið. Varafulltrúi Ólafs, Margrét Sverrisdóttir, studdi ekki þessa ráðagerð. Það var svo á borgarstjórnarfundi 24. janúar sem Ólafur tók við embættinu af Degi B. Eggertssyni, en hann hafði gegnt því í 100 daga. Ólafur fékk sér til aðstoðar Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur og Jakob Frímann Magnússon var ráðinn verkefnisstjóri miðborgarinnar, eða eins konar miðborgarstjóri. Í skoðanakönnun Fréttablaðsins 24. janúar sögðust aðeins 25,9% styðja nýja meirihlutann í borgarstjórn Reykjavíkur og ekki nema 5,5% vildu Ólaf F. Magnússon sem borgarstjóra. Hins vegar vildu 56,9% Dag B. Eggertsson áfram og 18,1% sögðust vilja Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson. Þessar breytingar gengu ekki hljóðalaust fyrir sig, því að hávær mótmæli voru í sal borgarstjórnar þegar nýi meirihlutinn tók við, og Spaugstofan gekk hart fram í háði um nýja borgarstjórann. Hann var sýndur í spítalafötum og látinn tönnlast á tölunni 6.537, sem var sá fjöldi atkvæða sem flokkur hans fékk í kosningunum 2006. Um miðjan febrúar lýsti miðstjórn Frjálslynda flokksins yfir því að hún bæri enga ábyrgð á borgarstjóradómi Ólafs F. Magnússonar.

Á síðustu mánuðum ársins 2007 hafði mikið verið deilt í

Ólafur F. Magnússon sýnir málefnasamning hans og sjálfstæðismanna 22. janúar.

borgarstjórn Reykjavíkur um hugsanlega sameiningu Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysir Green Energy (GGE). Stofnaður var svonefndur stýrihópur um málið undir forystu Svandísar Svavarsdóttur borgarfulltrúa. Skýrsla hópsins, svonefnd REI-skýrsla, var lögð fram 7. febrúar og skrifuðu allir borgarfulltrúar undir hana. Þar er gangi málsins lýst ítarlega. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson taldi skýrsluna hafa veikt stöðu sína, t.d. vegna þess að í henni stæði að vafasamt hafi verið um umboð hans til þess að samþykkja sameiningu REI og GGE. Hann sagðist í fréttaviðtali hafa spurt borgarlögmann ráða. Í ljós kom að hann hafði spurt Hjörleif Kvaran, fyrrverandi borgarlögmann, en ekki starfandi borgarlögmann. Miklar umræður urðu um REI-skýrsluna næstu vikur og var Vilhjálmur töluvert gagnrýndur. 24. febrúar lýsti hann því síðan yfir að hann ætlaði að vera áfram oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, en það væri hins vegar opið hvaða sjálfstæðismaður tæki við þegar Ólafur hætti. Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Júlíus Vífill Ingvarsson létu í ljós áhuga á að verða borgarstjóri.

Óskar Bergsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir glöð í bragði 14. ágúst, eftir að gengið hafði verið frá samkomulagi um nýjan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagði af sér sem oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík 7. júní. Samþykkt var í borgarstjórnarflokknum að Hanna Birna Kristjánsdóttir tæki við og yrði borgarstjóraefni þegar Ólafur F. hætti, en gert var ráð fyrir að það yrði í mars 2009. En síðan gerðist það að 13. ágúst komst á kreik orðrómur um að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur ætluðu að mynda nýjan meirihluta í Reykjavík til þess að losna við Ólaf F. Hann taldi að sjálfstæðismenn hefðu unnið gegn sér með því að dreifa um sig gróusögum. Formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ræddust við út af borgarstjórnarmálunum. Síðan héldu Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokks, og Hanna Birna Kristjánsdóttir með sér tveggja tíma fund og sögðust eftir hann hafa gengið frá öllum málum varðandi valdaskipti í borginni. Hanna Birna yrði borgarstjóri en Óskar Bergsson formaður borgarráðs. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson yrði forseti borgarstjórnar. Borgarstjóraskiptin urðu 21. ágúst, og tók þá Hanna Birna við af Ólafi F. Magnússyni. Hann hafði verið borgarstjóri

í um það bil sjö mánuði. Þessi borgarstjóraskipti nutu ekki stuðnings borgarbúa, því að í skoðanakönnun Fréttablaðsins 17. ágúst sögðust 26,2% styðja nýja meirihlutann en 73,8% voru á móti.

Ýmis sveitarfélög

21. apríl var slitið samstarfi A- og K-lista í Bolungarvík, en A- og D-listi hófu samstarf. Nýr bæjarstjóri var ráðinn, oddviti D-lista. – 14. maí gekk bæjarfulltrúi Frjálslynda flokksins á Akranesi í Sjálfstæðisflokkinn og sagðist gera það vegna viðbragða Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varaformanns flokksins, við komu palestínskra flóttamanna til Akraness. – Nýr meirihluti var myndaður í Dalabyggð í júní. Vinstri grænir og H-listi tóku við stjórninni í stað H-lista og N-lista. Nýr sveitarstjóri var ráðinn. – Í byrjun júlí slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks í Grindavík og myndaður var nýr meirihuti Samfylkingar og Framsóknarflokks. Oddviti Samfylkingarinnar, Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, varð bæjarstjóri.

TÍMAMÓT

Nokkur afmæli félaga, stofnana og fyrirtækja

2. janúar: Liðin voru 100 ár frá því að Lögbirtingablaðið kom fyrst út. Haldið var upp á afmælið í Vík í Mýrdal, en þar er blaðið nú gefið út.

29. janúar var haldið upp á 80 ára afmæli Slysavarnafélags Íslands. Félagið ætlar að koma upp sögusafni.

10. apríl: Verkstjórasamband Íslands 70 ára.

21. apríl: Knattspyrnufélagið Víkingur í Reykjavík 100 ára.

1. maí: Haldið var upp á 100 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Fram í Reykjavík. Félagið hyggst flytja aðsetur sitt úr Safamýri í Úlfarsárdal.

17. maí: Því var fagnað að liðin voru 100 ár frá því að fyrsti borgarstjóri í Reykjavík, Páll Einarsson, tók við embætti. Hann var skipaður til 6 ára og hætti að þeim tíma liðnum. Þennan dag höfðu alls 19 einstaklingar gegnt þessu starfi og þar af

Embætti borgarstjóra 100 ára. F.v.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þórólfur Árnason, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Davíð Oddsson.

aðeins 3 konur. Afmælisins var minnst með sýningunni „Kæri borgarstjóri".

1. júní voru liðin 100 ár frá því að Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi. Var þess minnst með fjögurra daga hátíðarhöldum. Meðal annars var haldið kaffiboð í Strandgötu með 100 m langri afmælistertu.

7. júní fagnaði Kennararháskólinn 100 ára afmæli sínu. Hann verður ekki mikið eldri, því að 1. júlí átti hann að sameinast Háskóla Íslands.

14. júní: Hið íslenska fornritafélag 80 ára. Frumkvöðull að stofnun þess og fyrsti forseti félagsins var Jón Ásbjörnsson hrl. Fornritafélagið er þekktast fyrir fræðilega útgáfu á Íslendingasögum og fleiri fornum ritum.

15. júní: Sveitarfélagið Garður 100 ára. Afmælishátíð var haldin.

1. október: Þennan dag var þess minnst að 100 ár voru liðin frá upphafi lagakennslu á Íslandi. Öllum lögfræðingum lands-

ins, en þeir eru um 1.500, var boðið til móttöku á Háskólatorgi. Heiðursgestur var Antonin Scalia, dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna. Haldnar voru ráðstefnur og málþing og kynnt var útgáfa lögfræðiorðabókar eftir Pál Sigurðsson prófessor.

23. október: Bandalag háskólamanna (BHM) varð 50 ára. Gefin var út saga Bandalagsins eftir Friðrik Olgeirsson og opnuð heimasíða, www.bhm.is.

1. desember: Þess var minnst að liðin voru 90 ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki. Sama dag varð Vísindafélag Íslendinga 90 ára.

ÚTVEGUR

Aflinn

Árið 2008 varð heldur minna aflaár en árið á undan. Heildaraflinn minnkaði um 8,1% frá árinu á undan. Afli uppsjávarfisks dróst saman um 11,5%, þar af loðnuafli um 53,0%. Síldarafli óx hinsvegar um 18.6%. Aukning var í humarafla um 8,0% og rækjuafla um 3,0%. Samdráttur var í þorskafla um 13,2% og ýsuafla um 6,4%. Af heildaraflanum var uppsjávarafli 62,0%, botnfisksafli 35,0%, flatfisksafli 2,0% og skel og krabbadýr 1,0%.

Heildaraflinn var 1.283.078 tonn (1.395.914 árið áður), en miðað er við vigtarskýrslur til Hagstofunnar. Afli á Íslandsmiðum var 884.841 tonn (1.009.760), í norskri lögsögu 44.192 tonn (34.406), í rússneskri lögsögu 4.077 tonn (4.551), á Flæmingjagrunni enginn og á öðrum miðum 349.967 tonn (347.197).

Þorskafli á árinu var 151.453 tonn (174.436 árið áður), ýsuafli 102.326 tonn (109.313), ufsaafli 70.106 tonn (64.245), karfaafli 69.589 tonn (55.454), úthafskarfaafli 6.786 tonn (19.919), karfaafli samtals 76.375 tonn (75.373), löngafli 7.724 tonn (6.592), keiluafli 6.933 tonn (5.984), steinbítsafli 14.550 tonn (16.192), lúðuafli 472 tonn (419), grálúðuafli 11.696 tonn (9.582), skarkolaafli 6.718 tonn (5.816), síldarafli á Íslandsmiðum 170.814 tonn (144.026), síldarafli af norsk-íslenskri síld 200.008 tonn (175.869), loðnuafli 138.089 tonn (294.066), kolmunnaafli

Frá Hornafjarðarhöfn.

163.747 tonn (234.952), annar uppsjávarafli (mest makríll og gulldepla) 112.390 tonn, humarafli 2.069 tonn (2.007), rækjuafli 2.193 tonn (2.027), hörpudisksafli enginn, kúfisksafli 7.627 tonn (4.620) og skötuselsafli 2.937 tonn (2.777).

Nýting aflans var með eftirfarandi hætti: Til vinnslu innanlands 825.598 tonn (964.157), í gáma til úflutnings 58.678 tonn (48.556), landað erlendis til bræðslu 22.533 tonn (5.115), á markað til vinnslu innanlands 77.947 tonn (84.924), á markað í gáma til útflutnings 10.447 tonn (8.642), sjófryst til vinnslu innanlands 281.932 (279.551), sjófryst til endurvinnslu 1.689 tonn (1.552), selt úr skipi erlendis 243 tonn (703), fiskeldi 652 tonn (403), annað 3.358 tonn (2.112).

Kvótinn

Við upphaf nýs fiskveiðiárs, 1. september 2008, voru eftirtalin fyrirtæki með meiri en 10.000 tonna þorskígildiskvóta: 1. HB Grandi hf. Reykjavík 34.427 þorskígildistonn eða 11,03% af heildarkvótanum, 2. Samherji hf. Akureyri 23.950 þorskígildistonn eða 7,67% af heildarkvótanum, 3. Brim hf.

Reykjavík 16.559 þorskígildistonn eða 5,30% af heildarkvótanum, 4. Ísfélag Vestmannaeyja hf. 15.667 þorskígildistonn eða 5,02% af heildarkvótanum, 5. Þorbjörn hf. Grindavík 13.694 þorskígildistonn eða 4,39% af heildarkvótanum, 6. Fisk-Seafood Sauðárkróki 13.367 þorskígildistonn eða 4,28% af heildarkvótanum, 7. Síldarvinnslan hf. Neskaupstað 12.457 þorskígildistonn eða 3,99% af heildarkvótanum, 8. Rammi hf. Siglufirði 11.715 þorskígildistonn eða 3,75% af heildarkvótanum, 9. Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjum 11.663 þorskígildistonn eða 3,73% af heildarkvótanum, 10. Vísir hf. Grindavík 11.369 þorskígildistonn eða 3,64% af heildarkvótanum, og 11. Skinney-Þinganes Hornafirði 10.023 þorskígildistonn eða 3,21% af heildarkvótanum. Alls höfðu 10 kvótahæstu fyrirtækin 52,80% af heildarkvótanum. – Erfiðlega gekk að finna loðnu og voru loðnuveiðar stöðvaðar 20. febrúar en leyfðar aftur 27. febrúar. Kvótinn var settur í 100.000 tonn, en hafði áður verið ákveðinn 120.000 tonn.

Ýmislegt

Sjávarútvegsráðherra leyfði 19. maí að veiða 40 hrefnur í atvinnuskyni. Ráðherrar Samfylkingarinnar lögðust gegn því. Fyrsta hrefnan veiddist í Faxaflóa 20. maí, 7,4 m karldýr. Njörður KÓ-7 veiddi dýrið. – Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna birti í janúar það álit að greiða bæri bætur tveimur íslenskum sjómönnum vegna þess að þeim hefði verið meinað að stunda veiðar við Ísland. Þeir höfðu ekki kvóta. Íslensk stjórnvöld töldu þetta álit ekki bindandi fyrir Ísland og ekki væri nauðsyn að breyta kvótakerfinu vegna þess.

Fiskiskipaflotinn

Á árinu 2008 fækkaði enn í fiskiskipaflotanum. Vélskip voru í árslok 769 (834 árið áður) og þau voru 86.390 brúttótonn (91.656), togarar voru 60 (64), 69.889 brúttótonn (74.067), og opnir bátar 700 (744). Samtals voru því í flotanum 1.529 skip og bátar og hafði fækkað um 113.

Útflutningur sjávarafurða

Útflutningsverðmæti sjávarafurða 2008 var 171,3 milljarðar króna (127,6 árið áður) og er það aukning um 43,7 milljarða eða 34,3% frá árinu á undan, en hér er miðað við gengi hvors árs. Á föstu gengi dróst útflutningsverðmæti sjávarafurða hins vegar saman um 5,2% eða 9,3 milljarða. Hlutur sjávarafurða í heildarútflutningi minnkaði úr 41,8% í 36,7% og hefur hlutur sjávarafurða í útflutningi ekki verið minni síðan 1865. Landfryst flök voru áfram í fyrsta sæti í útflutningsverðmæti og ný kæld og ísvarin fiskflök koma í öðru sæti en síðan blautverkaður saltfiskur. Þetta er sama röð og 2007.

VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR

Brýr. Lítið var um brúagerð á árinu. Mesta framkvæmdin var við brú yfir *Mjóafjörð* á Djúpvegi.

Hafnir. Í *Reykjavík* var áfram unnið að mjög miklum landfyllingum við Skarfabakka. Í Vesturhöfninni voru einnig miklar framkvæmdir. – Unnið var fyrir meira en 100 milljónir í *Rifshöfn*. Norðurgarður var lengdur um 500 metra. – Í *Grundarfirði* voru áfram töluverðar hafnarframkvæmdir. Þar var lokið við gerð svonefnds Miðgarðs. Hann er 80 m langur og 20 m breiður. Kostnaður var um 160 milljónir króna. – Á *Siglufirði* var unnið við dýpkun.

Símaframkvæmdir. Unnið var mikið að endurbótum á GSM-kerfinu. Kveikt var á nýjum sendi á Krókshálsi í Norðurárdal. Með þeirri framkvæmd var allur hringvegurinn kominn í GSM-samband.

Vegagerð. Víða um land var að venju unnið að vegabótum og verður aðeins getið nokkurra framkvæmda.

Suðursvæði

Á Gaulverjabæjarvegi var lokið við endurbyggingu á kafla frá Félagslundi að Skipum. – Byrjað var á framkvæmdum við Suðurstrandarveg. Þetta er 33,6 km kafli og einnig á að byggja

brú á Vogsós neðan Hlíðarvatns. – Hafist var handa við Lyngdalsheiðarveg.

Suðvestursvæði

Lokið var við tvöföldun Reykjanesbrautar og fór fram opnunarathöfn á mislægum gatnamótum við Stapahverfi í Reykjanesbæ 19. október. Undanskilinn var stuttur kafli í Hafnarfirði.

Höfuðborgarsvæðið

Hringtorg yfir Reykjanesbraut var tekið í notkun 29. nóvember. – Byrjað var á mislægum gatnamótum Arnarnesvegar og Reykjanesbrautar.

Norðvestursvæði

Á Útnesvegi á Snæfellsnesi var enn í gangi endurbygging á löngum kafla milli Háahrauns og Saxhóls. Þessari framkvæmd var mjög langt komið um áramót, en eftir var að leggja bundið slitlag á kafla næst Háahrauni. – Hafnar voru framkvæmdir við nýjan veg yfir Fróðárheiði. – Í nýjum vegi um Arnkötludal milli Dala og Stranda voru miklar framkvæmdir. Ekki tókst þó að halda áætlun og verður þessari framkvæmd ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi árið 2009. – Í Djúpvegi var áfram unnið að miklum framkvæmdum. Vinnu við brúargerð yfir Mjóafjörð seinkaði þó nokkuð. – Framkvæmdir hófust við jarðgöng milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Kristján Möller samgönguráðherra sprengdi fyrstu sprenginguna 4. september. Göngin verða 5,1 km og eiga að kosta 3,5 milljarða. Gerðar verða tvær brýr, á Hnífsdalsá og Ósá.

Norðaustursvæði

Mesta framkvæmd ársins á svæðinu var við Héðinsfjarðargöng. Margra mánaða töf varð á verkinu vegna vatnsaga. 21. mars var slegið í gegn Siglufjarðarmegin og höfðu verið sprengdir 3.642 m. Byrjað var á göngum frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar og í júlí voru komin þar 900 m löng göng, en frá Ólafsfirði höfðu þá verið grafin 3.500 m löng göng. Þetta eru

Séð inn í Héðinsfjarðargöng frá Siglufirði.

samtals um 70,0% af heildarlengd ganganna. – Unnið var við nýjan veg um Hólaheiði og nýja tengingu við Raufarhöfn. – Nýr vegur frá Vopnafirði að Hringvegi var í byggingu. – Áfram var mikið unnið við Norðfjarðarveg um Hólmaháls. – Unnið var við nýjan kafla á Hringveginum innarlega í Jökuldal, um Skjöldólfsstaðafjall og Arnórsstaðamúla. Vegurinn færist norður fyrir Gilsá.

Bundið slitlag var lagt á um 150 km á árinu (107 km árið áður). Í árslok voru 4.930 km af bundnu slitlagi komnir á vegi landsins, og eru meðtaldir vegir í kaupstöðum og kauptúnum. Við þær framkvæmdir sem áður voru nefndar var yfirleitt sett á bundið slitlag. – Hringvegurinn (miðað er við að farið sé norðan Mývatns) taldist vera í árslok 1.335 km og af þeim voru um 1.270 km með bundnu slitlagi, eða um 95%. Lengstu kaflar sem enn eru með malarslitlagi eru í Skriðdal, Breiðdal og á Jökuldal. Þá eru stuttir kaflar í Berufirði og Hamarsfirði.

Umferð um Hvalfjarðargöngin minnkaði aðeins frá fyrra ári

Horft út Héðinsfjörð. Byrjað er að vinna við gangamunnann í átt til Ólafsfjarðar.

og fóru alls 1.978.825 ökutæki um göngin á árinu (2.030.000 árið áður).

Ýmsar framkvæmdir

Reykjavík. Mikið dró úr framkvæmdum við byggingu íbúðarhúsnæðis á árinu 2008. Mest var unnið að íbúðarhúsabyggingum í Grafarholti, á Norðlingaholti og nokkuð í Úlfarsárdal. Verslunar- og skrifstofubyggingar voru áfram reistar í Túnunum og íbúðarhús við Skúlagötu og Lindargötu. Síðustu mánuði ársins fór að bera á því að lóðarhafar skiluðu lóðum sínum aftur til borgarinnar. Einkum var þetta í Úlfarsárdal.

Vesturbær og Miðbær.

Í árslok var Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við höfnina að mestu uppsteypt. – Zimsenshúsið, sem áður stóð í Hafnarstræti, var flutt í Grófina 29. september. – Fasteignafélagið Kirkjuhvoll reisti 24 íbúða byggingu við Tryggvagötu.

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið um áramótin 2008-09.

Austurbær.

Lokið var framkvæmdum við skrifstofubyggingu við Glæsibæ og við stækkun Vogaskóla. – Haldið var áfram við byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða við Suðurlandsbraut. – Lokið var við 1. áfanga í þjónustuíbúðum í Mörkinni. – Mikið var unnið við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við rætur Öskjuhlíðar. – Í apríl var tekin fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. – Turn við Höfðatorg reis hratt seinni hluta ársins. Hann er 19 hæðir. – Reistar voru nýjar aðalstöðvar fyrir Ölgerðina Egil Skallagrímsson á Grjóthálsi. Þetta er 12.500 fm hús.

Grafarvogur – Grafarholt.

Haldið var áfram framkvæmdum við samkomuhús við Egilshöll og hornsteinn var lagður að verslunarhúsi Bauhaus við Vesturlandsveg 26. júní. Það er 22.000 fm. Eftir bankahrunið voru framkvæmdir við það stöðvaðar. Hins vegar var 38.000 fm verslunarhús við Korputorg tekið í notkun í lok september. Þar eru m.a. verslanir Rúmfatalagersins, Europris og húsgagnaverslunarinnar Ilvu. – Unnið var að kirkjubyggingu fyrir

Turn á mótum Höfðatúns og Borgartúns var langt kominn upp um áramót.

Grafarholtssöfnuð við Kirkjustétt í Grafarholti. Hún var vígð 7. desember og nefnd Guðríðarkirkja. – Sæmundarskóli er þar í byggingu. – Í febrúar var tekin fyrsta skóflustunga að nýjum leik- og grunnskóla við Árvað 3 á Norðlingaholti. – Fyrstu lóðum var úthlutað í Reynisvatnsáshverfi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Í *Mosfellsbæ* var áfram mikil uppbygging í Teigahverfi og Krikahverfi ofan Vesturlandsvegar. Þá héldu áfram framkvæmdir í landi Leirvogstungu og svonefndu Helgafellshverfi.

Lindakirkja í Kópavogi.

Á *Seltjarnarnesi* var unnið að smíði vallarhúss fyrir knattspyrnuvöll neðan við Valhúsaskóla. Áfram var unnið við fjölbýlishús við Hrólfsskálamel. 5. september var tekin fyrsta skóflustunga að húsi fyrir lækningaminjasafn í Nesi við Seltjörn og lokið var endurbótum á sjálfri Nesstofu. Hefur hún nú verið færð í upprunalegt form.

Í *Kópavogi* dró mikið úr íbúðabyggingum á árinu 2008 og var lokið við smíð 311 íbúða (565 árið áður). Af þeim voru 229 í fjölbýli. Hafin var smíð á aðeins 96 íbúðum (521) og í árslok voru 753 íbúðir í smíðum (968). Mest var byggt í Kórahverfi, Þingahverfi og Lundahverfi. Nokkuð bar á því að lóðum væri skilað, einkum í Vatnsendahlíð.

Lokið var við stækkun sundlaugar Kópavogs við Borgarholtsbraut. – Unglingahúsið Molinn við Hábraut var vígt í maí. – Í sama mánuði var ný stúka við Kópavogsvöll tekin í notkun. – Áfram var unnið við nýja áfanga Vatnsendaskóla við Funahvarf og Hörðuvallaskóla við Baugakór. – Bygging Lindakirkju við Uppsali var langt komin í árslok. – Unnið var að byggingu tvöfalds íþróttahúss við hliðina á Kórnum. – Tekin var fyrsta skóflustunga í maí að íþróttahúsi fyrir HK í Fagralundi í

Undirstöður undir kerskála í Helguvík.

Fossvogsdal. – Byrjað var á byggingu tveggja leikskóla, þ.e. við Marbakkabraut og við Aðalþing. – Lindir, fyrsti lágverðskjarni á Íslandi, voru opnaðar 29. maí í nýju stórhýsi í Lindahverfi. Þar eru m.a. Krónan, Intersport og Elkó til húsa.

Í *Garðabæ* fækkaði nýbyggingum og var byggt á Sjálandi, í Ásahverfi og Akrahverfi. Þá var byrjað á undirbúningi að byggð á Urriðaholti, en treglega gekk að selja lóðir þar. Alls var byrjað á 169 íbúðum í Garðabæ á árinu (279 árið áður) í 64 húsum (84). – Byrjað var á 3.400 fm fimleikahúsi við íþróttamiðstöðina Ásgarð. Þá var unnið að lokaáfanga við Sjálandsskóla.

Í *Hafnarfirði* var mest byggt í Vallahverfinu og á Norðurbakka. Unnið var að sundmiðstöð við Árvelli og við nýjan leikskóla á Völlum. Í Kaplakrika var íþróttamiðstöð í smíðum. – Vélsmiðjan Héðinn reisti sér nýtt hús við Hellnahraun.

Reykjanesbær. Mikil uppbygging var áfram í Tjarnahverfi í Innri-Njarðvík. Þar var í byggingu naust yfir víkingaskipið Íslending. – Áfram var haldið framkvæmdum við nýtt íþróttasvæði vestan og sunnan við Reykjaneshöllina. – 26. janúar var tekin fyrsta skóflustunga að Hljómahöllinni sem rísa á við Stapa. – 6. júní tóku tíu menn fyrstu skóflustungu að álveri í

Sundlaug á Höfn í Hornafirði.

Helguvík. Af þeim voru tveir ráðherrar, Björgvin G. Sigurðsson og Árni M. Mathiesen. Fyrstu undirstöður undir kerskála voru steyptar um miðjan september. – Í *Sandgerði* var ný sundlaug tekin í notkun 22. ágúst. Hún er 25 m löng og kostaði um 300 milljónir króna.

Áfram var haldið framkvæmdum við Reykjanesvirkjun.

Grindavík. Áfram var töluvert byggt í bænum, einkum í Lautarhverfi og Hópshverfi. Fjölnota íþróttahús, um 4.000 fm, var langt komið um áramót. Í maí var tekin fyrsta skóflustunga að Hópsskóla.

Árnessýsla. Í *Þorlákshöfn* var byggt nýtt 2.500 fm íþróttahús og lokið við það fyrir landsmót unglinga um verslunarmannahelgi. Fyrirtæki Jóns Ólafssonar athafnamanns, Icelandic Water Holdings, opnaði átöppunarverksmiðju á Hlíðarenda í Ölfusi 26. september. Hún er 6.700 fm og getur framleitt 100 milljón lítra af vatni á ári. – Vigdísarhús svonefnt var opnað á Sólheimum í Grímsnesi. – *Hveragerði*. Gatnagerð var hafin í svonefndu Kambalandi. Þar er gert ráð fyrir 280 íbúðum. – Á *Laugarvatni* var hafin bygging heilsulindar.

Rangárvallasýsla. Lokið var við byggingu reiðhallar á

Fjarðabyggðarhöllin á Reyðarfirði.

Gaddstaðaflötum við *Hellu*. Var húsið tekið í notkun á landsmóti hestamanna, sem haldið var í júlí.

Skaftafellssýslur. Á *Höfn* var unnið að gerð nýrrar sundlaugar.

Múlasýslur. Á *Fáskrúðsfirði* var unnið við byggingu nýrrar skólamiðstöðvar. – Á *Eskifirði* var byggt við hús veiðarfæragerðarinnar Egersund Island ehf. og verður þar eins konar hótel fyrir síldar- og loðnunætur. – Á *Reyðarfirði* var unnið að ýmsum frágangi við álver Reyðaráls og Fjarðabyggðarhöllina. – Á *Egilsstöðum* var byrjað á viðbyggingu við grunnskólann.

Þingeyjarsýslur. Hús yfir fuglasafn var reist í Neslöndum við Mývatn. Það geymir uppstoppaða fugla, sem Sigurgeir Stefánsson safnaði.

Eyjafjarðarsýsla. Á *Akureyri* var hafin smíð 63 íbúða á árinu (329 árið áður). Lokið var við 6 íbúðir á árinu (251 árið áður). Í smíðum í árslok voru 693 íbúðir (636 árið áður). Töluvert var byggt af iðnaðarhúsnæði. Mest var byggt í Naustahverfi, en þar og í Síðuhverfi var mikið unnið við undirbúning lóða til úthlutunar. Þá var unnið við gatnagerð í Nesja- og Naustahverfi.

9. febrúar tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mennta-

Lilja Pálmadóttir og Steinunn Jónsdóttir taka fyrstu skóflustungu að sundlaug á Hofsósi.

málaráðherra fyrstu skóflustungu að 4. áfanga Háskólans á Akureyri. Þar verður hátíðasalur sem og fyrirlestrasalir. – Áfram var unnið við menningarhúsið Hof við Pollinn. – Unnið var við stækkun Glerártorgs og við byggingu 70 herbergja hótels á Glerárgötureit. – Í byrjun mars var tekið í notkun stærsta fjölbýlishús utan Reykjavíkur. Húsið er við Kjarnagötu í Naustahverfi. Þar eru 58 íbúðir með um 200 íbúum. – Mikið var unnið við byggingu Naustaskóla, en heldur var dregið úr framkvæmdahraða við íþróttahúsið við Giljaskóla. Unnið var við nýjan íþróttaleikvang á félagssvæði Þórs. – Í Krossanesi var unnið að byggingu aflþynnuverksmiðju.

Lokið var við byggingu fjölnota íþróttahúss í Hrísey og var það vígt 8. júní. – Reist var jarðgerðarstöð á Þverá í Eyjafjarðarsveit á vegum Moltu ehf. Sex stórar jarðgerðartromlur voru settar upp og síðan byggt hús utan um þær. – Á Dalvík var 700 fm menningarhús í byggingu.

Skagafjarðarsýsla. Á *Sauðárkróki* var tekin skóflustunga að nýju pósthúsi. – Á *Hofsósi* var haldið áfram við sundlaugarbyggingu.

Nýtt íbúðar- og verslunarhús á Akranesi.

Húnavatnssýslur. Á *Blönduósi* var tekin fyrsta skóflustunga að nýrri sundlaug 17. júlí.

Strandasýsla. Nýr Staðarskáli var tekinn í notkun 25. september. Hann er vestanmegin við Hrútafjörð.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla. Í *Ólafsvík* var tekin fyrsta skóflustunga að nýju hjúkrunarheimili við Jaðar.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Í *Borgarnesi* var lokið við byggingu nýs menntaskóla. – Á *Akranesi* var áfram unnið við byggingu fjölda íbúðarhúsa og verslunarhúsa. Aðalbyggingasvæðið var í Flatahverfi og Skógarhverfi. – Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn lauk í nóvember við byggingu 38 íbúða húss að Þjóðbraut 1.

VERSLUN

Á árinu 2008 voru fluttar út vörur fyrir 466,9 milljarða króna fob (305,1 árið áður) en inn fyrir 473,5 milljarða króna fob (395,2 árið áður). Hallinn á vöruskiptunum var því 6,7 milljarðar króna (92,1 árið áður). Sjávarafurðir voru 36,7% af öllum útflutningi 2008 en iðnaðarvörur 52,1%. Er þetta í

fyrsta skipti sem iðnaðarvörur vega þyngra í útflutningi en sjávarafurðir.

Innflutningur var að þessu sinni mestur frá Noregi, sem fór úr níunda sæti í fyrsta. Þýskaland varð í öðru sæti eins og árið á undan, Svíþjóð í þriðja sæti, Bandaríkin í fjórða sæti og Danmörk í fimmta. Innflutningur frá Ástralíu margfaldaðist og fór landið úr 48. sæti í hið 8.

Útflutningur var að þessu sinni mestur til Hollands, en Bretland var nú í öðru sæti og Þýskaland í því þriðja. Bandaríkin komu í fjórða sæti og síðan Japan, Noregur og Spánn.

Hér verða nefnd þau ríki þar sem viðskiptin námu meira en 6.000 milljónum króna á árinu 2008. Innan sviga eru viðskiptin 2007.

Innflutningur		
Noregur	57.644	(19.682)
Þýskaland	52.819	(51.583)
Svíþjóð	46.277	42.848)
Bandaríkin	41.354	(57.559)
Danmörk	37.696	(31.661)
Kína	34.110	(21.602)
Holland	31.234	(24.013)
Ástralía	22.774	(3.200)
Bretland	22.468	(22.875)
Japan	19.131	(20.162)
Sviss	16.314	(8.555)
Ítalía	14.412	(14.550)
Frakkland	12.157	(12.201)
Pólland	7.073	(7.306)
Belgía	6.810	(6.725)
Litháen	6.105	(5.217)
Spánn	6.021	(5.694)
Útflutningur		
Holland	160.478	(64.886)
Bretland	54.189	(40.334)
Þýskaland	52.777	(40.815)

Nýjar verslunarmiðstöðvar á Fiskislóð í Reykjavík.

Bandaríkin	25.720	(16.050)
Japan	20.453	(12.776)
Noregur	20.345	(11.565)
Spánn	17.861	(14.159)
Danmörk	14.643	(10.080)
Frakkland	14.287	(7.827)
Kína	10.277	(2.376)
Portúgal	8.792	(7.560)
Belgía	7.214	(4.998)
Rússland	6.201	(4.185)

Mikilvægustu innflutnings- og útflutningsvörur voru sem hér segir:

Innflutningsvörur		
Hrávörur og rekstrarvörur	148.578	(101.707)
Fjárfestingarvörur	102.478	(89.567)
Neysluvörur	66.072	(59.433)
Flutningatæki	60.396	(84.827)
Eldsneyti og smurolíur	58.255	(35.139)
Matvörur og drykkjarvörur	37.383	(26.237)

Útflutningsvörur		
Afurðir orkufreks iðnaðar	243.147	(117.743)
Sjávarafurðir	171.349	(127.618)
Landbúnaðarafurðir	6.427	(3.496)
Annað	45.937	(56.237)

Eigendaskipti og ýmsar hreyfingar í fyrirtækjum

Í janúar var enn til umræðu að íslensk fyrirtæki keyptu eða yfirtækju erlend fyrirtæki. Þannig hugðist Kaupþing yfirtaka NIBC-bankann í Hollandi, en af því varð ekki. – Í apríl flutti Baugur Group hluta af eignum sínum til dótturfélaga. Stoðir Invest fengu t.d. 365 hf. og Teymi. Styrkur Invest fékk FL Group. – 3. júlí lauk Baugur Group við sölu á öllum eignum sínum á Íslandi og fæst eftirleiðis við smásöluverslun í Bretlandi, á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Jafnframt var Fl Group lagt niður og verður nú Stoðir. Það félag eignast ráðandi hlut í Glitni, Tryggingamiðstöðinni, Landic Property og Baugi Group.

VINNUMARKAÐUR

Atvinnuleysi fór vaxandi þegar leið á árið 2008. Á fjórða ársfjórðungi voru að meðaltali 7.400 manns án vinnu og í atvinnuleit, eða um 4,0% vinnuaflsins (3.500 eða 1,9% árið áður). Atvinnuleysi var 5,1% hjá körlum en 2,9% hjá konum. Mest atvinnuleysi var hjá fólki á aldrinum 16-24 ára eða 10,8%. Verst var ástandið í atvinnumálum á Suðurnesjum og í Reykjavík.

Glitnir sagði upp 64 starfsmönnum 14. maí, og hafði þá 255 bankamönnum verið sagt upp á árinu. – Í lok nóvember var talið að um 13.000 útlendingar væru við störf á Íslandi. Þeim hafði fækkað um 5.000-6.000 frá því í júlí.

Hinn 17. febrúar voru undirritaðir samningar milli ASÍ og VSÍ. Nýmæli var í þessum samningum að leggja áherslu á að hækka lægstu taxta. Þeir skyldu hækka um 18.000 kr. á mánuði við undirritun, 13.500 árið 2009 og 6.500 árið 2010. Jafnframt þessu kynnti ríkisstjórnin aðgerðir í átta liðum og munu þær kosta um 20 milljarða króna. Þar vegur þyngst að persónu-

Kjarasamningar undirritaðir. F.v.: Vilhjálmur Egilsson, Ingimundur Sigurpálsson, Grétar Þorsteinsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir.

afsláttur hækkar um 7.000 krónur á næstu þremur árum. Þá verða skerðingamörk barnabóta hækkuð. – Grunnskólakennarar og launanefnd sveitarfélaga sömdu 28. apríl. Fengu kennarar 25.000 króna launahækkun frá 1. júní og 9.000 til viðbótar frá 1. ágúst. – BSRB gerði 25. maí samning við Ríkið og skyldi hann gilda í 11 mánuði. Allir taxtar hækkuðu um 20.300 krónur frá 1. maí.

Hjúkrunarfræðingar og geislafræðingar sögðu upp störfum frá 1. maí vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi. Horfið var frá breytingunum og héldu því starfsmennirnir áfram. – Flugumferðarstjórar áttu í kaupdeilu við Flugstoðir í júní. Þeir boðuðu verkfall hinn 27., en það stóð aðeins frá kl. 07.00 til 09.20. Samið var eftir sólarhringsfund um 7,75% kauphækkun til 31. október 2009. – Ljósmæður áttu í vinnudeilu í september og fóru fram á 25% kauphækkun, sem væri í samræmi við aðra háskólamenn, en þær töldu sig hafa 6 ára háskólanám að baki. Þær gerðu tveggja daga verkfall 4. september og aftur 12.-14. september. Sáttasemjari ríkisins lagði fram málamiðlunartil-

lögu 16. september og var hún samþykkt. Fengu ljósmæður allt að 21% kauphækkun.

Guðmundur Ragnarsson var í apríl kosinn formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna. Kom hann í stað fyrstu formanna félagsins, en þeir voru Örn Friðriksson og Helgi Laxdal. – Guðlaug Kristjánsdóttir úr Stéttarfélagi sjúkraþjálfara var í maí kosin formaður BHM. – Ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn 22.-24. október. Kjósa skyldi nýjan forseta sambandsins þar sem Grétar Þorsteinsson gaf ekki oftar kost á sér. Gylfi Arnbjörnsson var kosinn forseti ASÍ með 166 atkvæðum, en Ingibjörg Guðmundsdóttir fékk 114. ASÍ samþykkti ákveðna tillögu um aðild að Evrópusambandinu.

VÍSITÖLUR OG VERÐLAG

Vísitala neysluverðs hækkaði úr 282,3 stigum í janúar 2008 í 334,8 stig í janúar 2009. Verðbólga innan ársins 2008 var því um 18,6% en var 5,8% árið á undan. Verðbólga milli ársmeðaltala var 12,2% (5,0% árið áður). – Sú breyting varð á birtingu vísitölunnar frá og með janúar 2008, að hún var nú reiknuð í síðustu viku hvers mánaðar samkvæmt könnun um miðjan mánuð. Áður fór verðkönnun fram í byrjun mánaðar og niðurstöður birtust um miðjan mánuð. Vísitalan var birt tvisvar í janúar 2008 vegna breytingarinnar.

Verðbólga, mæld sem verðhækkun síðustu tólf mánaða, hækkaði nær samfellt úr rúmum 6,0% í janúar 2008 í rúm 16,4% í janúar 2009. Verðbólga hverra þriggja mánaða, fjórfölduð eða færð á ársgrundvöll, fór hæst í 26,0% í maí eftir mikið gengisfall og í 24,0% í desember sömuleiðis eftir veikingu krónunnar, en lækkaði svo niður í rúm 16,0% til miðs janúar.

Undanfarin ár hefur hækkun íbúðaverðs verið helsti aflgjafi verðbólgunnar, en árið 2008 var það gríðarleg veiking krónunnar. Frá janúar 2008 til janúar 2009 hækkaði verð erlendra vara um tæp 30,0% en verð innlendra vara og þjónustu um tæp 13,0%. Í frétt Hagstofunnar 28. janúar 2009 er hækkun á verði innfluttra vara talin hafa haft áhrif á verðbólguna sem nemur 10,0% síðustu 12 mánuði. Húsnæðisverð lækkaði um 3,0%

innan ársins 2008, en vegna áhrifa vaxta o.fl. hækkaði húsnæðisþáttur neysluverðs um 3,2%.

Skráningarvísitala krónunnar, sem mælir verð erlendra gjaldmiðla, hækkaði um 80,3% frá ársbyrjun til ársloka 2008. Krónan veiktist því um 44,5% á árinu en um 29,2% milli ársmeðaltala. Krónan féll nánast samfellt allt árið, hraðast þó um miðjan mars, eftir að matsfyrirtækið Moody's breytti spám fyrir Ísland til hins verra og bandarískri fjárfestingarbankinn Bear Stearns var seldur á nauðungarsölu. Í október varð mikil röskun á gjaldeyrismarkaði við fall íslensku bankanna og vart um skipuleg viðskipti að ræða. Seðlabankinn hóf þó viðskipti 7. október, á genginu 131 króna á evru, en hvarf frá því daginn eftir. Hömlur voru settar á gjaldeyrisviðskipti um miðjan október og komið á gjaldeyrisútboðum. Viðskipti með íslenskar krónur utanlands hófust snemma eftir hrunið og var gengi þeirra í slíkum viðskiptum jafnan talsvert lægra en á opinberum markaði heima fyrir.

Í árslok 2008 var sölugengi Bandaríkjadals hjá Seðlabankanum 120,87 krónur og hafði hækkað um 95,0% frá lokum 2007. Sölugengi breska pundsins var 175,43 krónur og hafði hækkað um 41,1%. Evran kostaði 169,97 krónur og hafði hækkað um 86,4% og japanska jenið kostaði 134 aura og hafði hækkað um 142,2% gagnvart krónunni á árinu. Í árslok kostaði danska krónan 22,81 krónu, sú sænska 15,56 krónur og sú norska 17,30 íslenskar krónur.

Þróun úrvalsvísitölunnar í Kauphöll Íslands var mjög neikvæð á árinu. Vísitalan var í upphafi árs 6.144 stig en var komin í 3.004 stig 8. október, hrapaði síðan í 720 stig 13. október og var í árslok komin í 352 stig.

Verðlag á nokkrum algengum vörutegundum og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu var sem hér segir í nóvember 2008 (innan sviga eru tölur frá nóv. 2007): Franskbrauð sneitt, kg 371 kr. (390), súpukjötskíló 659 kr. (591), ýsuflök, kg 1.120 kr. (1.079), nýmjólkurlítri í pakka 100 kr. (76), smjörkíló 524 kr. (403), eplakíló 247 kr. (120), kartöflukíló 168 kr. (107), strásykurskíló 155 kr. (124), kaffikíló 1.017 kr. (906), Coca-Cola í flösku (2 l) 192 kr. (167), brennivínsflaska 3.589 kr. (3.350), bjórdós

(Egils gull 50 cl) 235 kr. (204), vindlingapakki 671 kr. (601), herraskyrta 5.773 kr. (4.757), kvensokkabuxur 1.673 kr. (1.087), bensínlítri (95 okt.) 160 kr. (135), flugferð Reykjavík-Akureyri aðra leið 11.370 kr. (10.120), rútufargjald Reykjavík-Selfoss 1.300 kr. (1.200), bíómiði 898 kr. (900), fullorðinsmiði á Íslandsmótið í knattspyrnu 1.500 kr. (1.200), mánaðaráskrift að Morgunblaðinu 2.950 kr. (2.650), strætómiði í Reykjavík, stakt fargjald 280 kr. (280), Þjóðleikhúsmiði 3.450 kr. (3.100), afnotagjald sjónvarps á ári 35.940 kr. (32.904, áskriftargjald Stöðvar 2 á ári 68.292 kr. (68.903).

ÝMISLEGT

Áttatíu ára stúdent. Við skólauppsögn Menntaskólans í Reykjavík í lok maí var mættur 80 ára stúdentinn Gissur Ó. Erlingsson 99 ára gamall, stúdent 1928. Hann stóð upp og flutti ræðu við skólauppsögnina. Þetta er í fyrsta sinn sem 80 ára stúdent kemur fram við skólauppsögn á Íslandi.

Baugsmálið. Dagana 14. og 15. maí fór fram málflutningur fyrir Hæstarétti í Baugsmálinu. Sigurður Tómas Magnússon talaði fyrri daginn frá kl. 8 til 17 og lagði fram 11 skjalamöppur. Hann ákærði Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggva Jónsson fyrir bókhaldsbrot og Jón Ásgeir auk þess fyrir brot á hlutafjárlögum. Dómur féll í Hæstarétti 5. júní og var Jón Ásgeir sakfelldur í einum ákærulið af 17. Hann hlaut þriggja mánaða fangelsisdóm skilorðsbundinn í tvö ár fyrir bókhaldsbrot, þ.e. að hafa látið útbúa tilhæfulausan reikning og fært hann í bókhald Baugs. Tryggvi Jónsson hlaut tólf mánaða skilorðsbundinn dóm í tvö ár. Sakborningar voru dæmdir til að greiða 16,7 milljónir króna í málskostnað, og þeir mega ekki sitja í stjórnum fyrirtækja næstu þrjú ár.

Besti rithöfundurinn. Í skoðanakönnun Fréttablaðsins í febrúar fékk Arnaldur Indriðason mestan stuðning sem besti rithöfundur þjóðarinnar og voru um 40,0% aðspurðra þeirrar skoðunar. Einar Már Guðmundsson kom næstur með um 8,0% stuðning.

Blöð og tímarit. Styrmir Gunnarsson lét af ritstjórn *Morgunblaðsins* 2. júní eftir að hafa verið ritstjóri í 36 ár. Ólafur

Húsin við Laugaveg 2 og 4, sem borgin keypti dýru verði.

Stephensen tók við. – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir tók við ritstjórn *24 stunda* frá 2 júní. Blaðið hætti að koma út 10. október. – Sigmund Jóhannsson, aðalteiknari *Morgunblaðsins* í marga áratugi, lét af störfum. Síðasta teikning hans birtist í blaðinu 20. október. Við starfi hans tók Halldór Baldursson, og birtist fyrsta teikning hans 23. október.

Breiðavíkurmálið. 11. febrúar var lögð fram skýrsla um barnaheimilið í Breiðavík. Þar segir að barsmíðar, einelti og jafnvel kynferðislegt ofbeldi hafi viðgengist meginhluta starfstíma Breiðavíkur 1952-1979. Nefnd undir forystu Roberts Spano gerði þessa skýrslu. Hún ræddi við 20 fyrrum starfsmenn og 80 fyrrum vistmenn. Alls voru 158 drengir í Breiðavík.

Dýr, gömul hús. Reykjavíkurborg festi í janúar kaup á húsunum númer 4 og 6 við Laugaveg fyrir 580 milljónir króna. Húsin á að endurbyggja til þess að varðveita götumynd Laugavegar að tillögu Ólafs F. Magnússonar.

Edduverðlaunin. Kvikmyndin *Brúðguminn* fékk flest Edduverðlaun. Hún var tilnefnd til 14 verðlauna og fékk 7. Hún var valin besta mynd ársins. Egill Helgason fékk þrenn verðlaun fyrir sjónvarpsþætti sína.

Silfurmönnunum frá Peking var vel fagnað við heimkomuna.

Eiturlyfjaverksmiðja. Stórri verksmiðju í Hafnarfirði, sem framleiddi amfetamín, var lokað 16. október. Rannsókn þessa máls hafði staðið í marga mánuði og var unnin í samstarfi við Europol. Menn frá þeirri stofnun komu til þess að taka þátt í rannsókninni.

Ermarsund. 16. júlí tókst Benedikt Hjartarsyni, 51 árs sundkappa, að synda yfir Ermarsund. Hann hafði reynt það árið áður og þá mistekist en nú tókst honum að vinna þetta afrek, fyrstur Íslendinga. Benedikt var 16 tíma á sundi.

Fagnaðarhátíð fyrir handboltaliðið. Íslenska landsliðið í handknattleik karla kom heim 27. ágúst og var vel fagnað. Flogið var með piltana til Reykjavíkur og þar tóku fjölskyldur þeirra á móti þeim. Síðan var ekið um borgina í opnum vagni niður á Arnarhól þar sem þúsundir manna voru samankomnar. Forseti Íslands og menntamálaráðherra ávörpuðu handboltamennina og sungnir voru sigursöngvar. Forseti Íslands tók síðan á móti liðinu á Bessastöðum og sæmdi þá hvern um sig fálkaorðunni.

Fischer látinn. Skákmeistarinn Robert Fischer lést í Reykjavík 18. janúar, 64 ára að aldri. Hann var fæddur 9. mars

Boris Spassky og fleiri skákmeistarar við gröf Fischers.

1943. Fischer fluttist til Íslands árið 2005. Hann var jarðsettur í kyrrþey 21. janúar að Laugardælum.

Flóttamenn. 8. september kom hópur 29 palestínskra kvenna og barna til Akraness. Um var að ræða fólk sem flúið hafði stríðið í Írak og bjó í flóttamannabúðum við mjög slæman aðbúnað. Fyrir tilstilli íslensku ríkisstjórnarinnar var fólkinu hjálpað til að koma til Íslands. Bæjarstjórn Akraness og allur þorri almennings studdi mjög vel við þetta framtak.

Fornminjar. Talið er að hús Guðbrands Þorlákssonar biskups hafi fundist við fornminjarannsóknir á Hólum. Þar fannst líka innsiglishringur. – Bronsnæla frá víkingaöld fannst í kumlateigi á Litlu-Núpum í Aðaldal. – Minjar um hvalveiðistöð Baska frá 17. öld voru grafnar upp á Strákatanga við Steingrímsfjörð. Um er að ræða leifar af þremur byggingum, sem stóðu í röð á sjávarkambinum. Þar á meðal er lýsisbræðsla og beykishús, þar sem tunnur undir lýsi voru smíðaðar.

Fréttastofur sameinaðar. 16. september voru fréttastofur Ríkisútvarpsins sameinaðar og sama dag fréttastofur 365 miðla. Óðinn Jónsson var ráðinn fréttastjóri Ríkisútvarpsins og Óskar Hrafn Þorvaldsson fréttastjóri 365 miðla.

Gettu betur. Menntaskólinn í Reykjavík sigraði í spurningakeppni framhaldsskólanna annað árið í röð en alls hefur skólinn sigrað 14 sinnum í þessari keppni. MR og MA kepptu til úrslita og varð að grípa til bráðabanaspurninga. Þekking MR-inga á hljómsveitinni Duran Duran reið baggamuninn.

Grammy-verðlaunin. Sinfóníuhljómsveit Íslands var í desember tilnefnd til hinna eftirsóttu Grammy-verðlauna. Þetta var fyrir geisladisk með verkum eftir franska tónskáldið Vincent d'Indy, sem Chandos gaf út.

Hannes og Halldór Kiljan. Hinn 13. mars var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli Auðar Laxness gegn Hannesi H. Gissurarsyni vegna höfundarréttarbrota Hannesar í ævisögu Halldórs Kiljan Laxness. Var Hannes talinn hafa brotið af sér í 80 af 120 dæmum, sem tilgreind voru í kæru Auðar. Skyldi Hannes greiða Auði 1,5 milljón krónur og 1,6 milljón í málskostnað. Vinir Hannesar efndu til fjársöfnunar fyrir hann, og safnaðist nægilegt fé til þess að greiða sektina. Eftir að dómur-

Göran Persson heilsar Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur á fundi í hátíðasal H.Í.

inn féll átaldi rektor Háskóla Íslands vinnubrögð Hannesar og taldi þau „áfall fyrir Háskólann“.

Hár vinningur. Taílensk hjón, búsett í Breiðholti, fengu 65 milljón króna vinning í íslenska lottóinu í ágúst. Þau sögðust ætla að byggja sér hús í Taílandi.

Heimsóknir. Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, kom í heimsókn til Íslands og talaði í hátíðasal Háskóla Íslands 10. desember. Hann fjallaði um efnahagsmál og sagði að Íslendingar þyrftu að herða sultarólina svipað og Svíar gerðu þegar þeir lentu í efnahagsörðugleikum. Persson var þá fjármálaráðherra og sagðist hafa verið óvinsælasti maður landsins, enda hækkaði hann skatta og dró úr almannaþjónustu.

Kvikmyndir. Nokkrar íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á árinu. Meðal þeirra voru: *Brúðguminn* í leikstjórn Baltasars Kormáks, en hún var tilnefnd af hálfu Íslands til Óskarsverðlauna, *Sveitabrúðkaup* í leikstjórn Valdísar Óskarsdóttur, *Reykjavík Rotterdam* í leikstjórn Óskars Jónassonar, *Skrapp út* í leikstjórn Sólveigar Anspach og *Heiðin* í leikstjórn Einars Þórs Gunnlaugssonar.

Herdís Egilsdóttir tekur við verðlaunum, sem kennd eru við Jónas Hallgrímsson, úr hendi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.

Listamannalaun o.fl. Edda Heiðrún Backman bættist í hóp þeirra sem hlutu heiðurslaun frá Alþingi. Þeir eru alls 29. – Herdís Egilsdóttir fékk verðlaun, sem kennd eru við Jónas Hallgrímsson, á degi íslenskrar tungu. – Magnús Sigurðsson fékk verðlaun, sem kennd eru við Tómas Guðmundsson, fyrir ljóðabókina *Fiðrildi, mynta og söngfuglar Lesbíu*. – Guðný Halldórsdóttir hlaut íslensku bjartsýnisverðlaunin. – Þórunn Erlu Valdimarsdóttir hlaut verðlaun úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins. – Verðlaun Félags bóksala fyrir bestu bækur í helstu flokkum fengu Einar Kárason fyrir skáldsöguna *Ofsa* og Gerður Kristný fyrir barnabókina *Garðinn*. Í flokki ævisagna



Verðlaunabækur Félags íslenskra bókaútgefenda 2008.

hlaut bókin *Magnea* eftir Magneu Guðmundsdóttur og Sigmund Erni Rúnarsson verðlaun. – Bókmenntaverðlaun útgefenda fyrir árið 2008 fengu Þorvaldur Kristinsson fyrir fræðiritið *Lárus Pálsson leikari* og Einar Kárason fyrir skáldsöguna *Ofsa*.

Loftrýmiseftirlit. Fjórar franskar þotur af gerðinni Mirage 2000 komu til Íslands 5. maí og sáu um loftrýmiseftirlit yfir Íslandi í tvo mánuði. 120 manna sveit úr franska flughernum fylgdi þotunum. Íslendingar borguðu hluta af kostnaði við þetta flug. Varnarmálaskrifstofa tók til starfa 1. júlí. Hún sér um rekstur loftrýmiseftirlitsins og öryggissvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Menn ársins í atvinnulífi. Frjáls verslun valdi Rannveigu Rist, forstjóra álversins í Straumsvík, mann ársins í íslensku atvinnulífi 2008. – Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris, hlaut viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins 2008 og Reynir Grétarsson, forstjóri Creditinfo Group, var heiðraður sem frumkvöðull ársins. – Dómnefnd Markaðarins tilnefndi Jón Sigurðsson, forstjóra Össurar, mann ársins í íslensku viðskiptalífi.

Metsölubækur. Mest selda bók á árinu 2008 samkvæmt bók-

Hassbirgðir, sem teknar voru á Seyðisfirði.

sölulista Morgunblaðsins var *Myrká* eftir Arnald Indriðason. Bókin er sögð hafa verið prentuð í upphafi í um 30.000 eintökum. Næst á eftir kom bókin *Magnea*, sem Sigmundur Ernir Rúnarsson og Magnea Guðmundsdóttir tóku saman. Í þriðja sæti var skáldsagan *Ofsi* eftir Einar Kárason. *Auðnin* eftir Yrsu Sigurðardóttur varð í fjórða sæti og *Veisluuppskriftir Nóatúns* í fimmta sæti.

Metupphæð fyrir laxveiði. Sporður ehf. samþykkti í janúar að greiða veiðifélagi Þverár í Borgarfirði 73 milljónir króna árlega fyrir veiðirétti í ánni til 2012.

Mikið hass. 10. júní fundust 150-200 kíló af hassi í húsbíl, sem kom með Norrænu til Seyðisfjarðar. Hollenskur maður, sjötugur að aldri, var eigandi bílsins.

Mótmælafundir. Alla laugardaga frá því í október og fram í desember voru haldnir útifundir á Austurvelli. Þar var krafist afsagnar ríkisstjórnarinnar, yfirmanna fjármálaeftirlits og seðlabankastjóra. Hörður Torfason söngvari boðaði til þessara funda. – Einnig voru haldnir fundir í Iðnó og síðar í Háskólabíói. 24. nóvember var mjög fjölsóttur fundur í Háskólabíói. Þar voru mættir átta ráðherrar og margir þingmenn. Sátu þeir undir hvössum spurningum fundarmanna.

Mótmælendur slá hring um Alþingishúsið.

Norðurlandaráð. 60. þing Norðurlandaráðs var haldið í Helsinki dagana 27.-29. október. Mikið var rætt um kreppuna á Íslandi.

Safngripir heim. Nordiska museet í Stokkhólmi afhenti Þjóðminjasafni í janúar um 800 íslenska gripi, sem verið höfðu lengi í Svíþjóð. Um er að ræða útskurðargripi svo sem kistla, búningaskart og búninga.

Sala á áfengi. Alls seldist áfengi fyrir 17,8 milljarða á árinu 2008, og er þá virðisaukaskattur innifalinn. Í lítrum talið var aukning áfengissölu 4,2%. Sala á hvítvíni óx um 13,4%, brennivínssala um 6,5%, bjórsala um 4,3% og rauðvínssala um 3,8%.

Samráð olíufélaganna. 7. febrúar dæmdi Hæstiréttur olíufélögin til þess að greiða Reykjavíkurborg bætur að upphæð kr. 79 milljónir vegna samráðs við útboð 1996.

Sameining skóla. Hinn 1. júlí sameinuðust Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands undir nafni H.Í. Sama dag voru Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskóli Íslands sameinaðir. Nefnast þeir Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins.

Samkynhneigt par vígt. Erla Björk Pálmadóttir og Katrín Þóra Víðisdóttir voru vígðar í staðfesta samvist 2. júlí. Prestur

var séra Sigurður Grétar Sigurðsson á Hvammstanga, en vígslan fór fram á Melstað í Miðfirði.

Símahleranir. Kjartan Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður, upplýsti í grein í Morgunblaðinu 27. maí að 32 heimili vinstrisinnaðra stjórnmálamanna og verkalýðsforingja hefðu verið hleruð á árunum 1949 til 1968. Kjartan bað um afsökunarbeiðni frá stjórnvöldum, en því var synjað.

Skjöl Bjarna Benediktssonar. Hinn 30. apríl, á 100 ára afmæli Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, voru öll skjöl hans afhent Borgarskjalasafni. Þar eru ræður, greinar, dagbækur, sendibréf o.fl.

Stjórnklefi á leiðinni. Í byrjun maí kom fram að stjórnklefi úr Gullfaxa, fyrstu þotu Íslendinga *(*1967-1985), væri á leiðinni í Flugsafn Íslands á Akureyri. Vélin var tekin í sundur á flugvellinum í Roswell í Nýju-Mexíkó.

Stórasta landið. „Ísland er stórasta land í heimi“, sagði Dorrit Moussaieff forsetafrú í sigurvímu eftir að Íslendingar höfðu tryggt sér silfurverðlaun í handbolta karla á Ólympíuleikunum.

Stór styrkur. Tilkynnt var 10. nóvember að Bernhard Örn Pálsson efnaverkfræðingur hefði fengið 2,4 milljóna evra styrk frá Evrópska rannsóknarráðinu (ERC). Styrkurinn rennur til Háskóla Íslands til þess að koma upp rannsóknarsetri í kerfislíffræði.

Stórtónleikarnir „Náttúra“. Hinn 28. júní hélt Björk Guðmundsdóttir tónleika í þvottalaugabekkunni í Laugardal. Þeir voru helgaðir náttúruvernd. Hljómsveitin Sigur Rós kom einnig fram. Talið var að um 30.000 manns hafi verið í Laugardalnum.

Svartur mánudagur. Hinn 17. mars féll gengi krónunnar um 7,0% og úrvalsvísitalan um 3,5%. Evran fór úr 109 kr. í 118 kr.

Sæti í Öryggisráðinu. Föstudaginn 17. október voru greidd atkvæði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um tvö sæti í Öryggisráðinu. Ísland hafði með stuðningi allra Norðurlandanna sóst eftir öðru þessara sæta. Úrslit atkvæðagreiðslunnar urðu þau að Tyrkir fengu 151 atkvæði, Austurríki 133 og Ísland 87. Íslendingar fengu því ekki sæti í Öryggisráðinu að þessu

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra opnar Vatnajökulsþjóðgarð.

sinni. Talið er að bankahrunið á Íslandi og fregnir af því að Íslendingar ætli ekki að borga skuldir sínar hafi spillt fyrir.

Söngvakeppnin. Í undankeppni um lag Íslands í Eurovision sigraði lagið „*Fullkomið líf*“ eða „This is my life“ eftir Örlyg Smára, en Páll Óskar Hjálmtýsson samdi textann. Lagið fékk um 50.000 atkvæði af um 110.000 sem greidd voru. Flytjendur

Frá aðalfundi Hins íslenska þjóðvinafélags, sem haldinn var í Alþingishúsinu 13. mars. Sturla Böðvarsson forseti Alþingis og Ólafur Ásgeirsson forseti Þjóðvinafélagsins.

voru Friðrik Ómar Hjörleifsson, Regína Ósk Óskarsdóttir og Eurobandið. 22. maí var Ísland meðal 19 þjóða í forkeppni, sem haldin var í Belgrad, og komst áfram. Í úrslitakeppninni 24. maí varð Ísland í 14. sæti. Sigurvegari var Rússinn Dimar Bilan.

Vatnajökulsþjóðgarður. 7. júní var Vatnajökulsþjóðgarður opnaður. Hann er 12.000 km^2 og myndar náttúrufarslega heild, sem á fáa sína líka. Stofnkostnaður er áætlaður 1.150 milljónir króna. Búast má við að landsvæði við Langasjó og Eldgjá bætist við þjóðgarðinn síðar.

Vatnsmýrin. 14. febrúar voru kynntar tillögur að skipulagi í Vatnsmýri í Reykjavík. Fyrstu verðlaun hlutu Skotarnir Stuart Dickson og Graeme Massie. Þeir gera ráð fyrir nýrri tjörn og breiðri íbúðabyggð allt að Skerjafirði.

Verðlaun Ásu Wright. Verðlaun úr sjóði Ásu Wright fékk dr. Einar Stefánsson fyrir augnlækningar. Þetta var fertugasta úthlutunin úr sjóðnum. Dr. Sturla Friðriksson lét af formennsku í stjórn sjóðsins.

Vísað úr landi. Keníumanninum Paul Ramses var vísað

úr landi 3. júlí. Hann hafði óskað eftir hæli sem pólitískur flóttamaður, en hann hafði tekið þátt í kosningabaráttu í Kenía og óttaðist um líf sitt þar vegna þess. Ramses kom til Íslands um Ítalíu og var því sendur þangað. Kona hans og ungur sonur urðu eftir á Íslandi. Mikil mótmæli urðu út af brottflutningnum og varð sú niðurstaða, að dómsmálaráðherra tilkynnti 22. ágúst að mál Ramsesar yrði tekið fyrir aftur vegna nýrra gagna. Hann fékk síðan að koma aftur til Íslands.

Þjóðvinafélagið. Aðalfundur Hins íslenska þjóðvinafélags var haldinn í Alþingishúsinu 13. mars. Fundinn sátu alþingismenn og fundarstjóri var forseti Alþingis. Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður var endurkosinn forseti Þjóðvinafélagsins og aðrir í stjórn: Dr. Jónas Kristjánsson varaforseti, Dr. Guðrún Kvaran, ritari félagsins, Gunnar Stefánsson, ritstjóri Andvara, og Heimir Þorleifsson, höfundur Árbókar Íslands í Almanaki Þjóðvinafélagsins.

Efnisskrá

	Bls.
Almanak um árið 2010, reiknað hefur og búið til prentunar Þorsteinn Sæmundsson	1-96
Árbók Íslands 2008, tekin saman af Heimi Þorleifssyni	97-216